



SKOÐUN Birgir Guðjónsson skrifar um laun lækna í Bretlandi og Bandaríkjunum. **12**



MENNING eru með einar tuttugu og þrjár spennandi sýningar á þessu ári. **22**



LÍFÍÐ „Gömlurnar“ úr Eyjum vilja safna 1,5 milljónum króna. **30**



SPORT Fyrirliði Þýskalands vonar að liðið komi á óvart á HM undir stjórn Dags. **26**

ÓDÝRARI FARGJÖLD
Á WOWAIR.IS



FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur

7. janúar 2015
5. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

MARKAÐURINN



Mikill áhugi á Tulipop

Eigendur Tulipop, þær Helga Árnadóttir og Signý Kolbeinsdóttir, finna fyrir vaxandi áhuga frá leikfanga- og afþreyingargeiranum á að færa ævintýraheim þeirra til lífs.

FRÉTTIR

Formaðurinn hættur Magnús Ragnarsson er hættur sem formaður Þjóðleikhúsráðs. **2**

Hingað og ekki lengra Ekki verður gengið lengra í að hækka lægstu laun, segir Þorsteinn Víglundsson framkvæmdastjóri SA. **4**

Ekki munur Börn sem verða vitni að ofbeldi upplifa þunglyndi og kvíða, eins og þau sem verða fyrir ofbeldinu. **6**



Bolungarvík	0°	SSA 15
Akureyri	2°	S 16
Egilsstaðir	2°	SSV 12
Kirkjubæjarkl.	4°	SSV 10
Reykjavík	5°	SA 12

STREKKINGUR Í dag verða sunnan 10-18 m/s og skúrir eða slydduél S- og V-til en úrkomulaust NA-til. Kólnar smám saman í veðri. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Fólk



Ráðgjafar Orkuveitunnar krafðir um endurgreiðslu

Óvönduð vinnubrögð ráðgjafa leiddu til þess að kostnaður við gufulögn frá Hverahlíð snarhækkaði á stuttum tíma segir Orka náttúrunnar og krafðist endurgreiðslu. Málið er leyst segir framkvæmdastjóri Mannvits.

FJÁRMÁL „Helsta ástæða fyrir hækkun kostnaðaráætlunar eru óvönduð vinnubrögð af hendi ráðgjafa við gerð upphaflegu kostnaðaráætlunarinnar,“ segir í minnisblaði til forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur vegna hækkunar á kostnaði við Hverahlíðarlögn.

Fram kemur í minnisblaðinu að áætlað hafi verið í janúar 2014 að kostnaður við gufulögn frá Hverahlíð til Hellisheiðarvirkjunar yrði rúmir 2,6 milljarðar. Hálfu ári síðar hafi áætlaður kostnaður verið orðinn 639 milljónum króna hærri, eða nærri 3,3 milljarðar.

„Ítrekuð mistök við áætlanagerð í þessu verki eru að mati ON óásættanleg og bera ráðgjafar ábyrgð á þeim, bæði faglega og

fjárhagslega,“ segir í bréfi Páls Erland, framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar (ON), dótturfélags OR, til ráðgjafarfyrirtækisins Mannvits.

„Það tilkynnist hér með,“ heldur Páll áfram, „að ON hefur tekið ákvörðun um að fara fram á að ráðgjafar endurgreiði þann kostnað sem ON hefur þegar greitt fyrir vinnu vegna ófullnægjandi kostnaðaráætlana sem ON fékk frá ráðgjöfum og voru unnar á árunum 2013 og 2014.“

Þá rekur Páll að ráðgjafar hafi við gerð síðustu kostnaðaráætlunar þar á undan sagt hönnunar-kostnað verða um 232 milljónir króna. „Nú nokkrum mánuðum síðar og án þess að stórkostlegar

breytingar hafi orðið á verki er kynnt að ráðgjafar muni krefja ON um 310.832.120 krónur,“ segir framkvæmdastjórinn sem kveður ON eingöngu tilbúið að greiða fyrir aukaverk sem nemi 10 prósentum ofan á kostnaðaráætlun. Það myndi þýða 23 milljóna viðbótargreiðslu í stað um 79 milljóna.

Ekki náðist í Pál í gærkvöld en í bréfinu sem dagsett er 3. nóvember gefur hann lítið fyrir skýringar Mannvits sem þá höfðu borist. „Kemur fram að um mistök sé að ræða sem helst megi skýra með sumarfríi, afleysingum og reynsluleysi starfsmanna ráðgjafa.“

Sigurhjórtur Sigfússon, framkvæmdastjóri Mannvits, segir



„Ítrekuð mistök við áætlanagerð í þessu verki eru að mati ON óásættanleg og bera ráðgjafar ábyrgð á þeim.“

Páll Erland, framkvæmdastjóri Orku náttúrunnar.

málið nú leyst en vill ekki upplýsa í hverju lausnin felst. „Við erum mjög fagleg í því sem við gerum og stöndum fast í því sem við erum að gera.“ -gar



JÓLIN KVÖDD „Þetta var bara rosalega fínt, fengum frábært veður,“ segir Davíð Rúnar Gunnarsson, Þórsari á Akureyri. Hann tók þátt í að skipuleggja þrettándagleið sem fram fór í gær. Skemmtunin markaði um leið upphaf hundrað ára afmælis félagsins. „Það er mjög góð stemning fyrir 100 ára afmælinu, það er alveg greinilegt,“ segir Davíð Rúnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN NIELSSON

Nýr landlæknir segist aldrei hafa staðið frammi fyrir jafn miklum vanda:

Sex erfiðir dagar í embætti

HEILBRIGÐISMÁL „Ég hef aldrei á mínum langa ferli staðið frammi fyrir aðstæðum eins og þessum. Ég taldi heldur ekki að ég myndi gera það en nú er bara að reyna að komast í höfn með þetta,“ segir Birgir Jakobsson, nýr landlæknir Íslendinga sem hefur verið sex daga í embætti á krísutíma í íslensku samfélagi.

Staða sjúklinga þessa dagana er Birgi mikið umhugsunarefni. Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eiga Íslendingar að eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að

veita. „Þetta er ófremdarastand sem verður að ganga yfir. Það verður að leysa þessa deilu,“ segir Birgir. Þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi sátu samninganefnd Læknafélags Íslands og ríkis enn við samninga án niðurstöðu.

Birgir segir Íslendinga ekki eiga að þurfa að búa við það óöryggi sem nú ríkir en hann ætli ekki að beita sér í deilu lækna með öðrum hætti en þeim að fylgjast með afleiðingum verkfallsaðgerða og að öryggi sjúklinga sé tryggt.

- kbg / sjá bls 8



„Þetta er ófremdarastand sem verður að ganga yfir. Það verður að leysa þessa deilu.“

Birgir Jakobsson, landlæknir.

Ásgeir Trausti á ferð og flugi: Í Óperuhúsi Sydney í kvöld

TÓNLIST Ásgeir Trausti hefur verið á tónleikaferð um Ástralíu síðan í desember. Í kvöld spilar hann tvívegis í hinu heimsfræga Óperuhúsi í Sydney. Uppselt varð á fyrri tónleikana og því var ákveðið að bæta öðrum við. Með Ásgeiri og hljómsveit hans á sviðinu verða sjö meðlimir úr Sinfóníuhljómsveit Sydney, eða þrír blásarar og fjórir strengjaleikarar.

Á morgun lýkur síðan ferðalaginu með gíggi í Melbourne. Þrennir tónleikar eru svo fram undan í Japan og að þeim loknum fer Ásgeir í langa tónleikaferð um Bandaríkin.

- fb / sjá bls 24



ÁSGEIR TRAUSTI

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

OPÍÐ 24 TÍMA

Iceland

Q10 plus

NIVEA

Q10 plus

SPURNING DAGSINS



Arni, er þetta framtíðarstarf?

„Já, enda er ég ungur maður með bjarta framtíð.“

Arni Múli Jónasson hefur verið ráðinn pólitískur ráðgjafi þingflokks Bjartrar framtíðar og aðstoðarmaður formanns flokksins. Arni hefur víða starfað, meðal annars verið bæjarstjóri á Akranesi og fiskistofustjóri.

Tillaga þess efnis að draga til baka umsókn Íslands í ESB verður lögð fram öðru sinni á komandi þingi: Fleiri stjórnarþingmenn vilja slíta viðræðum

ALÞINGI Flestir þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem Fréttablaðið náði tali af í gær töldu afar líklegt að þeir myndu styðja tillögu um að afturkalla umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Hins vegar eru skiptar skoðanir um málið meðal þingmannanna.

Þrjú þingmenn flokksins sem Fréttablaðið náði tali af í gær voru ekki fylgjandi tillögu utanríkisráðherra og töldu hana ekki koma á réttum tímapunkti.

Tillaga til þingsályktunar þess

efnis að draga til baka umsókn um aðild Íslands að Evrópusambandinu verður að öllum líkindum lögð fram á vorþingi.

Tillagan er á þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar fyrir yfirstandandi vetur og hefur forsætisráðherra sagt að tillagan komi til efnislegrar meðferðar Alþingis.

Líklegt þykir að allir þingmenn Framsóknarflokksins séu hlyntir tillögu utanríkisráðherra um viðræðuslit.

Í stjórnarsáttmála Framsóknar-

flokks og Sjálfstæðisflokks segir að gerð verði skýrsla um aðildarviðræður, sem gefin var út í október 2013, og að ekki verði haldið áfram aðildarviðræðum við Evrópusambandið nema að undanþingningi þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ekkí náðist í Ragnheiði Ríkharðsdóttur sem lengi hefur verið hlynt því að aðildarviðræðum við Evrópusambandið verði lokið með samningi og hann borinn undir þjóðina.



UTANRÍKISRÁÐHERRA Gunnar Bragi Sveinsson er með áform um að leggja fram þingsályktun um afturköllun ESB-tillögunnar.

- 5a

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETER



AFHENDING Peir Páll Magnússon og Þorsteinn Gunnarsson afhentu verðlaunin.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hlaut Fréttapírámíða fyrir fréttaflokkning af landsbyggðinni:

Eyjafréttir heiðra Kristján Mára

SAMFÉLAGSMÁL Kristján Már Unnarsson, fréttamaður Stöðvar 2, hefur hlotið Fréttapírámíða Eyjafréttar fyrir fréttir sínar af landsbyggðinni. „Ég er auðvitað þakklátur fyrir þennan heiður sem Eyjamenn sýna mér. En um leið er þetta viðurkenning fyrir þá rækt sem 365 miðlar vilja sýna allri landsbyggðinni,“ segir Kristján Már.

- jõe

Bensínfélögin lækkuðu verð:

Bensínið undir 200 krónum

VERSLUN Olúfélögin lækkuðu öll verð á bensíni í gær. Verðið á bensínlítranum nú komið niður fyrir 200 krónum, alls staðar nema hjá Skeljungum þar sem það er 203,9. Þess ber þó að geta að Skeljungur selur V Power-bensín sem er ástæða verðmunarins.

Ástæða verðlækkunarinnar er hins vegar lækkun heimsmarkaðsverðs á olíu.

Hugi Hreiðarsson hjá Atlantsolíu er sannfærður um að verðlækkunin muni skipta miklu máli fyrir fjölskyldurnar. Undir það tekur Jón Ólafur Halldórsson, forstjóri Olís. „Stefna okkar er að bjóða alltaf upp á eldsneyti á góðu verði,“ segir Jón Ólafur.

- jhh

David Cameron var um sig:

Tjáir sig ekki um ásakanirnar

BRETLAND David Cameron, forsætisráðherra Breta, vill ekki tjá sig um ásakanir á hendur Andrési prins. Andrés er grunaður um að hafa nauðgað unglingsstúlku fyrir nokkrum árum. „Ég ætla ekki að tjá mig um það. Prinsinn hefur skýrt málið frá sinni hendi og við það situr,“ sagði Cameron þegar hann var spurður um málið í útvarpsviðtali.

Viðbrögð ráðherrans þykja mjög ólík því þegar vinur hans, Jeffrey Epstein, var dæmdur fyrir kynferðisbrot árið 2011. Epstein var viðskiptasendifulltrúi fyrir Breta og Cameron sagðist styðja hann í því hlutverki.

- jhh

Hættir vegna óánægju innan stjórnar Símanns

Magnús Ragnarsson hefur látið af störfum formanns Þjóðleikhúsráðs. Hann var skipaður í stöðuna 21. nóvember síðastliðinn. Skipa á eftirmann á næstu dögum. Skilaboð úr stjórn Símanns um að yfirmenn þar einbeiti sér að skráningarvinnu.

VIÐSKIPTI Óánægja innan stjórnar Símanns varð til þess að Magnús Ragnarsson, framkvæmdastjóri vöru- og markaðssetningar hjá Símanum, sem einnig er fyrrverandi aðstoðarmaður Illuga Gunnarssonar, mennta- og menningarmálaráðherra, hefur látið af störfum sem formaður Þjóðleikhúsráðs, eftir sex vikur í starfi.

Á mánudag birtist tilkynning á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins um að ráðherra hefði orðið við ósk Magnúsar um að leysa hann frá störfum í Þjóðleikhúsinu, þar sem hann gæti af persónulegum ástæðum ekki sinnt starfinu. Nýjan formann á að skipa á næstu dögum.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins vissu stjórnarmenn Símanns ekki af formannsskipan Magnúsar fyrr en tilkynnt var um hana á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins 21. nóvember síðastliðinn.

Innan stjórnarinnar var þeim sjónarmiðum haldið á lofti að á meðan stefnt væri að skráningu félagsins á markað væri ekki ráðrúm til þess að starfsmenn dreifðu kröftum sínum víðar með stjórnarsetum eða víðlíka störfum. Þá væri ekki við hæfi að starfsmenn settu sig í þá stöðu að nafn Símanns gæti mögulega dregist inn í deilur um mál óskyld féluginu.

Í samtali við blaðamann Fréttablaðsins um miðjan desember, sem pata hafði af þróun mála, sagðist Magnús ekki ætla að hætta sem formaður Þjóðleikhúsráðs, þótt staða hans hefði komið til tals innan Símanns. Hann gerði ráð fyrir að geta í sátt og samlyndi sinnt báðum störfum.



SAMSETT MYND Magnús Ragnarsson, fyrrverandi aðstoðarmaður menntamálaráðherra, hefur látið af starfi formanns Þjóðleikhúsráðs eftir aðeins sex vikur í starfi.

„Ég vonaðist til þess í bjartsýni minni að þetta gæti gengið,“ segir Magnús. Þá hafi hins vegar þegar verið hafið samtal um stöðuna milli hans og einstakra stjórnarmanna. „Spurningar vöknudu um hvort heppilegt væri að framkvæmdastjórn væru að bæta á sig verkefnum í ljósi þess að við værum að fara á markað á næsta ári og mikið álag á mannskapnum,“ segir hann.

Niðurstaðan hafi svo verið samþinginnleg ákvörðun hans og stjórnarmanna um að heppilegast væri að vera ekki í aukaverkefnum í bili. Verkefni númer eitt væri að fara með störfyrirtæki á markað. Uppsagnarbréf sendi Magnús svo ráðherra milli jóla og nýárs. „Ég sagði í

„Ég vildi undir engum kringumstæðum lenda í þeirri stöðu að geta ekki gegnt þessu embætti af einurð og festu.“

Magnús Ragnarsson, fyrrverandi formaður Þjóðleikhúsráðs.

umsögn til ráðherra og bréfi sem ég skrifaði Þjóðleikhúsráði að ég vildi undir engum kringumstæðum lenda í þeirri stöðu að geta ekki gegnt þessu embætti af einurð og festu. Verst væri fyrir alla ef maður væri að gera eitthvað með hálfu afli.“

olikr@frettabladid.is



TENNIS

er skemmtileg hreyfing

● Nú er rétti tíminn til að panta fastan tíma í tennis.

● Eigum nokkra tíma lausa.

● Skemmtilegu byrjendanámskeiðin fyrir fullorðna eru að hefjast.



Skráning og upplýsingar í síma 564 4030 eða á tennishollin.is

Asbestmál Íslenska gámafélagsins í nóvember komið til saksóknara:

Skýrt brot á starfsleyfi félagsins

AKUREYRI Rannsókn á því þegar starfsmaður Íslenska gámafélagsins urðaði asbest á starfsvæði fyrirtækisins er lokið og hefur verið sent til saksóknara sem tekur ákvörðun um hvort kæra skuli fyrir athæfið.

Heilbrigðisnefnd Eyjafjarðar telur meðferð fyrirtækisins á spilliefninu asbesti brot á starfsleyfi fyrirtækisins.

„Meðferð Íslenska gámafélagsins ehf. á spilliefninum, það er móttaka, flutningur og förgun á asbesti frá Ólafsfirði í ágústmánuði síðastliðnum, er skýrt brot á starfsleyfisskilyrðum fyrirtækisins. Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra gerir þá kröfu að Íslenska gámafélagið fái aðila með tilskilin leyfi til að sjá um flutning úrgangans á viðurkenndan urðunarstað fyrir árslok 2014,“ segir í bókun heilbrigðisnefndarinnar.

Jón Þór Frantzson, forstjóri ÍG, segir að fyrirtækið sjálf hafi ekki verið rannsakað heldur aðeins starfsmaðurinn sem slíkur. Fyrirtækið hafi yfirfarið verkferla sína alls staðar á landinu til að fyrirbyggja að slíkt gerist aftur.



ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ Heilbrigðisnefnd Eyjafjarðar telur ÍG hafa brotið gegn starfsleyfisskilyrðum.

- 5a

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

DREGIÐ Á MORGUN!

Viltu



vinna íbúð?

Við drögum út 30 milljóna króna íbúð
að eigin vali 8. janúar.

- ▶ **90 milljónir í skattfrjálsum vinningum í janúar**
 - íbúð að eigin vali að verðmæti 30 milljónir króna á tvöfaldan miða eða 30 milljónir í peningum
 - 15 milljónir á einfaldan miða

Drögum út 47 þúsund vinninga á happdrættisárinu.
Heildarverðmæti vinninga á mánuði allt að 107 milljónir!

Miðaverð 1.300 kr. á mánuði fyrir einfaldan miða
og 2.600 fyrir tvöfaldan miða.

Kauptu miða á www.das.is
eða í síma 561 7757.



Fylgstu með okkur á Facebook

DREGIÐ Í HVERRI VIKU!

SVONA ERUM VIÐ



2.954 börn fæddust mæðrum utan hjónabands árið 2013.

Börn mæðra í hjónabandi voru hins vegar 1.372 á því ári.

Matvælastofnun segir rangt hjá bæjarstjóra Ísafjarðar að stofnunin hafi innkallað kjöt frá Engidal: Sláturleyfishafar innkölluðu kjötið sjálfir

UMHVERFISMÁL „Samkvæmt gögnum hjá Matvælastofnun tóku sláturleyfishafar sjálfir ákvörðun um að innkalla kjöt af gripum af þessu svæði í varúðarskyni,“ segir Kjartan Hreinsson, dýralæknir hjá Matvælastofnun, um fullyrðingar Gísla Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra á Ísafirði, varðandi díoxínmengun í búpeningi í Engidal fyrir um fjórum árum.

„Ástæða þess að slátra þurfti búpeningi í Engidal var bannið sem MAST hafði sett á kjötið og

uppnámið sem MAST olli með því að innkalla íslenskt lambakjöt frá Evrópu,“ sagði Gísli í Fréttablaðinu í gær.

„Matvælastofnun setti dreifingarbann á afurðir frá svæðinu meðan unnið var að rannsókn málsins. Þegar niðurstöður sérfræðihópsins lágu fyrir tóku bændurnir sjálfir ákvörðun um að slátra búfénu,“ segir Kjartan. Matvælastofnun beri skylda til að upplýsa og tilkynna um varasöm matvæli á markaði. „Einnig í varúðarskyni ef

grunur er um að matvæli uppfylli ekki skilyrði matvælaeðglerða og séu ekki örugg til neyslu.“

Þá gerir Kjartan athugasemd við orð Gísla um að dönsk rannsókn hafi ekki sýnt díoxín yfir viðmiðunarmörkum úr sýnum úr Engidal. Vísar Kjartan í skýrslu sérfræðingahóps. Þar segir meðal annars að sýni bendi „sterklega til þess að að mjólkurafurðir og nautgripir frá Efri-Engidal eigi ekki að fara á markað og hafi ekki átt að fara á markað“.



BITBEIN Enn er deilt vegna magns díoxíns í kjöti úr Engidal við Skutulsfjörð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



PRETTÁNDI Frá þrettándaglegi við Ægisíðu fyrir ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Brennum í borginni frestað: Veður seinkar þrettándaglegi

SKEMMTUN Þrettándabrennum höfuðborgarsvæðisins, sem fara áttu fram í gær, var frestað sökum veðurs. Hvasst var í Reykjavík í gær og tóku aðstandendur því þessa ákvörðun.

Athöfn Vesturbæinga mun hefjast klukkan 18.00 þann 9. janúar við KR-heimilið.

Brennur íbúa Grafarvogs og Grafarholts fara fram degi síðar. Grafarvogsbúar munu hittast við Hlöðuna klukkan 17.15 og þaðan mun fólk ganga fylktu liði að brennustæðinu við Gufunesbæinn. Í Grafarholti hefjast herlegheitin klukkan 18.00 við Guðríðarkirkju. -j66

Navalní mótmælir enn: Skar í sundur ökklabandið

RÚSSLAND Rússneski stjórnarandstæðingurinn Alexei Navalni skar á mánudag í sundur ökklaband, sem sett var á hann til að fylgjast með ferðum hans.

Honum var skipað í stofufangelsi heima hjá sér þrátt fyrir að fangelsisdómur í desember hafi verið skilorðsbundinn.

Navalní hefur verið einn helsti gagnrýnandi Vladímírs Pútín Rússlandsforseta, og segir málaferlin gegn sér eingöngu til þess ætluð að refsa honum fyrir gagnrýnina. -gb

Áherslan nú á kaupmátt allra

Ekki verður lengra gengið í að hækka lægstu laun, að sögn SA. Þau hafi hækkað umfram önnur síðustu ár. Flóknir kjarasamningar fram undan án samræmdrar kröfu frá ASÍ. Svigrúm sé til 3 til 4 prósent hækkingar.

EFNAHAGSMÁL „Mjög mikilvægt er að okkur takist að verja þann stöðugleika sem náðst hefur,“ segir Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (SA). Samtökin kynntu á blaðamannafundi í gær sýna sína á stöðu efnahagsmála.

Stöðugleika efnahagslífsins síðustu misseri segir Þorsteinn nokkuð sem landsmenn hafi ekki átt við að búa undanfarna tvo áratugi eða svo. Hagvöxtur hafi verið með ágætum frá 2011, verðbólga lækkanði og mjög lág á síðasta ári, jöfnuði náð í ríkisfjármálum, auk þess sem dregið hafi úr atvinnuleysi og gengi krónunnar verið stöðugra síðustu fjögur ár en um „alllangt skeið“ þar á undan.

„Það er mjög mikilvægt að okkur takist að verja þennan stöðugleika,“ segir Þorsteinn, en í kynningu SA eru allar forsendur sagðar fyrir því að árið geti orðið farsælt og að einstakt tækifæri sé til að bæta lífsskjör landsmanna á grundvelli nýfengins stöðugleika. Ein forsenda þess sé þó að launahækkunar í komandi kjarasamningum verði ekki umfram það sem framleiðni í landinu standi undir. Framleiðni-aukning hafi hins vegar verið ónóg síðustu ár, eða um eitt prósent á ári, og hámarkssvigrúm til launahækkana í heild því 3,5 til 4,0 prósent. Hækkunar umfram það með miklum sveiflum í kaupmætti séu ávísun á verðbólgu sem að lokum leiði til falls krónunnar.

„Í aðdraganda samninganna er mikil ólga, mun meiri en á síðasta ári og þrátt fyrir fimm prósent kaupmáttaraukningu á árinu sem var að líða eru uppi kröfur um stórkostlegar launa-leiðréttingar sem erfitt er að skilja hvað liggur að baki.“

Þorsteinn telur viðbúð að veturinn verði snúinn en ekki sé sjálfgefið að koma þurfi til harðra átaka. Leiðin til árangurs sé að ná saman milli almenna vinnumarkaðarins og þess opinbera um vinnubrögðin sem styðjast eigi við til lengri tíma liðið. „Við verðum að brjótast út úr þessari hringekju sem við höfum verið í þar sem ekki er sátt og nægilegt samráð milli aðila á vinnumarkaði og við upplifun þróunar eins og varð á síðasta ári þar sem stór hluti opinbera vinnumarkaðarins sleit sig frá samræmdri launaþróun og olli þeirri ólgu sem við sjáum nú.“

Þá segir Þorsteinn flækja komandi viðræður að engin samræmd lína sé frá Alþýðusambandinu heldur komi hvert verkalýðsfélag



ÞORSTEINN VÍGLUNDSSON Samtök atvinnulífsins (SA) kynntu í gær verkefni fram undan auk „flugdávísitölu“ þar sem kom fram að fylgni er á milli hagvaxtar og innflutnings skotelda. Í fyrra voru flutt inn 1,5 kló á mann, aðeins meira en 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kröfur úr takti við verðmætasköpun

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri SA, segir áratugareynslu á íslenskum vinnumarkaði sýna að sátt verði aldrei um misskiptingu þar sem einstakir hópar eða atvinnugreinar fái launahækkunar umfram aðra. „Það verður þá alltaf grunnurinn að kröfum annarra,“ segir hann. Kröfur lækna nú séu svo aftur úr öllu sambengi við verðmætasköpun í þjóðfélaginu. „Þarna er hópur sem vill leiðrétta alþjóðlega samkeppnisstöðu sína í einu stökki og ef það á að ganga eftir, eins og flest virðist benda til, þá mun reyna á hvort sátt sé um það í samfélaginu að þeir verði teknir fram fyrir með þessum hætti.“ Sá tónn hafi verið áberandi umræðunni.

fram með sína kröfugerð. „Það gerir það að verkum að fram undan eru mjög snúnar og flóknar viðræður.“

Í komandi samningum segir Þorsteinn tímaþætt að horfa til þess að auka kaupmátt allra, lægstu launin hafi síðustu ár hækkað langt umfram meðaltekjuhækkun og samfelld áttak til hækkingar á þeim undanfarin átta ár.

„Ljóst er að ekki verður gengið lengra í hækking lægstu launa,“ segir Þorsteinn og bendir á að ummi sé krafa allra hópa, ekki síst lækna, um utalsverðar hækkanir. Kröfugerðin í þá veru beri þess merki að ekki sé lengur sátt um áherslu á hækking launa. „Ég held að verkefnið næstu misserin sé fyrst og fremst að auka kaupmátt allra launa.“ olikr@frettabladid.is

Nýjar vélar á nýju ári

JANÚAR TILBOÐ


advania.is/vinnufelagar

Hafðu samband í síma **440 9010** eða í tölvupósti á sala@advania.is

advania Welcome to IT

* Tilboð gilda til 31.01.2015 eða á meðan birgðir endast.

Veðurspá



KÓLNAR Í VEDRI Áfram víða strekkingur á landinu í dag og sums staðar hvasviðri syðra og skúrir eða él sunnan og vestan til. Suðvestanátt með eljum og kólnandi vedri til morguns og má búast við hörkufrosti um helgina.

AUGLÝSINGAÐEILDIR FRÉTTABLAÐSINS - AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorlákadóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einaradóttir vera@365.is **RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **PIJÓNSTUAAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



ZOOM-ZOOM

MAZDA3

MARGVERÐLAUNUÐ SKYACTIV SPARTÆKNIN

LÆKKAR EYÐSLU OG MINNKAR MENGUN



**MAZDA Á ÍSLANDI HEFUR
LÆKKAD VERÐ Á ÖLLUM
NÝJUM BÍLUM**

VERÐ FRÁ 3.140.000 KR.

Margverðlaunuð SKYACTIV spartæknin hefur veitt Mazda sérstöðu á markaðnum. Með þessari byltingarkenndu tækni hefur Mazda náð fádæma árangri til lækkunar eyðslu án þess að fórna afli né viðbragði – enda er akstursánægja eitt aðalsmerki Mazda. Að auki er bíllinn smíðaður í anda KODO hönnunarinnar sem gælir svo sannarlega við augað.

MAZDA. DEFY CONVENTION.

**KOMDU Í
REYNSLUAKSTUR**

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | mazda.is

Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



VEISTU SVARID?



1. Hvað heitir nýr forstjóri Norræna hússins?
2. Hvað hafa margir Sýrlendingar flúið til Líbanons á síðustu misserum?
3. Í hvaða íslenska fyrirtæki á danski fjárfestirinn Lars Grundtvig hlut?

SVÖR:

1. Mikkel Harder. 2. 1,5 milljónir. 3. Marel.

Sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps vonar að Vopnfiskur geti unnið byggðakvótann í heimabyggð:
Fagnar því ef vinnsla hefst á Vopnafirði

SJÁVARÚTVEGUR Ólafur Áki Ragnarsson, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps, fagnar því ef forsvarsmenn Vopnfisks ehf. telja sig geta unnið úthlutaðan byggðakvóta sveitarfélagsins í heimabyggð á yfirstandandi fiskveiðiári. Vonar hann að útgerðaraðilar og Vopnfiskur nái saman svo vinnsla geti hafist sem fyrst.

„Við höfum margoft í haust boðið forsvarsmönnum Vopnfisks austur til viðtals við okkur en það ekki gengið. Við gátum

því ekki beðið lengur og óskuðum eftir undanþágu frá vinnsluskilyldu byggðakvóta. Það er hins vegar keppikefli okkar að vinnsla hefjist í heimabyggð því það eykur bæði fjölbreytni starfa í byggðarlaginu og einnig auðveldar það útgerðaraðilum að sækja fiskinn. Nú er bara vonandi að menn komi sér saman,“ segir Ólafur Áki.

Forsvarsmenn Vopnfisks hafa lagt inn til atvinnuvegaráðuneytisins greinargerð þar sem þeir gagnrýna ósk Vopnafjarðarhrepps

um undanþágu á vinnsluskilyldu byggðakvóta.

„Það er ekki við okkur að sakast í sveitarstjórninni. Við höfum óskað eftir samræðum við fyrirtækið og ekki fengið í haust. Nú vonum við bara að útgerðaraðilar og vinnslan semji um verð. Það þarf að veita þennan byggðakvóta sem okkur hefur verið úthlutað og því mikilvægt að vinnsla geti þá hafist sem allra fyrst í byggðarlaginu,“ segir Ólafur Áki, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps. -sa



SVEITARSTJÓRINN Ólafur Áki Ragnarsson segist hafa margoft boðið forsvarsmönnum Vopnfisks til viðtals.

Fræðslukvöld

Anna Valdimarsdóttir sálfræðingur fjallar um áföll, mótlæti og lífsþroska út frá sjónarhóli jákvæðrar sálarfræði á fræðslukvöldi Nýrrar dögunar fimmtud. 8. janúar kl. 20:00 í safnaðarheimili Háteigskirkju.

Kaffiveitingar og allir velkomnir.



NÝ DÖGUN
Samtök um sorg og sorgarviðbrögð

www.nydogun.is • www.sorg.is • sorg@sorg.is



UPPLIFA PUNGLYNDI OG KVÍÐA

Börn sem verða fyrir ofbeldi eða verða vitni að því á heimili sínu upplifa meiri sálfélagslegan vanda en börn sem hafa ekki orðið fyrir ofbeldi.

NORDICPHOTOS/GETTY

Sömu einkennin hjá vitnum og þolendum

Ekki er marktækur munur á einkennum kvíða og þunglyndis milli barna sem hafa orðið vitni að ofbeldi og barna sem hafa sjálf orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á heimili sínu. 10-13% íslenskra barna búa við þennan veruleika.

OFBELDI Börn sem verða vitni að líkamlegu ofbeldi á heimili sínu sýna sömu einkenni kvíða og þunglyndis og börn sem sjálf hafa orðið fyrir ofbeldi. Þetta kemur fram í rannsókn í sálfræði eftir Lucindu Árnadóttur. Rannsóknin var hluti af meistarafráttu hennar. Niðurstöður hennar voru kynntar á ráðstefnu á vegum Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands sem fram fór í gær og fyrradag.

„Þessi börn sem tóku þátt í rannsókninni sýndu margvíslega sameiginlega þætti og fjöldi erlendra rannsókna hefur greint sem áhættuþætti ofbeldis gegn börnum,“ segir Lucinda.

Niðurstöðurnar voru unnar upp úr gögnum sem safnað var meðal barna sem sóttu hópmeðferð sem starfrækt var á vegum Barnaverndarstofu. Börnin sem voru í meðferðinni höfðu annaðhvort orðið fyrir heimilisofbeldi eða orðið vitni að því. Samkvæmt niðurstöðunum voru einkenni kvíða og þunglyndis mun algengari en hjá börnum sem höfðu ekki búið við ofbeldi á heimili auk þess sem þau sýndu ýmsan félagslegan vanda.

Ekki hefur áður verið gerð rannsókn hérlandis á því hvaða áhrif það hefur á börn að verða vitni að ofbeldi á heimilinu. „Margir telja að ef barnið sjái ekki ofbeldið með berum augum þá viti það ekkert af því og þar af leiðandi hafi það engin áhrif á barnið, því að ofbeldinu er ekki beint gegn því. Börn geta orðið vitni að ofbeldinu með öðrum hætti. Þau geta heyrt rifrildi, óskur eða brothljóð. Svo skynja þau þetta óáþreifanlega andrúmsloft sem ofbeldið skapar. Þau geta líka séð afleiðingar ofbeldis eins og marbletti á múður eða aðra alvarlega áverka.“

Lucinda telur mikilvægt að skima sé fyrir sálfélagslegum vanda þeirra barna sem hafa lent í þessum aðstæðum. „Erlendar rannsóknir sýna að geðrænn vandi barna spáir fyrir um geðrænan vanda á fullorðinsárum. Þess vegna viljum við alltaf koma í veg fyrir að börn þrói með sér sálfélagslegan vanda eins og kvíða og þunglyndi. Það er mikilvægt að þeir aðilar sem koma að þessum hópi barna skimi fyrir einkennum.“

Hún segir tvær stórar rannsókn-



„Margir telja að ef barnið sjái ekki ofbeldið með berum augum þá viti það ekkert af því og þar af leiðandi hafi það engin áhrif á barnið, því að ofbeldinu er ekki beint gegn því.“

Lucinda Árnadóttir, sálfræðinemi.

ir sýna að allt að 10-13% íslenskra barna hafi annaðhvort verið beitt ofbeldi eða orðið vitni að því á heimili sínu fyrir 18 ára aldur. „Niðurstöður mínar eru í samræmi við niðurstöður annarra erlendra rannsókna. Þær undirstrika alvarleg áhrif heimilisofbeldis á börn á Íslandi sem við það búa, hvort sem því er beint gegn þeim sjálfum eða öðrum á heimilinu.“

viktorija@frettabladid.is

Vatnaflutningar úr Háslóni í Lagarfljót hafa takmörkuð áhrif á gæsastofna:


Kárahnjúkar fækka ekki gæsum

UMHVERFISMÁL Landsvirkjun segir að lítil breyting hafi orðið á fjölda grágæsa í varpi og á fellistöðum á Héraði eftir að vatni var veitt úr Háslóni Kárahnjúkavirkjunar yfir í Lagarfljót frá árinu 2007.

Að því er segir í skýrslu frá Landsvirkjun voru grágæsir taldar af landi og úr lofti árin 2005 og 2013. Einnig var stuðst við óbirtar rannsóknir höfundar skýrslunnar, Halldórs Walters Stefánssonar, á fjölda gæsa í varpi og á fellistöð-

um á Héraði. Alls hafi 7.726 grágæsir sést árið 2005 en 8.750 grágæsir árið 2013.

„Hin síðari ár hefur grágæsavarp á Héraði þó dregist nokkuð saman en sams konar þróun má sjá utan jökulvatna. Niðurstöðurnar benda því til þess að vatnaflutningarnir hafi haft takmörkuð áhrif á tegundina. Ekki er talin þörf á að fylgjast lengur með grágæsum í tengslum við Kárahnjúkavirkjun,“ segir í skýrslunni. -gar



GRÁGÆS Árið 2005 voru 7.726 grágæsir taldar á Héraði og 8.750 gæsir árið 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Lyfjaauglýsing



20%
AFSLÁTTUR

Allar stærðir og styrkleikar
Gildir til 31. Janúar

Apótekarinn+
- lægra verð

ÍSTEX
ÍSLENSKUR TEXTÍLIGNAÐUR HF.

**Aðalfundur ÍSTEX hf. verður haldinn
fimmtudaginn 15. janúar 2015, kl. 15:00
í húsnæði félagsins í Mosfellsbæ.**

Dagskrá

1. Almenn aðalfundarstörf samkvæmt 15. grein samþykka félagsins.
2. Breytingar á samþykktum félagsins:
a – Breyting á 5. grein: Lögð eru til skýrari ákvæði um lækkun hlutfjár.
b – Breyting á 13. grein: Lagt er til að fellt sé út úr samþykktum að lögmaeti aðalfundar sé háð því að mætt sé fyrir ákveðinn hluta hlutfjár.
3. Tillaga stjórnar um heimild til lækunnar hlutfjár.
4. Önnur mál, löglega upp borin.

Ársreikningur félagsins, tillögur að breytingum samþykka og tillaga um heimild til lækunnar hlutfjár munu liggja frammi á skrifstofu félagsins í Mosfellsbæ viku fyrir aðalfund hluthöfum til sýnis.

Aðgöngumiðar og fundargögn verða afhent á skrifstofu félagsins að Völuteig 6 í Mosfellsbæ, á fundardag.

Mosfellsbæ 6. janúar 2015.
Stjórn ÍSTEX hf.

HÖFUM OPNAÐ FYRIR
SKRÁNINGAR Á VORÖNN

BÍÐUR NÝR FRAMI EFTIR ÞÉR?

Exchange

Windows Server 2012

NÁMSKYNNING OG RÁÐGJÖF MIÐVIKUDAGINN 21. JANÚAR KL. 17.30

PROMENNT

Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

„Aldrei hefur verið meiri eftirspurn eftir tækniþenntuðu fólki. Því er spáð að tækniþenntað fólk muni í auknum mæli verða valið umfram aðra sem eru ekki tækniþenntaðir. Nám Promennt á þessu sviði er mikilvægur hlekkur í þessari þróun og ég sé aukna eftirspurn meðal samstarfsaðila og viðskiptavina Microsoft eftir tækniþenntuðu fólki, meðal annars frá Promennt.“

Heimir Fannar Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi.

www.promennt.is

FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN

Stígðu þín fyrstu skref í tækniheiminum! Geysilega öflug námsbraut í kerfisstjórnun, aðeins í boði hjá Promennt. Framabraut – Kerfisstjórnun er unnin í samstarfi við Microsoft og var námsbrautin sett upp í samvinnu við mörg af stærstu upplýsingatæknifyrirtækjum á Íslandi með þarfir þeirra í huga.

► AF HVERJU FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN?

Mikil eftirspurn er eftir fólki með sérfræðimenntun og sérfræðipækkingu í upplýsingatækni um þessar mundir og leita íslensk fyrirtæki í sívaxandi mæli eftir starfsfólki í nemendahópi Promennt. Til þess að gera fólki kleift að kynna þessum spennandi markaði bjóðum við upp á geysilega öfluga tveggja anna námsbraut í kerfisstjórnun sem samanstendur af 7 námseiningum (alls 520 kennslustundir). Með þessu námi er hægt að byrja alveg á byrjuninni og byggja upp góða undirstöðu og grunn fyrir mjög kröfuharðar námseiningar sem á eftir koma. Að loknu námi á Framabraut – Kerfisstjórnun eiga nemendur möguleika á að öðlast 7 alþjóðlegar prófgráður sem er sérlega mikilvægt að hafa í fartaskinu þegar sækja á um vinnu í upplýsingatæknigeiranum.

► FYRIR HVERJA?

Um er að ræða mjög gagnlega og áhugaverða námsbraut sem gerir miklar kröfur til nemenda. Þetta nám hentar þeim sem hafa áhuga á að ná frama á upplýsingatækni sviði með kerfisstjórnun sem aðalgrein. Námið er því upplagt fyrir byrjendur í upplýsingatækni þar sem hvorki er krafist reynslu né annarrar menntunar á sviði upplýsingatækni.

► FJÁRMÖGNUN

Ýmsar leiðir eru í boði til fjármögnunar á námsbrautinni (m.a. raðgreiðslur, styrkir frá stéttarfélagum, styrkir fyrir atvinnuleitendur o.fl.). Við hvetjum alla sem hafa áhuga að hafa samband við okkur og við aðstoðum hvern fyrir sig við að finna bestu fjármögnunarleiðina.

„Þessi námsbraut lítur virkilega vel út. Hún tekur á nær öllum þáttum daglegs starfs kerfisstjóra hjá miðlungsstóru fyrirtæki og upp úr. Ég man ekki eftir að hafa séð svona heildstætt og markvisst kerfisstjóranám áður. Þetta nám er hvern krónu virði fyrir þá sem vilja verða góðir IT kerfisstjórar og þeir sem taka prófin eru komnir með menntun og hæfni sem er alþjóðlega viðurkennd.“

Bergþór Hauksson, Segment product owner in production hjá CCP og fyrrum forstöðumaður upplýsingatækni svæðis hjá Sjóvá.

Skráning fer fram á vefnum okkar, www.promennt.is, og þar má einnig finna allar nánari upplýsingar.

► VIÐFANGSEFNI NÁMSBRAUTARINNAR

Undirbúningur: Námstækni með MindManager 12 std.

1. hluti: Tölvuviðgerðir A+ 50 std.

2. hluti: Network+ 50 std.

3. hluti: CCNA (Cisco Certified Network Associate) 126 std.

4. hluti: Virtualization 10 std.

5. hluti: MCSA 180 std.

6. hluti: Exchange 2013 50 std.

7. hluti: Verkefnadagur/lokaverkefni seinni annar 42 std.

Hefst: 26. jan. (síðdegishópur) og 27. jan. (kvöldhópur) 2015

Lýkur: 22. jan. 2016

Námskynning og ráðgjöf: miðvikudaginn 21. janúar kl. 17.30

Verð án prófa: 799.000 kr.

Verð með 8 alþjóðlegum prófum: 999.000 kr.

„Þegar ég lauk náminu fékk ég strax vinnu. Námið var gífullega skemmtilegt og krefjandi. Kennararnir eru allt toppfólk úr bransanum, gríðarlegir vísukunnar og mjög gott að nálgast þá til að fá aðstoð.“
Magnús Gylfi Hilmarsson,
Framabraut – Kerfisstjórnun, lauk námi vor 2013



Gæðavottun
fræðsluáðila



Promennt er eini
Microsoft-vottaði
skólinn á Íslandi



Hjá Promennt er
einnig boðið upp á
fjarkennslu í beinni



Hjá Promennt er
boðið upp á dag-
og kvöldnám

PROMENNT

Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550 • promennt@promennt.is • promennt.is

PROMENNT

Kærunefnd útboðsmálamála stöðvar innkaup Akureyrarbæjar á snjómokstri: Áttu að auglýsa á EES-svæðinu

STJÓRNSÝSLA Kærunefnd útboðsmála segir verulegar líkur á því að Akureyrarbær hafi brotið gegn lögum með því að bjóða ekki út snjómokstur og hálkuvörnir á Evrópska efnahagssvæðinu (EES).

Samkvæmt lögum um opinber innkaup skal bjóða út verk sem eru fyrir ríflega 33 milljónir króna eða meira á EES-svæðinu. Í útboði sem nú stendur yfir hjá Akureyrarbæ á snjómokstri og hálkuvörnum var það ekki gert þrátt fyrir að gera mætti ráð fyrir að hlutur verktak-

ans í slíku verkefni yrði um 50 milljónir króna miðað við kostnaðinn eins og hann var á árinu 2013.

Tvö fyrirtækjanna sem bjóða í verkið vilja að kærunefnd útboðsmála ógildi útboðið. Útboðsskilmálar séu til hagsbóta fyrir tiltekna bjóðendur umfram aðra. Bjóða hefði átt verkefnið út á EES-svæðinu. Þetta atriði tekur kærunefndin að svo komnu máli undir og hefur því stöðvað útboðsferlið um stundarsakir. Úrlausn kærunnar í heild liggur enn ekki fyrir.



Á AKUREYRI Snjómokstur og hálkuvörnir kostuðu Akureyrarbæ 100 milljónir króna árið 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

Það vantar alltaf góða bókara!

VIÐURKENNT BÓKARANÁM

Frá grunni að viðurkenndum bókara

Það hefur vakið athygli hversu margir nemendur okkar hafa fengið vinnu eftir að hafa lokið bókhaldsnámi.

Viðurkennt bókaranám er bæði skemmtileg og krefjandi námsbraut sem býr nemendum undir próf sem leiðir til vottunar frá efnahags- og viðskiptaráðuneytinu sem Viðurkenndur bókari.

Helstu námsgreinar

- Verslunarreikningur - 24 stundir
- Excel-töflureiknir - 30 stundir
- Bókhalld - 36 stundir
- Tölvubókhalld í Navision - 54 stundir
- Excel við áætlanagerð - 30 stundir
- Launakerfi - 18 stundir
- Lánardrottnar og viðskiptamenn - 15 stundir
- Fyrningar - 15 stundir
- Virðisaukaskattur - 9 stundir
- Lán - 21 stundir
- Gerð og greining ársreikninga - 36 stundir
- Lokaverkefni - 24 stundir
- Skattaskil - 18 stundir
- Reiknishald, viðbætur - 36 stundir
- Upplýsingatækni, viðbætur - 6 stundir
- Upprifjun fyrir próf - 42 stundir

Lengd námskeiðs: 2-3 annir - 414 kennslustundir

Verð: 384.000 kr. (hægt er að dreifa greiðslum)

Næstu námskeið:

- Morgunnámskeið: 18. feb. 2015 - 30. maí 2016
- Kvöldnámskeið: 17. feb. 2015 - 30. maí 2016
- Síðdegisnámskeið: 9. mars. 2015 - 30. maí 2016

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN
VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI
HLÍÐASMÁRA 9 : KÖPAVOGI : SÍMI 544 4500 : NTV.IS

ntv



SEX ERFIÐIR DAGAR Birgir Jakobsson hefur setið nokkra stormasama daga í embætti landlæknis og hefur miklar áhyggjur af öryggi sjúklinga.

Ófremdarástand að mati nýs landlæknis

Birgir Jakobsson, nýr landlæknir, segist aldrei á sínum langa ferli hafa staðið frammi fyrir aðstæðum eins og þeim sem eru nú í íslensku heilbrigðiskerfi.

HEILBRIGÐISMÁL „Ég hef aldrei á mínum langa ferli staðið frammi fyrir aðstæðum eins og þessum. Ég taldi heldur ekki að ég myndi gera það en nú er bara að reyna að komast í höfn með þetta,“ segir Birgir Jakobsson, nýr landlæknir Íslendinga sem hefur verið sex daga í embætti á krisutíma í íslensku samfélagi.

Birgir er sérfræðingur í barnalækningum og hlaut sérmenntun í Svíþjóð. Hann hefur átt farsælan og langan feril. Fyrst sem barnalæknir og sérfræðingur, seinna sem stjórnandi á sænskum sjúkrahúsum. Nú síðast stýrði hann Karolinska háskóla-sjúkrahúsinu í Stokkhólmi.

Staða sjúklinga í því umróti sem verið hefur í heilbrigðiskerfinu síðustu vikurnar er honum mikið umhugsunarefni. Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eiga Íslendingar að eiga kost á fullkornustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að veita. „Þetta er ófremdarástand sem verður að ganga yfir. Það verður að leysa þessa deilu,“ segir Birgir og segir Íslendinga ekki eiga að þurfa að búa við það óöryggi sem nú ríkir.

Hann segist ekki ætla að beita sér í deilu lækna með öðrum hætti en þeim að fylgjast með

afleiðingum verkfallsaðgerða og að öryggi sjúklinga sé tryggt.

„Það er hlutverk embættisins að fylgjast með því og hafa samráð við sjúkrahússtofnanir og aðra sem eru í verkfallsaðgerðum. Við höfum engin bein afskipti af samningamálum eða slíku.

Ég hef notað hvert tækifæri sem ég hef fengið til að lýsa þeim áhyggjum sem ég hef. Þær eru miklar, því lengur sem verkfallsaðgerðir standa yfir, þeim mun hættara er öryggi sjúklinga. Þetta er mjög alvarlegt mál.“

En er hægt að segja það tryggt í þeirri stöðu sem nú er upp komin? Ólafur Ólafsson, fyrrverandi landlæknir, sagði sjúklinga í bráðri hættu. Hvað finnst honum, getur hann tekið undir orð Ólafs? „Ég hef raunverulega ekkert í höndunum að taka svo sterkt til orða en hef miklar áhyggjur af áframhaldandi aðgerðum lækna sem munu hafa áhrif á öryggi sjúklinga. Að gera ekki þessar aðgerðir sem eru taldar nauðsynlegar í dag til að minnka áhættu sjúklinga færir okkur aftur um þrjátíu ár.

Ég er alveg sannfærður um að læknum finnst þetta ófremdarástand sjálfum. Ég veit að þeir leggja allt á sig til að tryggja hag sinna sjúklinga þannig að þetta hlýtur að vera erfitt fyrir þá líka.

➔ Að gera ekki þessar aðgerðir sem eru taldar nauðsynlegar í dag til að minnka áhættu sjúklinga færir okkur aftur um þrjátíu ár.

Ég get skilið báða deiluaðila og tek enga afstöðu í þessu máli. En það verður að leysa þetta á einhvern hátt og það fljótt.“

Enn hafa ekki komið upp alvarleg atvik þótt líðan og heilsa þeirra sjúklinga sem bíða eftir aðgerðum og þjónustu versni með hverjum deginum sem líður. Birgir segir að ef slíkt hendi, þá markar það ákveðinn skil í verkfallsaðgerðunum. Eins sé mikilvægt að tilkynna strax um slík atvik.

„Það er mjög mikilvægt að það sé tilkynnt alveg um leið ef það gerist, að öðru leyti finnst mér mikilvægt að það sé séð um slík atvik á hefðbundinn hátt. Ferlið í kringum þetta er mjög gott og ég held að maður haldi sig við það. Ef öryggi sjúklinga er augljóslega ógnað eða það eru vísbendingar um það þá er full ástæða til að grípa inn í með fullum krafti.“

kristjanabjorg@frettabladid.is

KRAFTMESTA
BLANDAN OKKAR
AF Q10

NÝJUNG

ÓMÓTSTÆÐILEGAR Q10 SERUM PERLUR
SEM DEKRA VIÐ HÚÐINA



Q10 plus

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

EINSTÖK TILBOÐ!

GERÐU FRÁBÆR KAUP

WWW.BÍLALAND.IS



Rnr. 141841

GÖNGUM FRÁ
FJÁRMÖGNUN Á
STADNUM

SUBARU LEGACY
Nýskr. 02/05, ekinn 163 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 1.380.000

**TILBOÐSVERÐ!
890 þús.**



Rnr. 120348

NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 06/13, ekinn 63 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 4.580.000
TILBOÐ kr. 3.970 þús.



Rnr. 141822

NISSAN NOTE VISIA
Nýskr. 05/13, ekinn 31 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 2.480.000
TILBOÐ kr. 1.990 þús.



Rnr. 281075

NISSAN PATHFINDER
Nýskr. 05/11, ekinn 108 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 5.490.000
TILBOÐ kr. 4.890 þús.



Rnr. 320107

TOYOTA PRIUS PLUS SOL
Nýskr. 02/13, ekinn 14 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 4.990.000
TILBOÐ kr. 4.480 þús.



Rnr. 281442

KIA SPORTAGE CRDI
Nýskr. 06/07, ekinn 117 þús km.
dísil, beinskíptur.
Verð áður kr. 1.990.000
TILBOÐ kr. 1.390 þús.



Rnr. 270399

HYUNDAI i40 WAGON PREMIUM
Nýskr. 05/12, ekinn 79 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 4.690.000
TILBOÐ kr. 3.790 þús.

bílaland

Kletthálsi 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

Bráðamóttökur í Bretlandi eru komnar í vanda vegna mikillar aðsóknar: Landlæknir aðvarar spítalana

BRETLAND Bráðamóttökur á spítölum í Bretlandi ráða ekki við óvænlega mikla aðsókn síðustu vikur og sæta gagnrýni vegna langra biðlista.

Síðustu viku fyrir jóla náðu bráðamóttökur að meðhöndla eða útskrifa 83,1% sjúklinga sína innan fjögurra klukkustunda. Þetta þykir slakur árangur og raunar sá versti skráður samkvæmt frétt í The Guardian.

Ástæðan er aukinn fjöldi sjúklinga en þrefalt fleiri leituðu eftir

bráðþjónustu í desember 2014 en gerðu fyrir ári. 227.400 sjúklingar biðu í meira en fjórar klukkustundir eftir þjónustu á síðustu þremur mánuðum ársins 2013. Síðustu þrjú mánuði ársins 2014 voru sjúklingar sem biðu lengur alls 407.844.

Breski landlæknirinn Bruce Keogh sendi áminningu til allra spítala fyrir jóla og krafðist þess að þeir bættu frammistöðu sína og varaði við áhættu sem skapaðist þegar bið eftir þjónustu er of löng.

- kbg



ERFITT ÁSTAND Fleiri glíma við erfiðleika í heilbrigðiskerfinu en Íslendingar um þessar mundir. NORDICPHOTOS/AFP



MYRKUR YFIR KIRKJUNNI Á mánudagskvöldið, þegar boðað var til mótmæla gegn „Íslamsvæðingu“, var ákveðið að Kölnardómkirkjan yrði ekki upplýst eins og venjulega. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Myrkvæð mótmæli í borgum Þýskalands

Stjórnvöld, stórfyrirtæki og kirkjufyrirvöld í borgum Þýskalands höfðu á mánudagskvöldið slökkt á lýsingum og flóðljósum stærri bygginga til þess að myrkur hvíldi yfir mótmælum PEGIDA-hreyfingarinnar, sem berst gegn „Íslamsvæðingu“.

ÞÝSKALAND Á mánudagskvöldið mættu átján þúsund manns til mótmælasamkomu í Dresden, sem boðað var til af samtökunum PEGIDA sem berst gegn „Íslamsvæðingu Vesturlanda“.

Þetta var í ellefta sinn síðan í október sem efnt var til mótmæla af þessu tagi á mánudagskvöldum í Dresden. Þátttakendur hafa aldrei verið fleiri.

Um þrjú þúsund manns mættu hins vegar á sama tíma til mótmælafundar í Dresden gegn PEGIDA.

Í fleiri borgum Þýskalands var einnig efnt til mótmælafunda beggja fylkinga, og voru andstæðingar PEGIDA þar miklu fleiri.

Í Berlín létu aðeins nokkur hundruð manns sjá sig á mótmælafundi PEGIDA-samtakanna, en nærri sex þúsund mættu til að mótmæla málflutningi þeirra. Þúsundir manna mótmæltu einnig PEGIDA í Köln, Dresden og Stuttgart, en sárafáir létu þar sjá sig til

að sýna samstöðu með PEGIDA.

Alls er talið að á mánudagskvöldið hafi vel yfir tuttugu þúsund manns tekið þátt í mótmælum í borgum Þýskalands gegn þeirri múslimahræðslu sem PEGIDA stendur fyrir. Einungis í Dresden drógu mótmæli PEGIDA-samtakanna sjálfra að sér umtalsverðan fjölda fólks.

Víða var einnig gripið til tákna-rænna aðgerða til að lýsa yfir andstöðu við múslimahræðslu PEGIDA-samtakanna. Þannig ákváðu kirkjufyrirvöld í Köln að hafa dómkirkjuna þar ekki upplýsta, eins og venja er á kvöldin, heldur grúfði myrkur yfir henni á meðan mótmælafundurinn stóð yfir.

Í Dresden voru einnig öll ljós slökkt í Semper-óperunni og glerhöll Volkswagen-fyrirtækisins á meðan á mótmælum PEGIDA stóð. „Volkswagen styður opið, frjálst og lýðræðislegt samfélag,“ sagði í tilkynningu frá fyrirtækinu.

→ Þetta var í ellefta sinn síðan í október sem efnt var til mótmæla af þessu tagi á mánudagskvöldum.

Þótt forsvarsmenn PEGIDA fullyrði að samtökin ali hvorki á öfgum né fordómum, þá hafa nýnasistar og aðrir hægri þjóðernissinnar tekið boðskap hennar fagnandi og fjölmennt til mótmælafundanna í Dresden.

Í stefnuýfirlýsingu samtakanna er reynt að draga sem mest úr nýnasísku yfirbragði, meðal annars með því að lýsa yfir stuðningi við flóttamenn og mannréttindi. En þegar lengra er lesið í stefnu-skránni koma í ljós fullyrðingar um að verja þurfi hina gyðing-kristnu menningu Vesturlanda, og sérstaklega er þar varað við róttæklingum, haturspredikurum og siðareglum múslima. gudsteinn@frettabladid.is

Alexis Tsipras segir að enginn þurfi að óttast sigur Syriza:
Segir flokkinn vilja halda evrunni

GRIKKLAND Alexis Tsipras, leiðtogi gríska stjórnarandstöðuflokksins Syriza, segir að hvorki Grikkir né aðrir íbúar Evrópu þurfi neitt að óttast fari svo að flokkurinn komist til valda í þingkosningum síðar í mánuðinum.

Hann vilji alls ekki sundra evrusvæðinu, heldur bjarga evrunni. Angela Merkel Þýskalandskanslari hefur sagt að hugsanlega þurfi að víkja Grikklandi úr evrusamstarfinu, komist Syriza til valda. -gb



ALEXIS TSIPRAS Leiðtogi gríska vinstri-flokksins Syriza. NORDICPHOTOS/AFP

FUDGE Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka parið tíma

FUDGE

FUDGE

FUDGE

FUDGE

FUDGE

FUDGE

FUDGE

FUDGE

FUDGE

FUDGE

**Rakarastofan
Klapparstíg**

S: 551 3010

Janúarútsala

30-50%

AFSLÁTTUR

50% afsláttur af aukahlutum með öllum seldum rúmum.



FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

Einnig lægra verð vegna lækkunar á VSK.

Rafstillanleg heilsurúm

Tvíbreytt

Verð frá 342.848.-

Sérsmíðum heilsurúm í öllum stærðum
Eitt mesta úrval landsins af heilsudýnum

Tvíbreyð heilsurúm

Verð frá:

150x200 cm **127.814.-**

160x200 cm **137.562.-**

180x200 cm **140.930.-**

Einbreyð heilsurúm

Verð frá:

80x200 cm **69.385.-**

90x200 cm **71.161.-**

120x200 cm **88.848.-**

50% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM
ETANÓL
ÖRNUM



VERÐ FRÁ
34.950.-

VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM
Framleiðum dýnur og rúm fyrir hótél og gistiheimili

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121

Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is



Hinar miklu verðbreytingar fara fram án eftirlits:

Með krumlurnar á kafi í krúsinni

Innanríkisráðherrann, Ólöf Nordal, vill að markaðurinn sjálfur sjái um að verðlagsbreytingar skili sér til neytenda. Miklir hagsmunir eru í húfi. Nánast er ógjörningur fyrir venjulegt fólk, hinn almenna neytanda, að fylgjast með hvort afnám vörugjalda og lækkun virðisaukaskatts skili sér í vöruverði eða ekki. Neytendur verða að treysta á aðstoð í eftirlitinu. Hana virðist hvergi að fá.



Sigurjón Magnús Egilsson

sme@frettabladid.is

Í gærðag var nýjasta frétt á heimasíðu Neytendasamtakanna upplýsingar um hvenær opið er hjá Neytendasamtökum yfir hátíðarnar. Neytendastofa stendur litlu skár. Eina fréttin frá áramótum sem þar er að finna er um að hjólbarðaverkstæði hafi verið sektað um 50 þúsund

krónur vegna verðmerkinga. Alþýðusambandið, sem hefur verið hvað duglegast allra að fylgjast með verði og verðbreytingum, virðist enn í jólafríi. Ekkert hefur verið gert eða skrifað um hvort sambandið hyggist veita aðhald.

Innanríkisráðherrann er ekki talsmaður opinbers verðlagseftirlits. Ólöf Nordal segir engar sérstakar aðgerðir eða eftirlit hafa verið skipulagt til að fylgjast með því hvort afnám vörugjalda skili sér í lægra vöruverði. Markaðurinn mun hins vegar sjá um að veita fyrirtækjum aðhald og sjá til þess að þau lækki vöruverð til samræmis við breytingarnar, sagði Ólöf í fréttum Stöðvar 2.

Af þessu má ætla að enginn standi vaktina, lítið verði fylgst með hvort þær lækkanir sem verða skili sér til neytenda að fullu, að hluta eða ekki. Ómögulegt er með öllu að ætla að hver og einn sem hefur tækifæri til, noti það til að hafa rangt við. Að sama skapi er ómögulegt að halda að ekki verði víða reynt að svindla á neytendum nú þegar freistingarnar eru um allt.

Á heimasíðu Samtaka verslunar og þjónustu er grein eftir bæði formann samtakanna og framkvæmdastjórnann, undir heitinu: „Til hamingju neytendur“. Þar segir meðal annars: „Það er enginn vafi á því að þessi mikla breyting mun hafa jákvæð áhrif fyrir verslunina í heild sinni.“

En er það svo? Þegar hafa verið sagðar fréttir af fólki, sem selur vöru og þjónustu, með krumlurnar á kafi í nammikrúsinni. Ekki vantar skýringarnar; elskan mín, við vorum búnir að lækka fyrir löngu, og þá er átt við fyrir svo löngu að ekki nokkur maður getur sannreynt sannleiksgildið. Vegna þess að fyrirhyggjan var engin, ekki hjá innanríkisráðuneytinu, ekki hjá Neytendastofu, Neytendasamtökunum eða Alþýðusambandinu.

Möguleikar neytandans gegn óprúttu fólki eru engir. Enda segist innanríkisráðherrann vera á móti opinberu eftirliti og segir markaðinn sjá um eftirlitið. Verulega miklir hagsmunir eru undir. Ekki bara hvað varðar vöruverðið sem slíkt, heldur líka afleiðingar þess, lán flestra eru jú bundin verðlagi í landinu og ef allir fara rétt að er vissulega tækifæri til að áhrifin verði sem mest og sem best. Það er mikil áskorun fyrir fjölmiðla að vera á vaktinni.

Okkur hefur áður verið sagt að treysta markaðnum og eftirlit hefur verið minnkað eða því hætt. Afleiðingarnar eru öllum kunnar. Miklir hagsmunir eru undir. Þið sem segist vera á vaktinni, munið að jólnir eru að baki.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Stórmeistarar slást

Peir voru vinir, samherjar í ríkisstjórn og samkomulag milli þeirra var almennt gott, svo virtist hið minnsta. Nú takast þeir á og spara ekki stóru orðin. Nú er gjá á milli vina. Össur Skarphéðinsson brást illa við tíðindunum um að ríkisstjórn Íslands hyggist hætta endanlega umsóknarferli að Evrópusambandinu. Davíð Oddsson, sem var einn af betri félögum Össurar í pólitíkinni, brást illa við viðbrögðum Össurar og nú hefur Össur brugðist illa við viðbrögðum Davíðs Oddssonar. Þessir fyrrverandi félagar og stórmeistarar stjórnmálanna mega svo sannarlega halda áfram að kyta opinberlega, það fer þeim báðum eitthvað svo vel. Davíð á næsta leik.



Ræður utanríkisráðherrann för?

Gunnari Braga Sveinssyni utanríkisráðherra virðist hafa komið á óvart þegar Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sagði á Bylgjunni á sunnudag, að tillaga um að slíta formlega viðræðum við Evrópusambandið yrði lögð fram á vorþingi. „Minn vilji er ljós í þessu máli,“ sagði Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra í samtali við Morgunblaðið í gær, um möguleikann á því að ný þingsályktunartillaga verði lögð fram á þingi um að draga aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu til baka, eins og forsætisráðherra boðaði. Af öllu þessu má ætla að frumkvæðið að framlagningu tillögunnar á vorþingi komi frá forsætisráðherra.



Veit ekki hvort eða hvenær

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra er sammála flokksformanninum og félaganum Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni um að slíta beri aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Samt er meiningamunur milli þeirra. „Það kemur fram í þingmálaskránni að möguleiki er á því að leggja fram þessa tillögu, en hún er hins vegar ekki komin á það stig að ég geti sagt hvenær eða hvort hún verður lögð fram,“ sagði Gunnar Bragi við Morgunblaðið í gær. Hann bætti við að áður en til þess gæti komið yrði að bera tillöguna undir ríkisstjórn og fá samþykki hennar fyrir því að leggja hana fram. Utanríkisráðherra vill greinilega fara ögn hægur en forsætisráðherrann.

sme@frettabladid.is

HALLDÓR



Landlæknar og launakjör

KJARAMÁL



Birgir Guðjónsson félagi í sérfræðifélögum lyflækna og meltingar-sérfræðinga í Bandaríkjunum og Bretlandi

Kollegar erlendis hafa brugðist við greinunum Reynis Arngrímssonar, „Frumhlaup verðandi landlæknis“ í Fréttablaðinu 17. desember sl., og undirritaðs „Landlæknir Bandaríkjanna“ 2. janúar, og hvatt til nánari upplýsinga um launakjör sérfræðinga í Bretlandi og Bandaríkjunum, en launakjör í Svíþjóð hafa þegar komið fram í fjölmiðlum hér.

Launakjör íslenskra sjúkráðslækna snerta mig ekki lengur en hví ekki að blanda sér í enn aðra vonlitla baráttu eftir áratuga árangurslausu baráttu við að bæta mannaráðningar og staðla í íslensku heilbrigðiskerfi.

Nýskipaður landlæknir hefur átt glæsilegan feril í Svíþjóð. Í tveimur boðsferðum mínum til Karólínska háskólans var í bæði skiptin minnst á hann að fyrri bragði af mikilli aðdáun.

Sá ágæti fyrrverandi körfuboltakappi þykir þó af mörgum hafa hlaupið á sig og fallið í körfuna, ég meina gryfjuna, þegar hann á jákvæðan hátt tekur undir leiðandi spurningu fréttamanns hvort 50% hækkun á launum sé ekki of mikil og valdið með því gremji meðal íslenskra kollega sem vonandi verður ekki varanleg.

Þekking og reynsla sérfræðinga í Bretlandi fyrir dagvinnu eingöngu, er í byrj-

un metin til 85.000 enskra punda á ári eða um 1,7 milljónir ísl.kr. á mánuði. Vaktir eru greiddar aukalega. Dagvinnulaun hækka síðan fljótlega upp í 110.000 pund eða um 1,8 milljónir ísl.kr. á mánuði og geta síðan aukist frekar um 20.000-70.000 pund á ári eða allt að 2,8 milljónir á mánuði fyrir dagvinnu eingöngu.

Upplýsingar um launakjör sérfræðinga í Bandaríkjunum þar sem margir íslenskir læknar hafa hlotið framhaldsmenntun má finna á netinu og eru um 250-350 þúsund Bandaríkjadalir á ári eða 2,6-3,7 milljónir ísl.kr. á mánuði. Þetta fer að verða svipað og hjá stjórnendum í mörgum íslenskum fyrirtækjum.

Fjármálaráðherra hefur viðurkennt að uppsafnaður launavandi sé til staðar. Þrjú prósent launahækkun eins og stjórnvöld eru sögð hafa boðið, þyrfti að vera mánáðarlega í mörg ár til að nálgast alþjóðlegan vinnumarkað sérfræðinga.

Það er vissulega aðdáunarvert að brottfluttur norrænir eftirlaunabegar vilji í sinni elliró styðja við farlana íslenskt heilbrigðiskerfi. Verður svo vonandi um fleiri brottflutta, því það eru ekki allir þeir kjánar að hafna háum launum við virtar erlendar stofnanir eftir langt og strangt sérnám og snúa aftur heim til Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafraenu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlunum Capacent október-december 2012 - höfuðborgarsvæði 25-54 ára

Ferðabjónusta fyrir fatlaða – hver er að misskilja hvað?

Nú um áramótin tóku gildi nýjar reglur um ferðabjónustu við fatlað fólk í Reykjavík. Nokkur umræða hefur verið um kosti og galla nýju reglnanna. Í viðtali við Fréttablaðið 23. desember sl. taldi varaformaður velferðarsviðs Reykjavíkurborgar að talsmenn fatlaðra hefðu misskiðið breytingarnar.

Fyrst skal það tekið fram að um margt eru reglurnar sem tóku gildi nú um áramót mikið framfaraskref. Með þeim er gerð tilraun til að þeir sem þurfa á ferðabjónustunni að halda geti verið virkari þátttakendur í ýmsum félagslegum athöfnum. Það að geta pantað ferðabjónustu með tveggja tíma fyrirvara í stað sólarhrings áður er mjög mikilvægt framfaraspor. Fleiri atriði í umræddum reglum eru til framfara, m.a. að það skuli vera gert ráð fyrir reglubundnu samstarfi við hagsmunasamtök notenda. Eftir sem áður er í umræddum reglum atriði sem vinnur gegn tilgangi þessarar bjónustu og setur réttarbótina í uppnám. Það er ákvæðið um fjölda ferða og verðlagningu á ferðum eftir að notaðar hafa verið 60 ferðir á mánuði.

Í nýlegri úttekt Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands er spurt hvort ferðabjónusta hamlaði félagslegri þátttöku fólks í tómstundum. Um 15 prósent aðspurðra töldu svo vera. Einnig var spurt hvort fjárhagsaðstæður hindruðu fólk í félagslegri þátttöku og þá kom í ljós að á milli 28-32 prósent svarenda töldu svo vera.

Tilgangur ferðabjónustunnar er sá að auðvelda fótluðu fólki samfélagsþátttöku og gera það jafnt öðrum íbúum borgarinnar. Mikil notkun á ferðabjónustu er merki þess að einstaklingurinn fer víða um sitt samfélag í mörgum og mismunandi erindagjörðum, til að stunda atvinnu, nám og njóta tómstunda eins og kveðið er á um í 35. grein laga um málefni fatlaðs fólks að sé tilgangur ferðabjónustunnar. Ferðirnar sjálfar eru ekki markmið heldur afleiðing af félagslegri virkni. Nýlegar reglur Reykjavíkurborgar verður að skoða í þessu ljósi.

Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 20. grein, er þetta orðað svo: „Aðildarríkin skulu gera skilvirkar ráðstafanir til þess að tryggja að einstaklingum sé gert kleift að fara allra sinna ferða og tryggja sjálfstæði fatlaðs fólks í þeim efnum, eftir því sem frekast er unnt, meðal annars með því:

a) að greiða fyrir því að fatlað fólk geti farið allra sinna ferða með þeim hætti sem það kys og á þeim tíma sem það velur og gegn viðráðanlegu gjaldi.“

Í áður nefndum samningi viðurkenna þjóðríkin, þ.m.t. Ísland, gildi þess að fatlað fólk sé sjálfráða og að sjálfsstæði þess sé meðal annars fólgið í því að geta ferðast um sitt samfélag gegn viðráðanlegu gjaldi. Það að takmarka ódýrar ferðir ferðabjónustunnar við 60 ferðir á mánuði og innheimta 1.100 króna gjald fyrir hverja ferð umfram það er aðför að öllum þessum gildum og skuldbindingum. Vonandi er ákvörðun velferðarsviðs byggð á misskilningi, en ekki á þeirri forræðishyggju að vilja ákveða að fatlað fólk hafi ekkert að gera með það að þeysast um allan bæ á kostnað borgaranna.

Jafnræði í almenningssamgöngum

Landssamtökin Þroskahjálpar óskðu eftir því við einn viðskiptavin ferðabjónustunnar að hann gæfi okkur innisýn í notkun sína og kostnað vegna þeirra viðskipta. Um er að ræða unga manneskju sem notar rafmagnshjólástól og á engan annan valkost en að nota ferðabjónustu vegna allra sinna ferða. Viðkomandi er bæði í íþróttum og stundar símenntun auk þess að taka þátt í öðru félagslífi. Fastar ferðir hjá þessari manneskju voru 82 á mánuði. Fjórutíu ferðir voru vegna atvinnu fimm daga vik-

SAMGÖNGUR



Bryndís Snæbjörnsdóttir
formaður
Landssamtakanna
Þroskahjálpar
unnar, átta ferðir í sjúkrahjálfun einu sinni í viku, 16 ferðir vegna íþróttatæfinga tvisvar í viku, átta

Friðrik Sigurðsson
framkvæmdastjóri
Landssamtakanna
Þroskahjálpar

ferðir vegna fullorðinsfræðslu einu sinni í viku og tíu ferðir á mánuði voru vegna þátttöku í föstu félagsstarfi.

Þá eru ekki taldar ferðir vegna sérverkefnis sem viðkomandi tekur þátt í, læknisferða, heimsóknna til ættingja og vina, verslunarferða og annarra athafna sem eðlilegt er að fólk þurfi að sinna.

Á árinu 2014 greiddi þessi einstaklingur kr. 135.000 krónur í ferðabjónustu. Samkvæmt nýrri gjaldskrá myndu föstu ferðirnar hennar 82 kosta hana u.þ.b 410.000 krónur á ári og það að fara tvisvar á dag fram og til baka með ferða-

bjónustu fatlaðs fólks kosta 75.900 krónur á mánuði eða 910.000 á ári. Og samkvæmt reglunum væri ekki heldur heimilt að fara svo oft með ferðabjónustunni. Til samanturðar þá kostar árskort í strætisvagna nú 70.900 sem veitir heimild til ótakmarkaðs aksturs. Þarna er mismunur sem er tilkominn vegna fötlunar upp á 839.100 krónur.

Við hjá Landssamtökunum Þroskahjálpar teljum að allir geti verið sammála um að þarna sé um mistök að ræða sem þarf að leiðrétta. Við höfum bent á að það sé skynsamlegast að hafa engin takmörk á því hversu mikið fólk noti

→ Samkvæmt nýrri gjaldskrá myndu föstu ferðirnar hennar 82 kosta hana u.þ.b. 410.000 krónur á ári...

ferðabjónustu og full ástæða sé til að taka upp í ferðabjónustu fatlaðra árskort eins og í almenningssamgöngum. Ferðabjónusta fatlaðs fólks gegnir mikilvægu hlutverki við að ýta undir og efla félagslega þátttöku fatlaðs fólks. Reglur um fjölda ferða og óhófleg verðlagning vinnur gegn þeim tilgangi.



www.lyfja.is

20%

afsláttur af Nicorette nikótínlyfjatyggigúmmí, öllum pakningastærðum og bragðtegundum 2 mg og 4 mg



Nicorette nikótínlyf hjálpa þér að halda reykbindingu með því að koma í stað nikótínsins sem fæst úr reykingum og draga þannig úr líkamlegum fráhrarfseinkennum



Tilboðið gildir til 31.jan

Nicorette lyfjatyggigúmmí 2 og 4 mg (inniheldur nikótín) er notað til meðferðar við tobaksfíkn. Það dregur úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum og auðveldar reykingamönnum að draga úr eða venja sig af tobaki. Skammtar: Börn yngri en 15 ára mega ekki nota lyfjatyggigúmmí. Fullorðnir: eitt lyfjatyggigúmmí við reykingarþörf. Nota má lyfjatyggigúmmí eitt og sér eða samtímis Nicorette Invisi forðaplástri. Skammta skal ákveða út frá hve háður nikótíni viðkomandi er en hámarksdagsskammtur er 24 stk. Mælt er með 2 mg lyfjatyggigúmmí fyrir þá sem eru lítið háðir nikótíni en 4 mg fyrir þá sem hafa mikla nikótínþörf eða hefur ekki tekið að hætta með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmí. Tyggid hægt og látið lyfjatyggigúmmí liggja í munnum þess á milli. Ekki er ráðlagt að nota Nicorette lengur en í eitt ár. Einstaka aðilar geta þurft meðferð í lengri tíma og er hugsanleg áhætta við langtímanotkun umtalsvert minni en áhættan af að reykja. Ráðgjöf og leiðsögn eykur venjulega líkur á því að fólk takist að hætta. Frábendingar: Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnum. Varðarorð: Reykingafólk með nýlgt hjartaþrep, óstöðuga eða versnandi hjartaöng (þ.m.t. Prinzmetal), alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða sem hefur nýlega fengið heilablóðfall skulu einungis nota Nicorette undir nákvæmu eftirliti læknis. Gæta skal varúðar við notkun Nicorette hjá sjúklingum sem hafa nýlega farið í kransæðahjúfveituaðgerð eða áður æðaaðgerðir eða eru með alvarlegan háþrýsting, stöðuga hjartaöng, hjartabilun, æðasjúkdóm í heila, teppusjúkdóm í slagæðum útlima, sykurski, ómeðhöndlað skjaldvakaöhof, krömfíklæxli, skerta lífrar- eða nýrnastarfsemi, bólgur í vélinda, munni eða koki, magabólgu eða virkt skeifugarnar- eða magasár. Lyfjatyggigúmmí getur átt til að festast við geritennur og í mjög sjaldgæfum tilfellum skemmt þær. Nicorette inniheldur butýlhýdroxytölúen, sem getur valdið eringu í slímhúðum, og xylitol, sem getur haft hæðgaldosandi áhrif. Nicorette Classic inniheldur sorbitól og skulu þeir sem eru með fruktósaþol ekki nota það. Aðgát í návist barna: Ráðlagðir skammtar nikótíns fyrir fullorðna geta valdið alvarlegum eitrunareinkennum og verið banvænir ungum börnum. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá og fleygið notuðu tyggigúmmí þar sem börn ná ekki til. Meðganga og brjóstgjöf: Eingöngu skal nota lyfjatyggigúmmí í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Nikótín berst yfir fylgju og hefur áhrif á hjartsláttartíðni og öndun fóstursins/nýburans. Nikótín berst í brjóstamjólk í magni sem getur haft áhrif á brjóstmjólk. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

- Lágmúla Laugavegi Nýbýlavegi
- Smáralind Smáratorgi Borgarnesi
- Grundarfirði Stykkishólmi Búðardal
- Patreksfirði Ísafirði Blönduósi
- Hvammstanga Skagastönd Sauðárkróki
- Húsavík Þórshöfn Egilsstöðum
- Seyðisfirði Neskaupstað Eskifirði
- Reyðarfirði Höfn Laugarási
- Selfossi Grindavík Keflavík

**LAGEER
HREINSUN
& SPRENGI
UTSALA**



HÚSASMÍÐJUNNAR

HEFST Í DAG KL 9

ALLT AÐ 70%

AFSLÁTTUR

FÖGNUM AFNÁMI VÖRUGJALDA!

RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

ÚTIVISTARFATNAÐUR 30-70% • HANDVERKFÆRI 20-40% • VERKFÆRATÖSKUR 20-40% • FLÍSAM 25% • MASCOT VINNUFATNAÐUR 25% • BÚSÁHÖLD 25%
JÓLAVÖRUR 50-70% • RAFMAGNSVERKFÆRI BLACK & DECKER OG WORX 20-30%
VINNUFATNAÐUR MASCOT 25% • HEIMILISTÆKI 20% • BARNABÍLSTÓLAR OG ÖRYGGISVÖRUR 25% • MÁLNING 20-30% • POTTAPLÖNTUR 20-50% • VALDAR GJAFAVÖRUR 20-50% • HREINLÆTISTÆKI OG BAÐFYLGIGHLUTIR 20-70%
PARKET 20-25% • SMÁRAFTÆKI 20-30% • INNIHURÐIR 20%
LOFTA- OG VEGGPILJUR 25% • MOTTUR OG DREGLAR 25-35%
og margt fleira...




blómaval



HÚSAMÍÐJAN

HLUTI AF BYGMA

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ

Afsláttur gildir eingöngu af útsöluvörum.
Gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“.
Vöruúrval getur verið misjafnt milli verslana

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

TÍMAMÓT

Pabba vantaði alltaf

Íslenska vitafélagið er með fræðsludagskrá um sjóslys við Íslandsstrendur í Víkinni, Grandagarði, í kvöld. Meðal þeirra sem þar miðla sögum er Haukur Sigvaldason smiður.

„Mér er efnið hugleikið. Það tengist æskuminningum mínum því ég var fimm ára þegar ég missti föður minn í sjóslysi. Sjö heimilisfeður fórust frá Dalvík sama dag. Það var mikil blóttaka,“ segir Haukur Sigvaldason smiður um dagskrá Íslenska vitafélagsins um sjóslys við Íslandsstrendur sem fram fer í Víkinni, sjóminjasafni við Grandagarð, í kvöld, miðvikudag, og hefst klukkan 20. Sigvaldi, faðir Hauks, fór í róður með bróður sínum, Gunnari, á Val EA 9. apríl 1963. Þeir voru á línu fram af Hvalvatnsfirði þegar ofsaveður brast á mjög snögglega. Báturinn fórst og Gunnar fór niður með honum en Sigvaldi náðist um borð í Esjuna, án lífsmarks, hann var úrskurðaður látinn á Sjúkrahúsi Akureyrar undir kvöld. Sama dag fórst Hafþór EA frá Dalvík. Þrettán börn urðu föðurlaus í plássinu í einu veffangi.

„Ég man þegar mömmu var tilkynnt andlát pabba. Bróðir hennar kom með læknum heim og dró sig svo í hlé meðan lækni talaði við mömmu en ég var dinglandi við lærið á henni, auðvitað talinn óviti. Ég veit að lækni-irinn bauð henni sprautu til að deyfa sársaukann og hún gæti sofið, en hún afþakkaði með þeim orðum að hún þyrfti að vakna upp til barnanna sinna. Ég var yngstur af þremur systkinum. Hin voru níu og tólf ára,“ lýsir Haukur sem segir líf sitt vissulega hafa breyst við slysið. „Mamma fór fljótlega að



SMÍÐURINN „Ég byrjaði ungar að gera ýmsa hluti sjálfur og fullorðnaðist snemma,“ segir Haukur, sem verður meðal þeirra sem taka til máls í Víkinni í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

vinna utan heimilis en mínar aðstæður voru góðar miðað við margra því móðir hennar og þrjú systkini bjuggu á hæðinni fyrir ofan okkur og mikill samgangur var á milli. Ég hafði öruggt skjól en samt var engin tilfinningaúrvinnsla og pabba vantaði alltaf. Ég byrjaði ungar að gera ýmsa hluti sjálfur og fullorðnaðist snemma.“

Sama ár og Haukur missti föður sinn,

1963, fórust 55 íslenskir sjómenn. Fyrstu þrjú fjórðungar tuttugustu aldarinnar voru varðaðir sjóslysum. Steinar J. Lúðvíksson, blaðamaður og rithöfundur, skrifaði margar bækur um þá atburði undir heitinu Þrautgóðir á raunastund. Björgunar- og sjóslysasaga Íslands. Hann verður líka með fyrirllestur í kvöld í Víkinni. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis. gun@frettabladid.is



Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

SVEINBJÖRN INGIMUNDARSON
Álfaskeiði 43, Hafnarfirði,
áður bóndi á Yzta-Bæli,
Austur-Eyjafjöllum,

lést þriðjudaginn 30. desember.
Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju
föstudaginn 9. janúar kl. 13.00.



Örn Sveinbjarnarson
Sigurður Ingi Sveinbjarnarson
Markús G. Sveinbjarnarson
Ingimundur Sveinbjarnarson
Hrafn Sveinbjarnarson
Ester Sveinbjarnardóttir
Helga Sif Sveinbjarnardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Guðrún Ólóf Guðmundsdóttir
Selma Filippusdóttir
Anna Dóra Pálsdóttir
Magnús Sigurðsson
Haukur Örn Jónsson



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

MARGRÉT MATTHILDUR
ÁRNADÓTTIR
Flúðabakka 4, Blönduósi,

lést þann 22. desember sl.
Útförin fer fram frá Blönduóskirkju
laugardaginn 10. janúar kl. 14.00.



Ingi Einar Sigurbjörnsson
Erna Hallfríður Sigurbjörnsdóttir
Sigurður Agnar Sigurbjörnsson
Dóra Sigurbjörnsdóttir
Erla Sigurbjörnsdóttir
barnabörn og langömmubörn.

Signý Magnúsdóttir

S. Marzibil Lúthersdóttir
Porvaldur Skaftason
Árney Óskarsdóttir
Björn Ragnarsson



Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,

GUÐRÚN BRÍET TORFADÓTTIR
(DÚNNA)

Krókamýri 78, Garðabæ,

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold
26. desember. Útförin fer fram frá
Hafnarfjarðarkirkju á morgun,
fimmtudaginn 8. janúar, kl. 13.00.



Andrés Ingi Magnússon
Torfi Helgi Leifsson
Magnús Andrésson
Andrés Andrésson
Margrét Sif Andrésdóttir
Einar Þór Einarsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Margrét Sigurðardóttir
Rósa Þórarinsdóttir
Elfa Sif Jónsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

AGLA TULINIUS
læknaritari,
Ásholti 38, Reykjavík,

lést 22. desember. Útförin fer fram frá
Hjallakirkju föstudaginn 9. janúar kl. 13.00.



Guðmundur Karl Sigurðsson
Póra Sigurðardóttir
og barnabörn.

Auður Guðjónsdóttir
Jóhann Eysteinnsson



Ástkær eiginmaður, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

SIGURÐUR JÓNSSON
bóndi og veðurathugunarmaður,
Garði, Kelduhverfi,

sem lést þann 28. desember, verður
jarðsönginn frá Húsavíkurkirkju 10. janúar
kl. 11. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnst
hans er bent á Heilbrigðisstofnun Pingeyinga.



Jóhanna Ólafsdóttir
Ólafur Brynjar Sigurðsson
Jón Sigurðsson
Sigurgeir Sigurðsson
og fjölskyldur.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma,
langamma og langlangamma,

EINHILDUR ÞÓRA PÁLMAÐÓTTIR
Aðalgötu 5, Keflavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Hlévangi
sunnudaginn 1. janúar.
Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju
mánudaginn 12. janúar kl. 13.00.



Þór Pálmi Magnússon
Oddný Magnúsdóttir
Jón Kr. Magnússon
Halldóra Magnúsdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Hulda Guðmundsdóttir
Þórhallur Steinarsson
Linda Gunnarsdóttir
Ívar Guðmundsson



Okkar ástkæri

SIGURÐUR GUÐJÓNSSON
Brávallagötu 44, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans á jólanótt.
Jarðarförin fer fram 9. janúar kl. 13.00
í Fossvogskirkju.

F.h. ættingja og vina,
Tómas Óskar Guðjónsson



Elskuleg eiginkona mín, stjúpmóðir,
tengdamóðir, amma og langamma,
JÓNÍNA SIGURJÓNSDÓTTIR
sjúkraliði,
Glósólum 7, Kópavogi,

lést á jóladag, 25. desember. Útförin hefur
farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Guðmundur Gíslason



Ástkær eiginmaður minn og besti vinur,
hjartkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

ÁSGEIR MARKÚS JÓNSSON
flugvirki,
Bugðutanga 5, Mosfellsbæ,

lést að morgni 4. janúar á Landspítalanum
við Hringbraut.

María Marta Sigurðardóttir

Davíð Ásgeirsson
Rakel Ásgeirsdóttir
Samúel Ásgeirsson
Ólafur Jón Ásgeirsson
Gerður Rós Ásgeirsdóttir
Einar Gunnarsson
Lovísa Snorraddóttir
Sigurður Wiium
barnabörn.



Ástkær eiginkona mín og móðir okkar,

NANNA JÓNSDÓTTIR
Sunnubraut 41, Kópavogi,

sem lést á Vífilstöðum 23. desember
sl., verður jarðsöngin frá Bústaðakirkju
fimmtudaginn 8. janúar kl. 13.

Óskar Guðmundsson

Bjarni Þór Óskarsson
Helga Óskarsdóttir
Anna Kristín Óskarsdóttir
Oddný N. Óskarsdóttir
Sigurbjörg U. Guðmundsdóttir
Snorri Traustason
Patrich Wennergren
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, afi og langafi,

GUÐJÓN EINARSSON

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund
25. desember. Jarðarförin fer fram frá
Háteigskirkju föstudaginn 9. janúar kl. 13.00.

Fyrir hönd aðstandenda,
Edda G. Ólafsdóttir
Eiríkur Guðjónsson
Anna P. Guðjónsdóttir



Yndisleg móðir okkar,

SIGRÍÐUR ÞÓRÐARDÓTTIR
frá Norðfirði,

er látin.

Rúna Sæmundsdóttir
Kolbrún Sæmundsdóttir
Auður Stefánía Sæmundsdóttir
Sigurður Rúnar Sæmundsson
Björn Árdal
Nanna Hákonardóttir



Elskulegur eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

MAGNÚS H. MAGNÚSSON
bífvélavirki,

lést á líknardeild Landspítalans sunnudaginn
4. janúar.

Sigríður Bjarnadóttir

Hólmfríður Magnúsdóttir
Hildur Magnúsdóttir
Sigríður Magnúsdóttir
Magnús Magnússon
barnabörn og barnabarnabörn.





OYSTER PERPETUAL
DATEJUST LADY 31

ROLEX

MICHELSÉN
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 7. janúar 2015 | 1. tölublað | 11. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

**STAFRÆN
PRENTUN!**

GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN



MARGIR VILJA Í SAMSTARF MEÐ TULIPOP

→ Ævintýraheimur Tulipop hefur stækkað hratt með tilkomu fjárfesta í fyrra.

→ Eigendurnir finna fyrir miklum áhuga frá leikfanga- og affreyngariðnaðinum.

→ Selja vörur í yfir 20 verslunum í Bretlandi og stefna víðar með tímanum. **SÍÐA 6-7**

Mikkeller horfir til Reykjavíkur

Hópur tengdur eigendum gistiheimilisins Kex Hostels á í viðræðum við forsvarsmenn bjórframleiðandans Mikkeller um opnun á bar undir nafni danska fyrirtækisins í Reykjavík.

„Við erum í reglulegum samskiptum og það eru einhverjar þreifingar en þetta er enn á viðræðustigi og engir pappírar hafa verið undirritaðir,“ segir Ólafur Ágústsson, rekstrarstjóri veitingastaðarins Sæmundar í sparifötunum á Kexi Hosteli. → **SÍÐA 2**

Tók vinnuna fram yfir fótbolta

Daði Kristjánsson var ráðinn framkvæmdastjóri H.F. verðbréfa rétt fyrir jóla. Hann er einungis þrítugur að aldri en hefur starfað hjá fyrirtækinu síðastliðin fimm ár og þar á undan hjá Icebank.

„Ég var heppinn að komast þangað inn. Þetta var góður vinnustaður og ég fékk mikla ábyrgð strax frá fyrsta degi. Manni var hent út í djúpu laugina og þannig hefur það verið í gegnum minn feril. Maður hefur bara þurft að læra að synda,“ segir Daði. → **SÍÐA 8**

Olíulækkunin hefur áhrif á Fáfni

Starfsmenn Fáfnis Offshore vinna þessa dagana að verkefnum fyrir Shell í Bretlandi sem lýkur í næstu viku. Framhaldið er óljóst en Steingrímur Erlingsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, segir mikla lækkun olíuverðs hafa komið á óvart.

„Það sá náttúrulega enginn þessa verðlækkun fyrir en það sem hjálpar okkur er að við erum með ákveðna fasta samninga sem tryggja að við lifum þetta alveg af,“ segir Steingrímur. → **SÍÐA 4**



**STJÓRNAR-
MADURINN**

@stjornarmadur

Verðlækkun á heimsmarkaðsverði á olíu virðist skila sér hægar og síður inn í verðlag á eldsneyti til íslenskra neytenda.

→ **SÍÐA 12**

Fríar sjónmælingar með öllum seldum gleraugum

Tímamantanir í síma:

Optical Studio í Smáralind, 5288500

Optical Studio í Keflavík, 4213811

Optical Studio í Leifsstöð, 4250500

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

Hvert er planið?

Skjóðan

ÓVISSA ríkir í heilbrigðismálum þjóðarinnar. Fram undan virðast vera átök á vinnumarkaði og hagvöxtur er orðinn neikvæður samkvæmt mælingum Hagstofunnar. Forsætisráðherra kemur í viðtal á Sprengisandi og talar um að slíta formlega aðildarviðræðum við ESB í trássi við kosningaloforð og vilja þjóðarinnar og reynir að sannfæra þjóðina um að leki út úr stjórnkerfinu sé algengur og eðlilegur.

MATAR- og bókaskattar voru hækkaðir mikið um áramótin en efra þrep virðisaukaskatts lækkað lítið eitt. Ríkisstjórnin gerði engar ráðstafanir til að tryggja að lækkun efra þrepsins skilaði sér til neytenda heldur treystir á að markaðurinn sjái um það. Fyrstu merki benda til að lækkun efra þrepsins muni ekki skila

sér til neytenda heldur fari hún í hærri álagningu.

SKULDALEIÐRÉTTING ríkisstjórnarinnar var öðru fremur sérstök ríkisniðurgreiðsla til bankakerfisins sem tryggir bönkum endurheimtur á ónnheimtanlegum lánunum. Bankarnir hagnast um milljarðatugi á fákeppni og vaxtaokri en lána ekki til nýrrar verðmætasköpunar. Engin krafa er gerð um að banka-kerfið sníði sér stakk eftir vexti og skeri niður kostnað og yfirbyggingu.

RÍKISSTJÓRNIN virðist staðráðin í að festa raunverulegt eignarhald á fiskinum í sjónum varanlega í höndum örfárra. Markaðslausnum er ekki beitt til að tryggja ríkissjóði, fyrir hönd þjóðarinnar, eðlilegt endurgjald fyrir nýtingu fiskistofna og útgerðarfyrirtæki verða í skjóli einkaréttar til

auðlindarinnar æ fyrirferðarmeiri á öllum sviðum fjármála- og atvinnulífs. Útgerðarfyrirtæki setja milljarða í rekstur fjölmiðla og kaup á innflutnings- og olíudreifingarfyrirtækjum – allt í skjóli ríkisverndaðrar einokunar. Helstu lausnir ríkisstjórnarinnar og meirihluta hennar á Alþingi í atvinnu- málum virðast vera nauðaflutningar á ríkisstofnunum úr borg til landsbyggðar og fyrirheit um áburðarverksmiðju.

Á MEDAN notast er við minnsta og óstöðugasta gjaldmiðil í heimi verður engin erlend fjárfesting í nýjum atvinnugreinum, sem nauðsynlegar eru til að skapa þau verðmæti sem þarf til þess að þjóðin standi jafnfætis nágrannaþjóðum. Án sterks alþjóðlegs gjaldmiðils verður ekki samkeppni á íslenskum fjármála- og lánamarkaði. Ekki er nóg að lyfta gjaldeyrishöftunum ef ekki er ráðist

að rótum vandans. Þrátt fyrir næstum milljón ferðamenn á síðasta ári mælist enginn hagvöxtur. Einkaneysla Íslendinga er á svo hraðri niðurleið að stórfjölgun ferðamanna vegur ekki upp á móti. Getur það verið forgangsverkefni ríkisstjórnarinnar við þessar aðstæður að loka endanlega á glufuna til Evrópu og festa í sessi einkarétt örfárra aðila til helstu þjóðarauðlindar Íslendinga? Engin stefna er sjáanleg í peningamálum. Hafa menn einhverja hugmynd um hvernig gera má Ísland að eftirsóttum kosti fyrir alþjóðlegar fjárfestingar og atvinnustarfsemi? Ríkisstjórnin hefur nú setið tæpt hálf kjörtímabil en ekkert örlar á framtíðarsýn.

ER EKKERT plan?

SKJÓÐAN er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.



Gengi félaga í Kauphöll Íslands

12

Á UPPLIÐ
Félög sem hækkðu í verði

1

Á NIÐURLEIÐ
Félög sem lækkuðu í verði

1

STÓÐ Í STAÐ
Félög sem stóðu í stað

MESTA HÆKKUN

ÖSSUR
6,6% frá áramótum

ÖSSUR
6,6% í síðustu viku

MESTA LÆKKUN

NÝHERJI
-1,5% frá áramótum

NÝHERJI
-1,5% í síðustu viku

Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Bank Nordic (DKK)	104,0	0,0%	0,0%
Eimskipafélag Íslands	240,50	1,5%	1,5%
Fjaraskipti (Vodafone)	36,05	3,0%	3,0%
Hagar	41,65	3,0%	3,0%
HB Grandi	35,70	5,6%	5,6%
Icelandair Group	22,30	4,2%	4,2%
Marel	144,50	4,7%	4,7%
N1	23,50	1,3%	1,3%
Nýherji	5,10	-1,5%	-1,5%
Reginn	13,75	1,5%	1,5%
Sjóvá	12,00	0,4%	0,4%
Tryggingamiðstöðin	27,15	3,2%	3,2%
Vátryggingafélag Íslands	9,15	1,1%	1,1%
Össur	385,00	6,6%	6,6%
Úrvalsvisitalan OMXIB	1.314,47	4,4%	2,5%
First North Iceland			
Century Aluminum	3.300,00	0,0%	0,0%
Hampiðjan	22,50	-0,4%	-0,4%
Sláturfélag Suðurlands	1,85	0,0%	0,0%

Danskur bruggrisi vill opna bjórbar í borginni

Viðræður eru í gangi á milli hóps sem tengist eigendum Kex Hostels og bjórframleiðandans Mikkeller um opnun bjórbars í Reykjavík. Danski framleiðandinn rekur öldurhús í fjórum öðrum löndum.

VERSLUN

Haraldur Guðmundsson
haraldur@frettabladid.is

Hópur tengdur eigendum gistiheimilisins Kex Hostels á í viðræðum við forsvarsmenn bjórframleiðandans Mikkeller um opnun á bar undir nafni danska fyrirtækisins í Reykjavík.

„Við erum í reglulegum samskiptum og það eru einhverjar þreifingar en þetta er enn á viðræðustigi og engir pappírar hafa verið undirritaðir,“ segir Ólafur Ágústsson, rekstrarstjóri veitingastaðarins Sæmundar í sparifötunum á Kexi Hosteli.

„Þeim finnst Reykjavík vera spennandi markaður en það er ekki búið að negla neina ákveða staðsetningu niður. Það er allt opið,“ segir Ólafur.

Mikkeller var stofnað í Kaupmannahöfn árið 2006 og er almennt talið á meðal fremstu örbrugghúsa heims. Framleiðsluvörur fyrirtækisins hafa vakið mikla athygli en þær eru fánlegar í yfir fjóru títu löndum. Mikkeller rekur öldurhús og veitingastað í Danmörku en einnig í Stokkhólmi, San Francisco og Bangkok á Taílandi.

Ólafur hefur séð um skipulagn-



VESTANHAFS Mikkeller opnaði bar í San Francisco í júlí 2013 og nokkrum mánuðum síðar í Bangkok í Taílandi.

MYND/MIKKELLER

ingu árlegrar Bjórhatíðar Kex Hostels en starfsmenn Mikkeller hafa tekið þátt í hátíðinni síðustu tvö ár og kynnt vörur fyrirtækisins.

Ólafur vill ekki fara nánar út í hverjir það eru sem hafa áhuga á samstarfi við danska bjórframleiðandann. Á meðal eigenda gistiheimilisins eru Pétur Marteinsson, fyrrverandi knattspyrnumaður og framkvæmdastjóri Kex Hostels, Eður Smári Guðjohnsen, atvinnu- maður í knattspyrnu, og Dagur Sigurðsson, þjálfari þýska handboltalandsliðsins og félagsliðsins Fúchse Berlin.

„Peim finnst Reykjavík vera spennandi markaður en það er ekki búið að negla niður neina ákveðna staðsetningu niður.“

Dagatal viðskiptalífsins

keldan
dagatal viðskiptalífsins

MIÐVIKUDAGUR 7. JANÚAR

Hagstofan - Fjármál ríkissjóðs á greiðslugrunni

Hagstofan - Vöruskipti við útlönd

FIMMTUDAGUR 8. JANÚAR

Hagstofan - Heimsaffli 2012

FÖSTUDAGUR 9. JANÚAR

Hagar - Uppgjör 3. ársfjórðungs
Hagstofan - Efnahagslegar skammtimatölur í janúar 2015

ÞRIÐJUDAGUR 13. JANÚAR

Þjóðskrá - Fjöldi þinglýstra leigusamninga eftir landshlutum

Hagstofan - VSK velta í september og október 2013

Lánamál ríkisins - Útboð ríkisvixla

FIMMTUDAGUR 15. JANÚAR

Hagstofan - Gistinætur og gestakomur á hótélum í nóvember 2014

Hagstofan - Fiskaffli í desember 2014

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir

ÚTSALA ÚTSALA

ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR

YAMAHA KENWOOD PHILIPS Panasonic OLYMPUS

JVC GRUNDIG INTENSO UNITED tasco LG

harman/kardon JBL Dantax Nikon SanDisk enox.

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU
ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI



Skjót leið

til starfsmenntunar
Skapaðu þér **pitt eigið** góðæri



www.meiraprof.is



NÝI
ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRDUM 11 (ET-HÚSINU) - 104 REYKJAVÍK - SÍMAR: 588 4500 - 822 4502

www.meiraprof.is - rektorinn@gmail.com

Vinna fyrir Shell í Bretlandi en lækkun olíuverðs hefur sett strik í reikninginn

Framkvæmdastjóri Fáfnis Offshore segir mikla lækkun olíuverðs hafa komið á óvart. Fyrirtækið sinnir nú verkefnum fyrir Shell í Bretlandi sem lýkur í næstu viku. Framhaldið er óljóst en stefnan er sett á Svalbarða í maí.

ORKUMÁL

Haraldur Guðmundsson
haraldur@frettabladid.is



„Það sá náttúrulega enginn þessa verðlækkun fyrir en það sem hjálpar okkur er að við erum með ákveðna fasta samninga sem tryggja að við lifum þetta alveg af,“ segir Steingrímur Erlingsson, framkvæmdastjóri og stofnandi Fáfnis Offshore, um áhrif hratt lækkandi olíuverðs á rekstur fyrirtækisins.

Fáfnir sérhæfir sig í þjónustu við olíuborpalla og öðrum verkefnum á norðlægum slóðum. Fyrsta skip fyrirtækisins, Polarsysssel, var sjósett í mars síðastliðnum en það kostaði um 330 milljónir norskra króna eða rúma sex milljarða króna á þáverandi gengi. Verð á Norðursjávarolíu (e. Brent Crude) hefur síðan þá fallið um tæp 52 prósent. Verðlækkunin hefur leitt til verkefnaskorts hjá mörgum fyrirtækjum sem þjónusta olíuönduðinn og neytt þau til að draga saman seglin.

„Það er deginum ljósara að ef þorskerfi myndi lækka um 50 prósent þá myndi það hafa áhrif og að sjálfsögðu finnum við fyrir því þegar verð á afurðinni sem allt snýst um hefur lækkað svona mikið. Þetta hefur fyrst og fremst þau áhrif á okkur að það eru mörg verkefni sett á bið því þau þykja kannski ekki arðvænleg. Þá er ekki verið að ráðast í það að bora eftir olíu hvort sem það heitir á Drekasvæðinu eða hvar í veröldinni sem það svo sem er,“ segir Steingrímur.

Samningurinn á Svalbarða mikilvægur

„Framboð á skipum er þar af leiðandi meira núna heldur en oft áður en að sama skapi eru ekki fleiri skip atvinnulaus núna í augnablikinu heldur en á sama tíma á þessum árstíma. Þetta er alltaf lélegasti tími ársins,“ segir Steingrímur og útskýrir hvernig vetrarveður og hækkandi ölduhæð setja strik í reikninginn.

„Verðið eru aftur á móti lægra heldur en verið hefur. [...] Það þarf þó ekki að fara lengra til baka en til ársins 2009 þegar heimurinn gekk í gegnum svipaða hluti. [...] Það eru þó allir á því að það sé einungis spurning um hvenær þetta lagist því það er enginn að græða pening í dag og ekki einu sinni arabarnir þótt menn haldi öðru fram.“

Fáfnir gerði í fyrra tíu ára samning við norska ríkið um að sinna gæslustörfum á Svalbarða sem er sagður metinn á um sex milljarða króna. Fyrirtækið hefur einnig keypt annað og stærra skip, sem nú er í smíðum, og gerði í haust samning við Gazprom um að þjónusta olíuborpall rússneska stórfyrirtækisins í Pechora-hafi við norðvesturhluta Rússlands.



SKIPIÐ Polarsysssel er dýrasta skip Íslandssögunnar og er sérútbúið til að þjónusta olíuönduðinn.

MYND/HAYVARD

„Það verkefni er búið að þessu sinni. Gazprom þarf ekki á okkur að halda núna því Ísinn í Pechora-hafi er búið að setja þennan borpall í vetrardvala.“

Áhöfn Polarsysssels sinnir þessa dagana birgðaflytingum fyrir Shell í Bretlandi og siglir skipinu á milli borgarinnar Aberdeen í Skotlandi og borpalls olíufélagsins í Norðursjó.

„Við eigum eftir að vera þar í viku í viðbót. Hvert við förum eftir það er ekki vitað en ég get sagt þér þá að 1. maí verðum við aftur komin á Svalbarða.“

Lífeyrissjóðir eiga mikið undir

Í síðasta mánuði greindi Fréttablaðið frá því að framtakssjóðurinn Akur, sem er í eigu þrettán lífeyrissjóða, Íslandsbanka og VÍS, hefði keypt 30 prósent hlut í Fáfnis fyrir

1.260 milljónir króna. Fjárfestingarsjóðurinn Horn II er annar stærsti eigandi fyrirtækisins eftir hlutfjárfestingu sem farið var í síðasta sumar. Horn II er í eigu lífeyrissjóða, fjármálafyrirtækja og fagfjárfesta. Fjárfesting Horns fór í kaup á nýju skipi en aðkoma Akurs er ekki eyrnamerkt neinu ákveðnu verkefni.

„Núna undanfarið hafa einhverjir verið að spyrja af hverju lífeyrissjóðirnir hafi verið að fjárfesta í þessu. Þær fjárfestingar voru gerðar þegar markaðurinn var nú kannski ekki alveg farinn eins og hann er núna en það sem er að gerast núna hefur allt gerst áður,“ segir Steingrímur og heldur áfram:

„Það er deginum ljósara að við sem stofnuðum til þessarar útgerðar, allir sem hafa lagt pening í þetta, við vorum ekki

„Það eru þó allir á því að það sé einungis spurning um hvenær þetta lagist því það er enginn að græða pening í dag og ekki einu sinni arabarnir þótt menn haldi öðru fram.“

að horfa á þetta til einnar nætur. Hugsjónin á bak við Fáfnis Offshore er að þetta er langtímaverkefni þar sem við ætlum að koma okkur upp ákveðnum flota. [...] Eitt er alveg ljóst. Það kaupir enginn svona bát, eða fer inn í svona bransa nema til langs tíma. Fáfnir er því kominn til að vera og við ætlum að koma okkur upp í ákveðna stærð og kynna þennan iðnað fyrir íslensku samfélagi og viðskiptalífi.“

Verð á einni tunnu af Norðursjávarolíu féll í gær niður fyrir 53 Bandaríkjadali og hafði þá ekki verið lægra síðan í mars 2009.

Kostar 140 þúsund krónur:

Sony kynnir Walkman ZX2

Raftækjaframleiðandinn Sony hefur ákveðið að framleiða nýjan spilara undir heitinu Walkman ZX2. Nafnið vísar til vinsæla kasetuspilarans Walkman sem Sony framleiddi á níunda og tíunda áratug síðustu aldar.

Sony kynnti spilarann til sögunnar á tækniráðstefnu í Las Vegas á dögunum. Spilarinn mun kosta 1.110 dollara, um 142 þúsund krónur, innihalda 128 gígabæta geymsluminni og mun geta tengst öppum í gegnum Google Play.

-hg



Kaup sjávarútvegsfyrirtækisins á fjárfestingarfélaginu ESTIA hf. hafa verið samþykkt af Samkeppniseftirlitinu:

Samherji fær að eiga meirihluta í Slippnum

Samkeppniseftirlitið hefur samþykkt kaup Samherja á 80 prósent hlut í fjárfestingarfélaginu ESTIA hf. Samherji er eftir kaupin meirihlutaeigandi í Slippnum Akureyri hf.

Samþykkið er veitt með skilyrðum um að sjávarútvegsfyrirtækið fái ekki forgang að þjónustu skipasmíða- og málmvinnslufyrirtækisins.

„Telur Samkeppniseftirlitið að skilyrðin leysi hin samkeppnislegu vandkvæði sem af samrunanum kunna að stafa,“ segir í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins.

Greint var frá kaupum Samherja á 80 prósent hlut í ESTIA í Markaðinum í október síðastliðnum. Kaupverðið er trúnaðarmál en

ESTIA á 71 prósent hlut í Slippnum sem rekur skipasmíðastöð, dráttarbraut og flotkví á Akureyri.

Eiríkur S. Jóhannsson, stjórnarformaður Samherja, segir stjórnendur fyrirtækisins ekki hafa nein áform um breytingar á rekstri Slippins.

„Það eru engar byltingar í vændum og fyrirtækið mun halda áfram í óbreyttum rekstri,“ segir Eiríkur og heldur áfram:

„Það er eðlilegur fyrirvari í samþykkinu um að skip Samherja og tengdra aðila njóti ekki forgangs hjá Slippnum. Að okkar mati er það eðlilegt vegna þess að Slippurinn var ekki keyptur með það í huga að hygla Samherja heldur til að gera gott fyrirtæki enn betra.“

-hg



SLIPPURINN Samherji er nú meirihlutaeigandi í stærsta skipasmíðafyrirtæki landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUGUNN

Loksins færðu stuðning
í vinnunni

Knoll

CHADWICK STÓLLINN
SAMEINAR FALLEG FORM
OG HÁMARKSPÆGINDI.

Harpa / Skeifan 6 / Keflavíkuvöllur / 5687733 / epal@epal.is / epal.is



Tilboðsverð:

138.800kr*

Fullt verð: 198.500kr



HÖNNUÐUR: DON CHADWICK



ÆVINTÝRALEGUR HEIMUR TULIPOP Vinkonurnar Signý Kolbeinsdóttir og Helga Árnadóttir standa að fyrirtækinu Tulipop sem hefur vaxið hratt. Með auknum vexti fyrirtækisins og umsvifum utan Íslands hafa sífellt fleiri tækifæri komið á borð fyrirtækisins á öðrum sviðum en vöruframleiðslu. Fréttablaðið/Stefán

Mikill áhugi á ævintýraheimi Tulipop frá leikfanga- og afþreyingariðnaði

Þær Helga Árnadóttir og Signý Kolbeinsdóttir, eigendur Tulipop, finna fyrir áhuga ýmissa aðila í afþreyingargeiranum sem vilja koma Tulipop-heiminum í tölvuleiki eða sjónvarp. Slík verkefni eru hafin en á byrjunarstigi.

VIÐTAL

Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is



Fyrirtækið Tulipop var stofnað árið 2010 af vinkonunum Helgu Árnadóttur, tölvunarfræðingi og MBA, og Signýju Kolbeinsdóttur, vöruhönnuði og teiknara. Markmið Tulipop-ævintýraheimsins var og er að búa til skapandi og fallegar vörur fyrir börn sem höfðu til fólks á öllum aldri.

Markmiðið er enn hið sama en með auknum vexti fyrirtækisins og umsvifum utan Íslands hafa sífellt fleiri tækifæri komið á borð fyrirtækisins á öðrum sviðum en vöruframleiðslu, sem hafa meðal annars leitt til þess að Tulipop gaf út leik fyrir snjalltæki fyrr á árinu í samstarfi við breskan leikjaframleiðanda. Auk þess finna þær stöllur fyrir vaxandi áhuga fyrirtækja í leikfanga- og afþreyingargeiranum.

Signý: „Okkur finnst gífurlega spennandi að stíga frekari skref í átt að því að færa Tulipop-ævintýraheiminn og persónurnar til lífsins, og var leikurinn sem við gerðum liður í því.“

Helga: „Við erum búnar að reka þetta fyrirtæki í fimm ár. Signý skapaði ævintýraheiminn þar sem hver persóna hefur sína sögu. Það hefur mikil vinna farið í sköpunina og alveg frá því við byrjuðum að kynna Tulipop erlendis

höfum við verið spurðar að því hvort við ætluðum ekki að gefa út Tulipop-bækur, fara í sjónvarp og svo framvegis. Það er því gaman að finna fyrir vaxandi áhuga alls konar aðila í afþreyingargeiranum á Tulipop-heiminum sem vilja færa hann til lífs, svo sem í gegnum tölvuleiki eða sjónvarp eða annað. Við erum byrjaðar að vinna í einhverjum slíkum verkefnum, sem eru þó á algjöru byrjunarstigi enda geta slík verkefni tekið langan tíma.“

Einbeita sér að einum markaði

Tulipop hefur átt mikilli veltungni að fagna og selt vörur til yfir tíu landa. Fyrir einu og hálfu ári síðan tóku þær hins vegar þá ákvörðun að einbeita sér aðeins að markaðnum héraðs og í Bretlandi.

Helga: „Við fórum í smá naflaskoðun á þessum tíma þegar við ákváðum að það væri kominn tími til að fá fjárfesta inn í félagið. Við fórum yfir hvað var að virka og hvað ekki. Við höfðum verið að fara á mjög stórar vörusýningar og fá í kjölfarið pantanir frá mörgum löndum, kannski átta og komumst að því að oft var mjög erfitt að fylgja því almennilega eftir. Við fengum kannski pantanir frá nokkrum búðum í Hollandi, Þýskalandi og Frakklandi og sendum vörur þangað. Síðan hafði maður engin tók á því að heimsækja búðirnar, hringja í þær eftir þörfum eða hafa sam-

band við þarlenda fjölmiðla. Þannig að við ákváðum, af mörgum mismunandi ástæðum, að velja Bretland.“

En hefði komið til greina að stækka fyrirtækið hraðar til að mæta þessari auknu eftirspurn?

Helga: „Já. Hin leiðin hefði verið að fara á þessum tíma í risastóra hlutfjárakningu, selja nær allt fyrirtækið og stækka miklu hraðar. En okkur liggur bara ekkert svo mikið á. Við erum ekki með þannig vöru, eins og tæknivörur, þar sem skiptir öllu að vera fyrstur. Þannig að okkur fannst skipta meira máli að þróa þetta hæggar.“

Signý: „Við vildum líka eiga meira í fyrirtækinu. Á þessum tímamarki hefðum við ekki selt fyrirtækið mjög dýrt, það var ekkert hlutfé inni í því og vörurnar voru enn þá takmarkaðar.“

Í lok ársins 2013 fékk Tulipop fjárfesta til liðs við sig. Signý leiddi í kjölfarið þróun á breikkun vörulínu fyrirtækisins sem hefur stækkað mikið.

Signý: „Þetta er heimurinn minn. Það skipti mig þess vegna máli að hann væri útfærður á fallegan máta en ekki í einhverri flýtimeðferð.“

Helga: „En þetta er alltaf spurning, hversu hratt maður á að stækka. Okkur fannst ekki liggja neitt á, það væri betra að taka minna skref og síðan þegar að því kæmi að fjármagna teiknimyndaseríu eða leikföng eða eitthvað annað þá þyrftum við kannski að

stækka hraðar. Ef við síðan náum árangri í Bretlandi þá verður auðveldara að ná árangri annars staðar. Næsta skref verður hagkvæmara. Ná árangri á einum markaði og byggja svo á því annars staðar í stað þess að fara í sama átakið á mörgum mörkuðum í einu.“

Þær segja báðar að það sé mikil áskorun að skerpa fókusinn og kunna að segja nei.

Helga: „Á þessum fimm árum höfum við fengið alls konar spennandi fyrirspurnir, til dæmis frá Japan eða Suður-Ameríku, frá einhverjum sem hafa áhuga á Tulipop. En til að slíkt geti yfirleitt farið af stað þarf svo mörg skref. Það þarf að þýða upplýsingar yfir á annað tungumál, afla sér upplýsinga um innflutning í landið og svo framvegis. Þetta er fljótt að vinda upp á sig og síðan veit maður ekkert hvað verður úr því. Þannig að til að halda fókus og sinna þeim stöðum sem við erum á þá þarf að kunna að segja nei.“

Heimamarkaðurinn skiptir máli

Fyrirtækið sprengdi af sér húsnæði sem það var í á Hverfisgötu og hefur komið sér þægilega fyrir á góðum stað á Fiskislóð með útsýni yfir hafid. En er það hindrun að vera á litla markaðnum Íslandi?

Signý: „Nei, það hefur ekki reynst neitt voðalega erfitt. Stundum er fjarlægðin erfíð, að vera á þessari eyju. En þess vegna erum við að herja á Bretland, þangað er

„Pað er því gaman að finna fyrir vaxandi áhuga alls konar aðila í afþreyingargeiranum á Tulipop-heiminum sem vilja færa hann til lífs, svo sem í gegnum tölvuleiki eða sjónvarp eða annað.“

stutt að fara, flogið oft í viku og þægilegur tímamismunur.

Helga: „Ég hefði ekki trúað því fyrr en á reyndi hvað tímamismunurinn skiptir miklu máli. Framleiðendurnir okkar eru í Asíu og maður þyrfti helst að hringja í þá heiman frá, áður en maður mætir til vinnu á morgnana til að ná þeim á skrifstofutíma.“

Signý: „Þó að markaðurinn herna heima sé lítill þá skiptir hann líka máli. Grunnurinn að öllu öðru er að það gangi vel herna.“

Helga: „Já, það kemur oft fram á sýningunum að þetta sé íslenskt merki. Þá er spurt hvernig okkur gangi á Íslandi. Þá er gaman að segja frá hversu vel þetta hefur gengið hér. Við höfum fengið frá-

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



OFTAST FLOGIÐ TIL LONDON

Í desember var flogið áætlunarflug til 34 borga frá Keflavík. Flestar ferðirnar voru til London eða 20,3%. Næstu borgir á blaði voru Kaupmannahöfn en 10,6% ferða voru þangað, 8% til Óslóar og 5% til New York. Turisti.is greindi frá.

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél **12 kg** þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur
heitt og kalt vatn

Afkastamikill
þurrkari >



Amerísk
gæðavara



RAFVÖRUR

DALVEGI 16C · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Amerísk
gæðavara



HUMMUS ER GÓÐUR KOSTUR

SÓMI KYNNIR Hummus er frábært sem álegg, ídýfa og meðlæti. Upplagt til að auka hlut grænmetis í mataræði og er að auki glúten-, mjólkur- og eggjalaust.

Aldalöng hefð er fyrir hummus í Mið-Austurlöndum og er það hluti af Miðjarðarhafsmataræði sem margir telja vera mjög heilsusamlegt,“ segir Laufey Sigurðardóttir næringarrekstrarfræðingur.

Sómi setti hummus á markað fyrir um tveimur árum og hafa vinsældir þess farið sívaxandi á þessum tíma. „Hummus er að mestu úr kjúklingabaunum, þær eru maukaðar og blandað við þær tahini, sem er mauk úr sesamfræjum, sólþurruðum tómötum, sítrónusafa og ólífuolíu,“ lýsir Laufey. Hún segir hummus því góðan valkost. „Í hummusi er prótein, kalk og einómettaðar fitusýrur. Þá er það einnig glútenlaust, hnetulaust, án eggja og mjólkurvara.“

Laufey segir hummus uppplagt fyrir þá sem vilja auka hlut grænmetis í mataræðinu. Þá sé

hummus einnig afar fínn próteingjafi fyrir grænmetisætur.

Hummus er mjög bragðgott og gefur ýmsa möguleika. „Algengast er að nota það ofan á brauð,“ segir Laufey og mælir með því að smyrja hummusi á tvær grófar brauðsneiðar, setja ferska papriku og salatblöð á milli.

Þá má nota hummus í æði margt annað. Laufey nefnir sem dæmi að hummus sé mjög fin ídýfa með gulrótum, kexi eða hverju sem er. „Hummus má líka nota

í vefjur og svo er það mjög góður próteingjafi í salatbakknum og fínt að skipta út til dæmis kjúklingnum fyrir hummus.“

Verðið á hummus frá Sóma er mjög sambærilegt við önnur salöt frá fyrirtækinu. „Hummus er framúrskarandi valkostur í skólanestíð, í vinnuna eða gönguferðina.“

GOTT ÁLEGG

Laufey segir hummus ofan á brauð og í salöt njóta sívaxandi vinsælda.




ÚTSALA ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR

SJÓNVÖRP - ALLAR STÆRÐIR - FRÁBÆR VERÐ

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

Sólhattur



Engifer, Túrmerik og Bromelain blanda




natures aid®
Sérfræðingar í heilsu síðan 1981

Natures Aid
mæla með þessum
vítamínum og
bætiefnum fyrir
KVEF OG FLENSU

Styrking fyrir ónæmiskerfið





HEILSUBORG

- Þín brú til betri heilsu



- Ertu ekki að hreyfa þig reglulega?
- Eru kílóin að hlaðast á?
- Er svefninn í ólagi?
- Ertu með verki?
- Líður þér illa andlega?
-eða er hreinlega allt í rugli?

Taktu í taumana og finndu þitt jafnvægi

Núvitund
Hugarlausnir

Stoðkerfislausnir

Sofum betur

Hreyflausnir

Heilsumat

Borðum betur

Sjúkráþjálfun

Einstaklingsþjálfun

Aðhald hjúkrunarfræðings

Heilsulausnir

Sálfræðingar

Slökun

Offituráðgjöf

Svefnmælingar

Karlapúl

Orkulausnir

Eldum betur

60+



Kynningarfundur á námskeiðum Heilsuborgarskólans
fimmtudaginn 8. janúar kl 18:00

Hvað hentar þér? Hafðu samband og fáðu fría ráðgjöf

www.heilsuborg.is

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík • Sími 560 1010

Ábendingahnappinn má
finna á www.barnaheill.is



S A F T



FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



GULLMOLAR ÚTI UM ALLT Brussel er uppáhaldsborg Ernu.

KAÓTÍSK BORG

BORGIN MÍN Erna Ómarsdóttir, listrænn ráðgjafi Íslenska dansflokksins, á sér uppáhaldsborg. Sú er bæði skítug og kaótísk en þar er gaman að villast.

Uppáhaldsborgin mín er Brussel. Ég á í ástar- og haturssambandi við hana en ég var þar í námi frá 1995 til 1998. Eftir það vann ég í ólíkum borgum Evrópu en var með íbúð í Brussel sem stoppistöð á milli sýningarferða. Ég var þar allt til 2013 en þá flutti ég alveg með allt mitt hafurtask, börn og mann, til Íslands.



GAMAN AÐ VILLAST Erna Ómarsdóttir, listrænn ráðgjafi Íslenska dansflokksins, bjó mörg ár í Brussel. MYND/ERNIR

HVERNIG ER MANNLÍFIÐ?

Mannlífið fer aðeins eftir árs-tíðum, menn eru glaðir á sumrin, þegar og ef sólin skín, en þínu þunglyndir í skammdeginu. Í Brussel búa líka allra þjóða kvikindi sem er gaman, maður hittir mjög sjaldan innfædda Belga þar.

HVERNIG ER MATURINN?

Sá belgíski er mjög góður „basic“ matur en síðan er auðvitað hægt að finna mat frá öllum þjóðum og veitingahúsin eru mjög góð, oftast.

HVERNIG ER AÐ VERSLA?

Það eru nokkrir góðir markaðir í borginni, bæði matarmarkaðir, „secondhand“- og antíkmarkaðir. Tískustandardinn er mjög hár í Brussel og ég kynntist nokkrum góðum tískuhönnuðum þar. Svo verslaði ég við kaupmanninn á horninu milli þess sem ég fór í súpermarkaðinn.

ÁTTU UPPÁHALDSSTAÐ Í BORGinni?

Það var aðeins eitt kaffihús með góðu kaffi sem hét Moka. Fin de

siècle er líka góður og ódýr veitingastaður en sama starfsfólkið vann þar allan tímann sem ég bjó úti.

KOM EITTHVAÐ Á ÓVART VIÐ BORGINA?

Brussel er nokkuð skítug og kaótísk en það leynast gullmolar úti um allt. Það er mjög gaman að labba um og villast um borgina og eins og að labba á milli heimsálfa að ganga milli ólíkra hverfa.

HVAÐ Á AÐ GERA Í HEIMSÓKN Í BRUSSEL?

Leyfa sér að villast, fara í leikhús að sjá bæði dans og leikrit og aðra sviðslist. Smakka líka eins margar bjórtegundir og fólk kemst yfir og heimsækja eins margar súkkulaðibúðir og hægt er.

NÝ LEIÐ TIL AÐ LÉTTAST! MAGABANDSDÁLEIÐSLA



NÝJUNG
Á
ÍSLANDI

Magabandsdáleiðsla er lífsstílsbreyting.


Aðstoð við að léttast á nýjan og auðveldan hátt!

Með magabandsdáleiðslu færðu aðstoð við að borða minna af þeim mat sem þú ert þegar að borða.

Jón Víðis Jakobsson dáleiðari hefur hjálpað fjölda fólks að léttast og ná góðum árangri á þyngdarstjórnun sinni.


Upplýsingar og tímamantani: S. 895 3035 • jonvidis@tofrar.is

Úrval ljósa á betra verði



ÚTSALA

10-70% afsláttur



Opið:
Mánudag til föstudag kl. 10 - 18
Laugardag kl. 11 - 16
Sunnudag kl. 12 - 16
www.rafkaup.is

Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800

SVÍFANDI GLAÐUR EFTIR GÖNGU

FJALLGÖNGUR Þórólfur Jónsson hefur gengið á eitt fjall í hverjum mánuði undanfarin þrjú ár. Honum finnst ómetanlegt að upplifa fallega náttúru og afreka það að ganga upp á fjallstoppa. Hornstrandir eru í uppáhaldi hjá honum og hefur hann gengið mikið þar.

Þórólfur Jónsson, garðyrkju-
stjóri Reykjavíkurborgar,
og kona hans, Sigrún Val-
garðsdóttir, mannauðsstjóri hjá
Umhverfisstofnun, hafa gengið
á fjöll í fjölda ára víða um land.
Síðastliðin þrjú ár hafa þau gengið
reglulega en þau hafa tekið þátt
í verkefninu Eitt fjall á mánuði á
vegum Ferðafélags Íslands. „Fyrir
25 árum gengum við töluvert og
höfum alltaf gert eitthvað af því
í gegnum tíðina. Hér áður fyrr
fórum við víða, meðal annars á
Snæfellsjökul, Eyjafjallajökul og
Laugavegin. Fyrir þremur árum
ákváðum við að taka okkur taki og
fórum í þetta verkefni. Það heldur
manni við efnið og þegar verk-
efnið er komið í dagbókina þá fer
maður. Annars er auðvelt að af-
saka sig með leiðinlegu veðri eða
öðrum fyrirslætti,“ segir Þórólfur.

Aðspurður um uppáhalds-
staðinn til göngu segist hann hafa
sérstakt dálæti á Hornströndum
en þangað fara þau hjón á hverju
sumri. „Ég er ættaður þaðan og
þar eigum við hús. Við höfum
gengið mikið þar um en annars
vorum við heppin með veður
þegar við gengum fyrir löngu á
Eyjafjallajökul og eins á Laugaveg-
inum. Við lentum líka í sólstrand-
arveðri í þúsund metra hæð þegar
við gengum nýverið á Heiðar-
horn í Skarðsheiðinni. Annars er
það þannig að hver vel heppnuð
ferð er efst í huga manns hverju
sinni. Og þegar ég hugsa um það
þá eru ferðirnar þegar veðrið er
leiðinlegt líka eftirminnilegar. Þá er
ferðin einfaldlega meiri áskorun en
ánægjan við að vera úti er alltaf til
staðar. Það er ómetanlegt að upp-
lifa fallega náttúru og tilfinningin
um að hafa afrekað eitthvað er
alltaf góð. Ég svíf alveg þegar ég er
kominn niður eftir göngu, búinn að
reyna á mig og horfi stoltur upp á
tindinn og hugsar: „Þangað fór ég.“

Þau hjónin ætla líklega að halda
áfram í verkefninu og ganga á
eitt fjall í hverjum mánuði fjórða



árið í röð. „Við erum ánægð með
þá Örvar og Ævar Aðalsteins-
syni sem sjá alfarið um verkefnið.
Þetta eru allt dagsferðir sem við
höfum farið nú undanfarið en áður
fyrir fórum við í lengri ferðir með
tjald. Ég get ekki neitað því að það
kitlar að prófa það aftur en við
erum ekkert búin að plana það en
það gæti gerst,“ segir Þórólfur og
brosir.



Á VÖRÐUFELLI Hópur-
inn í verkefninu Eitt fjall
á mánuði hefur gengið
á mörg fjöll í nágrenni
höfuðborgarsvæðisins.

Á HEIÐARHORNI
Þar lentu hjónin í sól-
strandarveðri í þúsund
metra hæð.

MAGAMINN KUN ÁN SKURÐAÐGERÐAR

JÓN VÍÐIS KYNNIR Þarftu að léttast og vilt gera það á áhrifaríkan og auðveldan hátt? Dáleiðsla getur hjálpað. Jón Víðis Jakobsson býður upp á sýndarmagabandsaðgerð með dáleiðslu sem hefur virkað vel.

Sjálfur hefur Jón Víðis lést um þrjátíu
kíló á einu ári með dáleiðslu án
þess að breyta mataræðinu. Þeir
sem hann hefur tekið í magabandsd-
leiðslu hafa náð mjög góðum árangri og
kílóin hrunið af þeim. „Ég hef engu breytt í
mataræði mínu nema að nú borða ég mun
minna en ég gerði áður. Magabandsd-
leiðsla er sýndaraðgerð. Fólk er dáleitt til
þess að hætta að borða þegar þau er búin
að fá nóg. Venjuleg magabandsaðgerð er
skurðaðgerð sem er gerð til þess að fólk
borði minna. Í sýndarmagabandsaðgerð
er dáleiðslan notuð til að ná sama árangri
án þeirra óþæginda og aukaverkana sem
óneitanlega fylgja skurðaðgerð. Niður-
staðan er að fólk borðar minna og léttist
örugglega,“ útskýrir Jón.

„Fólk upplifir sig eins og það hafi minna
magamál sem hefur virkað mjög vel á
þá sem vilja léttast. Fólk kemur fjórum
sinnum í dáleiðslu og fær með sér disk
til að hlusta á heima til að halda sér við.
Síðan er einn eftirtýlgnitími að lokum.
Þessir fimm tímar eru nægilegir til að fólk
léttist, fyrst hratt en síðan jafnt og þétt,“
segir Jón.

„Ef fólk fylgir því sem fyrir það er lagt

þá virkar þetta mjög vel. Í fyrsta tímanum
er fólk dáleitt og upplifir sig síðan eins og
það hafi farið í aðgerð. Þegar það mynd-
ar sér að maginn hafi minnkað borðar
það ósjálfrátt minna. Þetta virkar strax
á fyrstu dögum. Fullt verð á meðferðinni
er 60 þúsund krónur en 50 þúsund stað-
greitt. „Ef fólk er tilbúið til að prófa d-
leiðslu er hægt að hjálpa því,“ segir Jón.
„Það eru engar aukaverkanir og ekkert að
óttast,“ segir hann.

„Ég lærði aðferðina í Las Vegas hjá
enskum dáleiðara, Sheilu Granger, en
hún er frumkvöðull í þessari aðferð sem
hún hefur kennt víða um heim. Dáleiðsla
hefur oft verið notuð til að hjálpa fólk að
léttast en þessi einstaka aðferð er hennar
hugmynd. Hún gefur fólk færi á að breyta
lífsstílnum án þess að fara í megrun. Fólk
getur áfram borðað sama matinn en bara í
minni mæli,“ segir Jón Víðis.

Hægt er að panta tíma í síma 895 3035
eða senda skilaboð á netfangið: jonvidis@
tofrar.is

LÉTTIST UM 30 KÍLÓ

Jón Víðis hefur notað dáleiðslu
í baráttunni við aukakílóin.

MYND/GVA



bær viðbrögð og margir þekkja vörumerkið. Svo eru vörurnar til sölu í svo flottum verslunum. Þetta skiptir allt miklu máli og ég held að maður hafi kannski vanmetið það orlítið í upphafi hvað góður árangur á þessum litla heima-markaði, að hafa trausta fótfestu þar, getur skipt miklu máli.“

Mikilvægt að hitta fólk

Á síðasta ári seldi Tulipop vörur sínar í hátt í tuttugu verslunum í Bretlandi. Þær stöllur hafa fengið mikið af fjölmiðlaumfjöllun þar í landi og í lok síðasta árs fengu þær viðurkenningar frá Junior Awards, fremstu hönnunarverðlaunum á sviði barnavara. Þá hafa þær ráðið sér sölufulltrúa í London sem sér um að sinna viðskiptavinum þeirra þar, sýna vörur og taka við pöntunum.

Helga: „Þetta gengur vel. Það eru alltaf fleiri og fleiri búðir farnar að hafa samband að fyrra bragði við okkur og maður veit ekki alltaf alveg af hverju það stafar. Sérstaklega í lok síðasta árs.“

Signý: „Það er alltaf miklu skemmtilegra þannig heldur en að við séum að hafa samband með vörurnar okkar. Til dæmis seldum við til eistneskrar keöju fullt af vörum, þá hafði kona þaðan komið á vörusýningu þar sem við sýndum. Stundum dettur bara eitthvað inn þótt maður sé ekkert að reyna.“

Þær segja vörusýn-

ingarnar skila miklu, þar myndi þær tengsl og fá tækifæri til að sýna vörulínurnar í sínu rétta umhverfi.

Helga: „Fyrst vorum við ekki vissar hverju þetta myndi skila. Veltum því fyrir okkur hvort þetta væri kannski svolítið „gamla leiðin“ sem virkaði best fyrir tíma internetsins. En þær eru mjög mikilvægar. Flestir innkaupastjórar verslana fara á svona sýningar að skoða. Þótt þeir panti kannski ekki endilega á sýningunni sjálfri þá myndast þar tengsl sem eru dýrmæt.“

Signý: „Það skiptir líka máli að hitta fólk af holdi og blóði. Það gildir greinilega enn þá að það er dýrmætt að hitta manneskjur augliti til auglitis og taka í hendurnar á þeim í stað þess að vera bara í rafrænum samskiptum.“

Vilja vera alls staðar

En hver er draumastaðan hjá Tulipop?

Signý: „Markmiðið hjá okkur í upphafi var að framleiða vörur sem allir væru ánægðir með; mömmur og pabbar og börnin. Að það séu allir glaðir þegar heim er komið með vör-



„Markmiðið hjá okkur var að framleiða vörur sem allir væru ánægðir með, mömmur, pabbar og börnin. Að það séu allir glaðir þegar heim er komið með vöruna.“

una. Foreldrarnir eru glaðir af því að vörurnar eru smekklegar og þeir eru til í að hafa þær heima hjá sér. Börnin eru líka glöð. Það hefur sýnt sig á vörusýningunum að þau sagast að þessu, sem er gott.“

Helga: „Svo hafa fullorðnir líka verið að kaupa vörurnar okkar. Við höfum heyrt af fólki sem hefur sett matarstellin okkar á brúðkaupsgjafalistana sína. Það er skemmtilegt.“

Signý: „En draumastaðan er sífellt að breytast. Fyrir rúmu ári síðan var það bara að geta lifað af þessu á sæmilegum launum. Nú hefur það ræst og þá verður draumurinn annar og maður gleymir hinu. Svo breytist þetta enn aftur þegar sá rætist.“


Helga: „Draumastaðan í upphafi var bara að búa til vörur utan um karaktera sem gætu náð árangri á heimsvísu.“

Signý: „Ætli draumurinn sé ekki að vera á endanum komnar með teiknimyndir, bíómyndir, leikföng, tölvuleiki og vera bara alls staðar.“



TULIPOP-HEIMURINN í Tulipop búa krúttlegar og heillandi persónur eins og sveppastrákurinn hugljúfi Bubble, sem ann öllu sem hrærist, og systir hans Gloomy, hugrakka og ævintýragjarna sveppastelpan sem hræðist ekkert.

iPhone Aukahlutir



iSíminn
Skiopholti 21

Valdi vinnuna fram yfir fótboltann

Daði Kristjánsson var ráðinn framkvæmdastjóri H.F. verðbréfa rétt fyrir jól. Hann er Akureyringur og starfaði áður hjá Icebank. Fótbolti og golf eru aðaláhugamálin en Daði lék með Þór á Akureyri, Stjörnunni og Víkingi.

SVIPMYND

Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is

„Ég þekki fyrirtækið mjög vel og hef eytt síðustu dögum í að fara yfir þær áherslur sem ég ætla að koma með hingað inn,“ segir Daði Kristjánsson, nýráðinn framkvæmdastjóri H.F. verðbréfa.

Daði hefur starfað hjá fyrirtækinu síðastliðin fimm ár og þar af í tæp þrjú ár sem forstöðumaður markaðsviðskipta. Hann er Akureyringur, ættaður úr Aðaldalnum og Hafnarfirði, og stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri.

„Ég fór í iðnaðarverkfræði í Háskóla Íslands eftir stúdentinn. Síðan lauk ég einnig meistaraþráðu í fjármálahagfræði í febrúar á síðasta ári en ég tók þá gráðu með vinnu,“ segir Daði og bætir við að hann hafi unnið með námi frá því hann var ráðinn til Icebank, áður Sparisjóðabanka Íslands, í maí 2007.

„Ég var heppinn að komast þangað inn. Þetta var góður vinnustaður og ég fékk mikla ábyrgð strax frá fyrsta degi. Manni var hent út í djúpu laugina og þannig hefur það verið í gegnum minn feril. Maður hefur því bara þurft að læra að synda,“ segir Daði og heldur áfram:

„Það var gríðarlega lærdómsríkt að fara í gegnum hrúnið og fá að kynnast þessari geðveiki

sem var árið 2007. Þetta voru mín fyrstu kynni af markaðinum, mjög óheilbriggt allt saman, en mikil reynsla.“

Daði er mikill áhugamaður um knattspyrnu en hann lék sjálfur í efstu deild með íþróttafélaginu Þór á Akureyri. Hann lék einnig með Stjörnunni í Garðabæ og Víkingi en lagði skóna á hilluna svo hann gæti einbeitt sér að starfsframanum.

„Ég er þó alltaf að leika mér eitthvað í fótbolta og svo er ég mikill stuðningsmaður Tottenham,“ segir Daði og útskýrir að

hann sé bæði Þórsari og Stjörnumaður.

„Ég hef búið í Garðabænum frá 2008 og spilaði með báðum liðum. Svo hef ég líka verið mikill í golfinu síðustu ár og svo er maður einnig orðinn mikill fjármálanörd. Ég held að maður komist ekki áfram í þessum bransa nema hafa virkilega gaman af því sem maður er að gera og hafa brennandi áhuga á starfinu. Það er bullandi samkeppni í þessum bransa og þá þarf maður að vera vakinn og sofinn yfir þessu og það gerist ekki ef áhuginn er ekki til staðar.“

MÁLGLAÐUR KEPPNISMAÐUR



„Daði er eldklár og duglegur. Hann er laus við allan hroka og er jafnframt auðmjúkur í samskiptum sem ég held að nýtist

honum vel í starfi. Ég kynntist Daða fyrst á íþróttavöllum Akureyrar á yngri árum og þessi auðmjúkt hans kemur sjálfsgagt þaðan, enda áttu Þórsarnir litla möguleika gegn okkur í KA. Mikil málgleði Daða er í fínu lagi enda er hann þrælskemmtilegur en kom hópnun þó stundum í koll í verkfræðináminu þegar skilafresturinn var að renna út og hann bara rétt hálfnaður með sögur dagsins.“

Baldvin Þorsteinsson,
forstjóri Jarðborana



„Það sem fyrst vakti athygli mína varðandi Daða, þegar ég byrjaði hjá H.F. verðbréfum fyrir tæpu tveimur og hálfu ári, var

hversu agaður og iðinn hann er í vinnunni en á sama tíma mjög léttur. Hann hefur mikinn metnað og leggur sig ávallt allan fram. Innan fyrirtækisins er mikil ánægja með að hann sé að taka við sem framkvæmdastjóri og starfsmenn standa þétt við bakið á honum. Keppnisskap hans úr fótboltanum, leikgleðin og skilningur hans á liðsheild á á efa eftir að nýtast honum vel í nýja starfinu.“

Íris Arna Jóhannsdóttir,
lögfræðingur H.F. verðbréfa.



AKUREYRINGUR Daði Kristjánsson er iðnaðarverkfræðingur með meistaraþráðu í fjármálahagfræði.

Vöndum betur til lagasetningar

Skoðun

Haraldur I. Birgisson,
verkefnastjóri á skatta-
og lögfræðisviði Deloitte



Símon Þór Jónsson,
meðeigandi á skatta- og
lögfræðisviði Deloitte



Eins og undirritaðir hafa áður fjallað um þá var lögum um tekjuskatt breytt í lok árs 2013 í þá veru að leiðbeiningar OECD um milliverðlagningu voru innleiddar, en þær taka til viðskipta milli tengdra aðila. Umrædd lög tóku gildi 1. janúar 2014 en í þeim var kveðið á um að ráðherra skyldi gefa út reglugerð um nánari framkvæmd þeirra.

Beðið í ár eftir reglugerð

Á morgunverðarfundum sem Deloitte held í mars í fyrra kom fram að fjármála- og efnahagsráðuneytið hygðist gefa út þá reglugerð í júní síðastliðnum. Því miður tafðist sú vinna og voru drög að reglugerðinni birt 13. október síðastliðinn. Í kjölfarið fundaði ráðuneytið með Deloitte og fleiri aðilum auk þess sem milliverðlagsreglurnar voru ræddar á fundi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis. Þegar þetta er skrifað hefur reglugerðin ekki verið gefin út.

Þrátt fyrir ágætt samráðsferli ráðuneytisins þá eru tafir af þessum toga bagalegar og skapa ákveðna réttaróvissu, því lögin hafa gilt um viðskipti tengdra aðila frá síðustu áramótum enda þótt inntak þeirra hafi ekki enn verið ákvarðað með reglugerð. Þá er jafnframt bagalegt að reglugerðar-drögin feli í sér viðbótarkvaðir sem alla jafna má ekki finna í nágrannaríkjum okkar og fela þannig í sér aukna reglubyrði fyrir íslensk fyrirtæki.

Takmarkað svigrúm til aðlögunar

Hvað tafirnar varðar þá helgast þær sumpart af aðdraganda lagasetningarinnar. Í stuttu máli var aðdragandinn þannig að í september 2012 skipaði ráðherra starfshóp til að undirbúa

upptöku milliverðlagsreglna, gera tillögur að slíkum reglum og semja drög að frumvarpi fyrir haustið 2013. Starfshópurinn skilaði áfangaskýrslu í maí 2013, en lokaskýrsla var aldrei birt. Engu að síður var frumvarp um reglurnar lagt fyrir Alþingi 29. nóvember 2013, það samþykkt 21. desember og tók það gildi ellefu dögum síðar.

Þótt áfangaskýrslan og frumvarpið séu ágæt lesning þá verður ekki fram hjá því lítið að leiðbeiningar OECD eru um 375 blaðsíður og á grunni þeirra hefur OECD birt fjölda tengdra rita sem spanna annan eins fjölda blaðsíðna og gott betur. Til samanburðar þá eru áfangaskýrslan og frumvarpið um fimmtán blaðsíður. Dýpt vinnunnar var þannig verulega takmörkuð samanborið við viðfangsefnið og í löggjafarferlinu var of lítið gætt að svigrúmi fyrirtækja til að aðlagast þessu umfangsmikla regluverki.

Reglubyrði aukin að óþörfu

Efnahags- og viðskiptanefnd gaf þó nýverið út í nefndaráli að fyrirtæki þyrftu ekki að útbúa svokallaða milliverðlagsskjölun fyrir en frá og með rekstrarárinu 2015 í stað 2014, sem er jákvætt út af fyrir sig í ljósi takmarkaðs undirbúnings. Það gagnast þó ekki nema að hluta þeim fyrirtækjum sem voru þegar byrjuð að undirbúa umrædda skjölun fyrir yfirstandandi rekstrarár með tilheyrandi útgjöldum.

Þá veldur það vonbrigðum að frumvarp sem lagt var fyrir Alþingi í nóvember, um breytingar á milliverðlagsreglunum, feli ekki í sér undanþágu fyrir aðila sem eingöngu eiga í viðskiptum við aðra innlenda aðila. Öll rök hníga að því að íþyngja slíkum aðilum ekki um of enda markmið leiðbeininganna fyrst og fremst að varna því að lögaðilar flytji skattstofna til annarra landa. Slík undanþága væri enn fremur í takt við nálgun margra landa og aðgerðaaætlun ríkisstjórnarinnar um einfaldara regluverk. Auk þess má finna dóma á vettvangi Evrópuþingmálsins sem rökstyðja að slík undanþága gæti staðist ákvæði EES-samningsins, þ.e. að ekki væri um mismunun að ræða.

Öll rök hníga að því að íþyngja slíkum aðilum ekki um of enda markmið leiðbeininganna fyrst og fremst að varna því að lögaðilar flytji skattstofna til annarra landa.

Samkvæmt upplýsingum Deloitte þá stendur vilji þeirra sem komið hafa að ferlinu til þess að undanþygja viðskipti á milli tengdra innlendra aðila og vera kann að það verði niðurstaðan þegar frumvarpið verður afgreitt sem lög á þessu ári. Þá mun þessi kvæð á innlenda aðila hafa legið fyrir í lögum í rúmt ár og kallað á kostnað fyrir þá aðila sem höfðu byrjað að vinna samkvæmt henni, án þess að hún hafi nokkurn tímann orðið virk í raun.

Færum ferlið til betri vegar

Það að Alþingi hafi ekki auðnast tími til að afgreiða áðurnefnt frumvarp fyrir þinghlé í desember leiðir hins vegar til frekari tafa. Vonandi verður tíminn þó nýttur til að færa milliverðlagsreglurnar til betri vegar. Hvernig sem fer þá hlýtur að vera ljóst að ferli af þessum toga við setningu laga og reglna er vart til eftirbreytni, né þá heldur að leggja óþarfa byrðar á fyrirtæki án greinargóðs rökstuðnings.

Því er mikilvægt að draga lærdóm af þessari vegferð milliverðlagsreglna og vanda eftirleiðis betur undirbúningu laga á sviði skattamála, gefa fyrirtækjum meira svigrúm til að aðlagast þeim og bæta frekar samráð við innlenda sem erlenda hagsmunaaðila á öllum stigum til að draga úr líkum á að óþarfa reglubyrði verði leidd í lög.



HILDUR RAGNA KRISTJÁNSDÓTTIR



SIGRÚN JÓNSDÓTTIR

Logos ræður skrifstofustjóra og forstöðumann fjárhagsdeildar:

Nýir starfsmenn hjá Logos lögmannsstofu

Logos lögmannsþjónusta, ein stærsta lögmannsstofa landsins, hefur bætt við sig fjórum nýjum starfsmönnum. Þar á meðal hefur verið ráðinn nýr skrifstofustjóri og forstöðumaður fjárhagsdeildar.

Hildur Ragna Kristjánsdóttir hefur verið ráðin skrifstofustjóri. Hildur er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands, með M.Sc.-gráðu í stjórnun frá BI-háskólanum í Ósló. Hildur er einnig útskrifuð sem markþjálfari frá fyrirtækinu Evolvía. Helstu verkefni skrifstofustjóra felast í umsjón með rekstrarsviðum félagsins. Hildur hefur margra ára starfsreynslu frá Nýherja og Eimskipum og hefur undanfarin ár starfað sem framkvæmdastjóri Heilsuborgar.

Sigrún Jónsdóttir hefur verið ráðin forstöðumaður fjárhagsdeildar. Sigrún er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og hefur starfað sem verkefnastjóri hjá Deloitte síðustu þrettán ár. Hjá Deloitte sinnti Sigrún endurskoð-

un og uppgjöri stórra og smárra fyrirtækja, stýrði ýmsum starfsmannatengdum málum á endurskoðunarsviði ásamt umsjón með úttektum og gæðamálum. Sigrún mun bera ábyrgð á fjárreiðum félagsins og rekstri fjárhagsdeildar.

Þá voru einnig ráðnir tveir fulltrúar til að sinna lögfræðilegum verkefnum. Það eru þeir Freyr Snæbjörnsson og Kristófer Jónsson.

Freyr útskrifaðist með MA-gráðu í lögfræði frá Háskóla Íslands í janúar 2014. Hann hóf störf hjá LOGOS lögmannsþjónustu eftir útskrift en hafði áður starfað hjá fyrirtækinu sem laganemi samhliða námi frá árinu 2013.

Kristófer útskrifaðist með MA-gráðu í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík vorið 2014 en hann starfaði áður sem laganemi hjá LOGOS lögmannsþjónustu samhliða námi frá árinu 2012.



Make it matter.



Nettari afgreiðsla

HP RP2 kassakerfislausnin

Intel® Quad Core™ J2900 Pentium®

J2A63AV



Fyrirferðalítill vinnupjarkur

HP RP2 kassakerfið er traust og áreiðanleg lausn sem uppfyllir ströngustu kröfur og er hönnuð fyrir langtímanotkun.

Meiri sveigjanleiki

Stilltu skjáinn eins og þér hentar best hvað varðar hæð, snúning og sjónarhorn og veldu þá aukahluti sem hæfa þínum rekstri.

Kynntu þér RP2 kassakerfalausnina nánar á www.ok.is/rp2/

Allar nánari upplýsingar á www.ok.is.
Intel, merki Intel, Intel Inside, Intel Inside merkið, Intel Atom og Intel Atom Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eda öðrum löndum.

OPIN KERFI

Sérfræðingar þér við hlið



OPIN KERFI | HÖFDABAKKA 9 | 110 REYKJAVÍK | SÍMI 570 1000 | OK@OK.IS

Vel hægt að bíða með að slíta viðræðum við ESB:

Mikilvæg mál yrðu sett í biðstöðu

Segja má að stjórn málaumræðan hafi byrjað með hveli strax á fjórða degi ársins þegar Sigmundur Davíð Gunnlaugsson sagði í þættinum Sprengisandi á Bylgjunni að búast mætti við tillögu um Evrópusambandið á yfirstandandi þingi. Viðbrögðin létu ekki á sér standa. Össur Skarphéðinsson, fyrrverandi utanríkisráðherra, gagnrýndi Sigmund í gær. Það gerði Vilhjálmur Bjarnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, líka. Í kvöldfréttum Stöðvar 2 sagðist hann ekki geta stutt slíka tillögu í utanríkismálanefnd.



Markaðshornið

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@frettabladid.is

Núna í næstu framtíð eru hins vegar brýnni málefni fyrir ríkisstjórnina og Alþingi að leita úrlausnar á en Evrópusambandsmál.

Eftir að Samfylkingin og VG ákváðu að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið á síðasta kjörtímabili, þvert gegn stefnu VG, var ákveðið skömmu fyrir kosningar að gera hlé á aðildarviðræðum. Væntanlega vegna þess að málið þætti ekki til þess fallið að afla VG vinsælda í kosningunum 2013. Og þar er staða málsins óbreytt um það bil tveimur árum seinna.

Það ætti svo sem ekki að koma neinum á óvart ef Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra tæki ákvörðun um að leggja fram tillögu um að hætta formlega aðildarviðræðum. Slík tillaga er beinlínis boðuð í þingmálaskrá sem gerð var opinber í haust. Eftir stendur spurningin hvort slík tillaga yrði skynsamleg. Gríðarlegur tími fór í umræður um málið þegar utanríkis-

ráðherra lagði fram sambærilega tillögu fyrir ári.

Orðræða og háttalag á þinginu varð með þeim hætti að enginn þingmaður getur verið stoltur af og þingmálið ekki afgreitt.

Eftir stóð að ýmis mál, sem lögð voru fram í þinginu, voru enn eftir óafgreidd við þinglok.

Ég velti því fyrir mér hvort ekki yrði skynsamlegra að halda stöðu mála varðandi ESB óbreyttri fram að næstu kosningum. Þá væri vel við hæfi að frambjóðendur mótuðu sér skýra stefnu um aðild að Evrópusambandinu, sem gæti orðið grundvöllur að afstöðu kjósenda til þeirra í kosningunum. Ég leyfi mér að fullyrða að sú stefna hafi verið mjög óskýr fyrir síðustu kosningar. Og hugsanlega myndi þá koma til nýs framboðs hægrimanna sem krefjast aðildar.

Núna í næstu framtíð eru hins vegar brýnni málefni fyrir ríkisstjórnina og Alþingi að leita úrlausnar á en Evrópusambandsmál.

Þar nefni ég fyrst og fremst kjaraviðræður, úrlausn á málum sem tengjast fjármagnshöftum og mótun framtíðarstefnu í peningamálum.

Þá þarf Alþingi einnig að afgreiða önnur brýnn mál eins og frumvarp félagsmálaráðherra um framtíðarskipan húsnæðismálalána, frumvarp fjármálaráðherra um opinber fjármál og frumvarp til að rýmka fjárfestingaheimildir lífeyrissjóða.

En tvö síðarnefndu þingmálin voru lögð fram á síðasta þingi án þess að þau yrðu afgreidd.

Svolítil hækkun á mörkuðum eftir fall út af olíuáhyggjum



KAUPHÖLLIN Miðlarar á gólfinu í Kauphöllinni í New York í Bandaríkjunum vörpuðu öndinni léttar í gær eftir að hlutabréf hækkuðu örlítið í verði. Daginn áður höfðu þau hrapað í verði, vegna mikils ótta um áframhaldandi lækun olíuverðs. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Nýsköpun á nýju ári

Sköðun

Almar Guðmundsson
framkvæmdastjóri
Samtaka iðnaðarins



Allar þjóðir eiga gríðarlega mikið undir nýsköpun. Í henni felst aukin framleiðni bæði vinnuafis og fjármagns. Aukin framleiðni er undirstaða sjálfbærrar hagvaxtarþróunar, þar sem vöxtur getur orðið meiri og stöðugri en ella. Það er eftirsóknarvert fyrir allar þjóðir að skapa slíkt umhverfi. Fyrir okkur á Íslandi er þetta í raun enn mikilvægara, enda er hagkerfið lítið og áskorunin að ná stærðarhagkvæmni því meiri en víðast annars staðar. Viðskiptaumhverfi á Íslandi þarf að ýta undir frumkvöðlastarf og nýsköpun. Margt hefur áunnist en það bíða okkar líka áskoranir á nýju ári.

Stjórnvöld hvetja til nýsköpunar

Það er fagnaðarefni að stjórnvöld hafa stigið nokkur markviss skref á sviði nýsköpunar og frumkvöðlastarfs í samstarfi við atvinnulífið. Má þar nefna stefnu og aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs til ársins 2016 þar sem til stendur að stórefla Tæknipróunarsjóð og aðra samkeppnissjóði á sviði rannsókna og nýsköpunar. Einnig er jákvætt að stjórnvöld ákváðu að halda áfram á þeirri vegferð að veita fyrirtækjum skattaafslátt vegna útgjalda til rannsókna og þróunar. Þá hefur orðið vitundarvakning á mikilvægi raungræna- og tæknimenntunar sem þegar hefur skilað árangri í auknum fjölda og gæðum útskrifaðra nemenda í þeim greinum.

„Gjaldeyrishétt“ nýsköpun

Eitt af einkennum nýsköpunarstarfsemi er að hún kallar fram nokkuð grimma samkeppni milli þjóða um fjármagn og frumkvöðla. Ýmsar þjóðir hafa mjög skýra stefnu í þessum efnum og vinna markvisst að því að laða til sín fyrirtæki sem hafa burði til að vaxa hratt. Að mati okkar hjá SI er of lítið talað um íslenskan veruleika í þessu samhengi. Við höfum búið við gjaldeyrishétt svo árum skiptir. Einn angí þeirra er að skilvirkni hefðbundins flæðis gjaldeyris tapast. Stóru fyrirtækin okkar fá vissulega undanþágur frá höftunum hvað varðar þeirra daglegu störf, en eftir stendur að eðlilegar peningatilfærslur svo sem við arðgreiðslur, kaup og sölu hlutabréfa og ýmsar fjármögnunarfærslur eru fastar í viðjum óskilvirkis kerfis sem eykur óvissu og dregur úr samkeppnishæfni á alþjóðlegum markaði. Höftin bitna því harkalega á þeim fyrirtækjum sem þurfa að vaxa og hafa burði til að stækka út í heim. Hjá íslenskum frumkvöðlum kemur æ oftar upp sú spurning hvort það sé rétt ákvörðun að stofna fyrirtæki á Íslandi. Til mikils er að vinna að frumkvöðlarnir sjái sér hag í að byggja upp fyrirtæki sín hér en ekki annars staðar, enda værum við þá að missa úr landi öll þau verðmæti og reynslu sem verður til með nýju fyrirtæki. Það er líka afleitt að sum fyrirtæki kjósa að færa starfsemi til útlanda vegna haftanna. Niðurstaðan er því miður sú að skuggi gjaldeyrishafta leggst yfir íslenskt nýsköpunarumhverfi. Það er erfitt að selja erlendum fjárfestum bjart og gott umhverfi þegar svo er. Vaxtafyrirtækin ættu því að vera stjórnvöldum efst í huga þegar afnám gjaldeyrishafta verður útfært.

Ekki má gleyma því að nýsköpun er og þarf að vera í öllum greinum.

Atvinnulífið styður við nýsköpun

Við hjá SI höfum í samstarfi við iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og fleiri ráðuneyti staðið að Hátækni- og sproutavettvangi. Markmiðið er að skapa hér samkeppnishæft umhverfi til nýsköpunar og framleiðniaukningar. Eitt af því sem horft er til er aukin einkafjármagn til nýsköpunar. Það er enn þá vöntun á fjármagn til áhættufjárfestinga og sem hlutfall af landsframleiðslu er fjárfestingin töluvert lægri en í löndunum sem við berum okkur saman við. Við höfum séð lífeyrissjóðina stíga jákvæð skref í þessa átt og þeir virðast tilbúnir til að láta meira að sér kveða. Það er mjög mikilvægt.

Tækifærin á nýju ári

Það er verk að vinna á nýju ári. Það er forgangsmatarið að áætlan um afnám hafta tryggja að Ísland sé ákjósanlegur og varanlegur áfangastaður fyrir nýsköpunarstarfsemi. Miklar væntingar eru bundnar við fyrirheit ríkisstjórnarinnar um að innleiða skattalega hvata til hlutfjárkaupa í nýsköpunar- og vaxtafyrirtækjum og að efla markað fyrir viðskipti með slík bréf. Svo má ekki gleyma því að nýsköpun er og þarf að vera í öllum greinum. Þannig aukum við framleiðni – sem er stóra verkefnið.

Til varnar kaupaukakerfi

Hin hliðin

Heiðrún Lind
Marteinsdóttir
héraðsdóms-
lögmaður á LEX



Á síðasta ári lagði fjármálaráðherra, Bjarni Benediktsson, fram frumvarp á Alþingi til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki. Töluverðar umræður urðu um einn þátt þessa frumvarps er laut að kaupaukakerfi fjármálafyrirtækja eða bónuskerfi. Til stóð að slaka örlítið á einum ströngustu takmörkunum á kaupaukum sem þekkjast í hinum vest-ræna heimi og færa gildandi reglur nær viðmiðum Evrópusambandsins. Annál- aðir álitsgjafar risu þá upp á afturlappirnar, mótmæltu hugmyndum þessum harðlega og dylgjuðu jafnvel um að annarlegar hvatir lægju að baki tillögu ráðherra.

Málefnalega umræðu skortir

Eftir hrun hefur lítið farið fyrir málefnalegri umræðu um kaupaukakerfi eða íhlutun löggjafans í tilhögun þessara kerfa. Þess í stað hafa fjölmiðlar og álitsgjafar barist gegn því að starfsmenn einkafyrirtækja, sem auka verðmæti hlutaðeigandi fyrirtækja, fái sanngjarna hlutdeild í þeirri aukningu. Krossferð þeirra sem svo tala er óskiljanleg.

Afskipti löggjafa slæm

Það er bæði óskynsamlegt og óeðlilegt að löggjafinn hlutist til um ráðningarkjör einkafyrirtækja. Markmið kaupaukakerfa er að skapa hvata fyrir starfsmenn til að skapa hvata fyrir starfsmenn til að auka verðmætastöðun fyrirtækis. Hvort þetta takist veltur auðvitað að meginstefnu til á því hvernig

tekst til með hönnun slíks kerfis og hún á að sjálfsögðu að vera á ábyrgð hlutaðeigandi fyrirtækja. Fyrirtækin eru best til þess fallin að meta hvernig beri að haga kerfinu þannig að ákjósanlegu markmiði verði náð. Staðlað kerfi fyrir alla, hannað af löggjafanum, mun missa marks.

Hver á að njóta aukins ábata?

Það skýtur skökku við að hinir sömu spámenn og gagnrýna kaupaukakerfi, brynna einnig músum vegna hækkandi launa hjá fjármálafyrirtækjum. Hækkandi laun eru þó líklegast afleiðing hinna ströngu reglna um kaupaukakerfi. Svo virðist sem þessum aðilum þætti raunar farsælast að starfsmenn fjármálafyrirtækja hefðu lág laun og engar væntingar um kaupauka. Eðlilegt er að álykta

að þeir vilji þá að hluthafar fái alla verðmætastöðun hlutaðeigandi fyrirtækja, þar sem aukin verðmætastöðun má hvorki fara í hærri laun né kaupauka starfsmanna. Miðað við orðræðuna verður þeirrar skoðunar þó varla vart. Orðræða álitsgjafanna virðist því miður sú að enginn skuli fá hin auknu verðmæti sem verða til við betri rekstur – þá verða álitsgjafarnir fyrst sáttir.

Því miður fékk tillaga fjármálaráðherra ekki þinglega meðferð á liðnu ári. Tilefni er því til að skora á ráðherra að taka fyrri tillögu til endurskoðunar og mæla fyrir aukinni tilslökun takmarkana á kaupaukagreiðslum, þannig að auka megi frelsi einkafyrirtækja til ábata fyrir fyrirtækin, starfsmenn þeirra og samfélagið í heild.



ASUS

acer

steelseries

msi

Seagate

SanDisk

MANHATTAN



TOSHIBA

SAMSUNG

RAZER

WACOM

PHILIPS



WD

STÓRÚTSALA

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

FARTÖLVUR • SPJALDTÖLVUR • TÖLVUSKJÁIR
 BORÐTÖLVUR • PRENTARAR • TURNKASSAR • SKJÁKORT
 MINNISLYKLAR • HARÐIR DISKAR • FARTÖLVUTÖSKUR • MÓÐURBORÐ
 FLAKKARAR • SSD • NETBÚNAÐUR • PAPPÍR • ÍHLUTIR • HÁTALARAR
 SJÓNVARPSFLAKKARAR • TÓNERHYLKI • VIFTUR • VEFMYNDAVÉLAR
 GEISLADISKAR • VEFMYNDAVÉLAR • LYKLABORÐ • MINNISKORT • SKANNAR
 STÝRIPINNAR • HLJÓÐNEMAR • KÆLINGAR • MÚSAMOTTUR • VINNSLUMINNI • HÝSINGAR
 MARGMIÐLUNARSPILARAR • SKRIFARAR • MÝS • HLJÓÐKORT • TÖLVULEIKIR OG FLEIRA
 MIKIÐ ÚRVAL AF TÖLVUVÖRUM Á STÓRÚTSÖLUVERÐI!

**SÝNINGAREINTÖK
 Á LÆKKUÐU VERÐI**



tl.is

**ÚTLITSGALLAÐ
 Á MIKLUM AFSLÆTTI**

**KOMDU OG GERÐU
 ÓTRÚLEG KAUP!**



**TÖLVU
 LISTINN**

REYKJAVÍK
 SUÐURLANDSBRAUT 26
 Sími 414 1700

AKUREYRI
 GLERÁRGÖTU 30
 Sími 414 1730

HÚSAVÍK
 GARDARSBRAUT 18A
 Sími 464 1600

EGILSSTAÐIR
 KAUPVANGI 6
 Sími 414 1735

KEFLAVÍK
 HAFNARGÖTU 90
 Sími 414 1740

SELFOS
 AUSTURVEGI 34
 Sími 414 1745

AKRANES
 ÞJÓÐBRAUT 1
 Sími 431 333

HAFNARFJÖRÐUR
 REYKJAVÍKURVEGI 66
 Sími 414 1750

199,6 KR. LÍTRINN

Bensínverð lækkar áfram

Atlantsólía lækkaði í gær verð á bensíni og dísil um tvær krónur og hefur bensínverð því lækkað um 52 krónur frá því um miðjan júní 2014. Bensínlítrinn kostaði 251,6 krónur hjá Atlantsólíu þann 16. júní síðastliðinn en kostar nú 199,6 krónur. „Bensínið væri komið niður í 187 krónur á lítrann hefði dollarin ekki styrkst svona gagnvart krónunni og öðrum gjaldmiðlum,” segir Hugi Hreiðarsson, markaðsstjóri Atlantsólíu.

4.1.2015 „Sama hvaða leið verður farin þá verður hún allavega til þess hönnuð, að tryggja að ekki meira fjárhagslegt tjón lendi á almenníngi. Þvert á móti að þetta lokauppgjör á bankahruninu verði til þess fallið að ná til baka einhverjum af þeim skaða sem orðið hefur.“

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra, þegar hann var spurður í útvarpsþættinum Sprengisandi hvaða aðgerðum verði beitt til þess að afnema gjaldeyrishöftin.



159 ÞÚSUND FARÞEGAR

Farþegar Ícelandair hafa aldrei verið fleiri

Ícelandair flutti 159 þúsund farþega í millilandaflugi í desember sem er þrettán prósent aukning miðað við sama tíma í fyrra. Farþegar fyrirtækisins á árinu 2014 voru alls 2,6 milljónir, fjölgaði um fimmtán prósent milli ára, og hafa aldrei verið fleiri en á árinu 2014.

Sætanytingin í desember var 78,6 prósent samanborið við 76,1 prósent á sama tíma 2013. „Farþegar í innanlandsflugi og Grænlandsflugi voru rúmlega 18 þúsund í desember og fækkaði um átta prósent á milli ára. Framboð félagsins var dregið saman um níu prósent samanborið við desember 2013,” segir í tilkynningu fyrirtækisins.

STJÓRNAR- MAÐURINN

Ósamhverfar verðbreytingar olíu

Jákvæð teikn eru á lofti á íslenskum hlutabréfamarkaði. Til að mynda hefur úrvalsvisitala kauphallarinnar hækkað um rúmlega 4% frá áramótum. Haft var eftir Daða Kristjánssyni, framkvæmdastjóra H.F. verðbréfa, að fjárfestar trúir því að markaðurinn eigi talsvert inni. Ýmsar ástæður séu þar að baki, þar á meðal lækkandi heimsmarkaðsverð á olíu.

ÁRIÐ 2014 fór verð á olíu hæst í 107 dollara í lok júní áður en við tók nánast óslitið lækkunarferli sem enn sér ekki fyrir endann á. Í dag kostar tunnan 53 dollara og hefur því lækkað um 50% á síðustu sex mánuðum.

HAGUR FYRIRTÆKJA, þar sem olía er stór hluti kostnaðar, hefur vænkast umtalsvert. Á þessum sex mánuðum hefur virði bréfa í Ícelandair hækkað um 30% og HB Granda um 24%. Úti í heimi hafa bréf laggjaldaflugfélaga Easyjet og RyanAir hækkað um 27% og 45% og FedEx hefur hækkað um 12%, svo dæmi séu nefnd.

AÐ SAMA SKAPI hefur rekstur fyrirtækja, sem annaðhvort vinna og/eða selja olíu, þungst. Exxon, eitt stærsta fyrirtæki heims, hefur tapað 12% af markaðsvirði sínu.

ÞAÐ SKÝTUR ÞVI ansi skökklu við að sjá verðþróun hlutabréfa í N1, en bréfin hafa hækkað um 43% yfir sama tímabil. Í heilbrigðu samkeppnisumhverfi á eldsneytismarkaði ætti verðþróun á olíu að skila sér að miklu leyti í breyttu verðlagi til neytenda. Það myndi hafa þau áhrif að jafnvel þótt innkaupsverð olíu lækki, myndi lækkun á útsöluverði eldsneytis, að öðru óbreyttu, valda rýrnun á framlegð og hagnaði.

ÞAÐ VIRÐIST ÞÓ EKKI vera raunin. Ástæðan er mögulega sú að verðbreytingar á eldsneyti til íslenskra neytenda fylgja ekki heimsmarkaðsverði á olíu að öllu leyti. Auðvitað hafa gjöld, tollar og skattar þar áhrif, en einnig virðist verðlækkun á heimsmarkaðsverði á olíu skila sér hægar og síður inn í verðlag á eldsneyti til íslenskra neytenda en þegar um verðhækkunir er að ræða. Verðbreytingarnar eru ósamhverfar. Í þessu samhengi má benda á að á meðan olíuverð hefur lækkað um 50% hefur útsöluverð eldsneytis lækkað úr um það bil 250 krónum í 201, eða um tæp 20% - og er þar með talin lækkun efra þreps virðisaukaskatts úr 25,5% í 24%.

REKSTUR OLÍUFÉLAGANNA á Íslandi gæti því vænkast umtalsvert ef olíuverð helst jafn lágt og það er nú. Fjárfestar virðast að minnsta kosti vera á þeirri skoðun.

VÖNDUÐ SKRIFSTOFUHUÐSGÖGN

Á MIKLU BETRA VERÐI

**ALU BASIC
SKRIFBORDSSTÓLL**
Blát, grár eða svartur
Verð kr. 53.800,-

**TOP-PRO
SKRIFBORDSSTÓLL**
Blát, grár, svartur
eða rauður
Verð kr. 29.900 kr,-

**SITNESS 20
HEILSUKOLLUR**
Rauður, fjólublár, blár,
appelsínugulur, ljósgrænn,
grænn, gulur, grár og svartur
Verð kr. 42.700,-

PRIMA MÖPPUHILLUR
Breidd 89cm
Dýpt 40cm
Hæð: 113cm,
185,5 eða 221,5 cm
Opnir eða með
hurðum/skúffum
Til í hvítu, beyki, hlyn,
kirsuberja, gráu eða elk.
Verð frá kr. 29.800,-

Hirzlan
Smíðsbúð 6, 210 Garðabæ, Sími 564 5040
www.hirzlan.is

Topstar **tvilum**

Útsalan er hafin

20-60% afsl. af öllum vörum

Opið
mánudaga–laugardaga kl. 11-18
sunnudaga kl. 13-18

habitat  

TEKK
COMPANY

BÍLAR & FARARTÆKI



Tilboð
Skroðu bílinn hjó okkur í janúar og febrúar.
Sölulaun á bílum allt að 2 milljónir - 29.990kr
Sölulaun á bílum yfir 2 milljónir - 69.990kr

Bifreiðasalan
Malarhöfði 2, 110 Rvk
Sími: 577 4400
www.bifreidasalan.is



FRÁBÆERT VERÐ !
Chevrolet Equinox LT Limited 3.5 V6 Leður, árg. 2005 ek. 135þ.km lúga Nyl vetrardekk ofl Verð nú 990 Þús !!!

Bílasalan Bilfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
Seljum í dag!
www.bilfang.is



2015 NÝIR DODGE RAM 3500

Nýtt útlit og flottari innrétting, Dísel, Komdu og kynntu þér málið, erum að taka niður pantanir, Verð frá 9.350þkr m/VSK, Kíktu á síðuna okkar www.isband.is

Íslensk-Bandaríska ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbæ
Sími: 534 4433
Opíð virka daga 10-18.00 og lau 11-15
http://www.isband.is



Hyundai I30 Classic2 5/2014 ek 21 þkm, beinsk dísel, ásett verð er 2890 þús, er á staðnum, raðnr 151504.



Hyundai I30 Classic2 5/2014 ek 21 þkm, beinsk dísel, ásett verð er 2790 þús, er á staðnum, raðnr 151504.



Renault Clio Authentic 6/2014 ek 20 þkm, bensín, beinsk ásett verð er 1990 þús, er á staðnum, raðnr 119434.



Renault Clio Dynamic 5/2014 ek 22 þkm, sjsk, dísel, ásett verð er 2990 þús, er á staðnum, raðnr 210009.



Suzuku Swift GLX 5/2014 ek 26 þkm sjsk, bensín, ásett verð er 2890 þús, er á staðnum, raðnr 151679.



VW Golf Comfotline 4/2013 ek 60þkm, dísel beinsk, ásett verð er 2790 þús, er á staðnum, raðnr 151185.

100 bílar ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbæ
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.00, Lau 11-15
www.100bilar.is



KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net



Óskum eftir bílum á staðinn. Mikil sala.

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
http://www.stora.is



MERCEDES-BENZ C 200 kompressor avantgarde. Árgerð 2007, ekin 52 PKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.490. Umboðsbíll og mjög vel útbúinn Rnr.112623.



LEXUS Is250 luxury. Árgerð 2006, ekin aðeins 59 PKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.790. umboðsbíll og 1 eigandi Rnr.114045.

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is



TOYOTA Avensis wagon sol 2009 ng. Árgerð 2013, ekin 49 þ.KM, dísel, 6 girar. Verð 4.190.000. Rnr.210654.



MERCEDES-BENZ GLK 220 CDI. 4matic. Árgerð 2012, ekin 27 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.690.000. Rnr.991089.



BMW 320d f30 sportline. Árgerð 2014, ekin 9 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.590.000. Rnr.990959.



Kia Sportage EX 4wd. Árgerð 2012, ekin 91 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.190.000. Rnr.990896. 4 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is



Til sölu renault kangoo árg 06 diesel beinsk ek 175 þús ný tímareim, ný kúpling, ný vetrardekk, topp bíll verð 980 þús 892782



SKODA 4X4
Ts: Skoda Ambiente combi 4x4 árg. 2004 ekin 137 þúsund km. 116 Hestöfl. Góð vetrardekk og álfelgur. Lítur vel út. Dráttarkúla. Ásett verð 950 þús. Uppl. sími 8217513.

250-499 þús.



SSK - 4X4 - TILBOÐ 390 ÞÚS!
Honda CR-V 4X4 ek.189 þús, ssk, skoðaður, heilsársrd, góður jepplingur sem fer allt í snjónum ásett verð 490 þús TILBOÐ 390 ÞÚS, vísalán í boði í allt að 36 mán s.841 8955

500-999 þús.



SPARIBAUKUR - TILBOÐ 599 ÞÚS
NISSAN MICRA 2005 ek.142 þús, 5 dyra, beinsk, sk.15 tímakeðja, heill og góður bíll sem eyðir litlu (ca 5ltr/100) ásett verð 790 þús TILBOÐ 599 ÞÚS möguleiki á vísaláni í 36 man s.841 8955

Bílar óskast



STAÐGREIÐI BÍLA 0-300 ÞÚS!
Óska eftir að kaupa bíla á allt að 300 þús. staðgreitt! Peir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Fjór hjól



Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðuðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

Varahlutir

SMÁPARTAR.IS
Eigum orðið mikið úrval notaðra og nýja varahluta í margar gerðir bíla. Tökum einnig að okkur viðgerðir. Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma 5675040-7785040

Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

30.000 fréttabyrstir notendur



Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið hvar sem er og hvenær sem er



Fáðu Fréttablaðið ókeypis í spjaldtölvuna og snjallsímann með Fréttablaðsappinu. Sláðu inn Fréttablaðið á Google Play, Windows store eða í App store og náðu í appið.

Hjólbarðar

Jeppadekk
CRABBER ATT
TILBOÐ

**HJÓLBARÐA
GRAFARVOGS
VERKSTÆÐI**

Gyllföli 3 - 112 Reykjavík
Sími 567 4468

GENERAL TIME IS

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

FAGLÆRÐIR PÍPARAR
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnarþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Hreingerningar

Hreingerningaráhjonusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn þvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-PRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

SENDIBILL.IS

Búslóðaflutningar, planóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafi., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðafl. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

k2
LÖGFRYTTINGARVEIÐING

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Tölvur

Allar almennar tölvuviðgerðir og vírusheirsanir. Kem á staðinn. S. 699 6735 Baldvin.

Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSIÐ
Spásmáll Tarot lestur og kristalkíla
Vn 566 7311
Tímáspantar í síma 8694650

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

VANTAR PIG BÓKARA?

Vanur bókar getur bætt við sig nokkrum fyrirtækjum. Get gert allt sem því viðkemur og gert klárt til endurskoðanda. Uppl. í síma 699-8447 eða krulla@simnet.is

Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nylögnum.
Fjót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskípti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

KEYPT & SELT

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldreyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA.

SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS
Vatnaskæðning, panill, pallaeftni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl. hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

HEILSA

Nudd

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Heilnudd. Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 823 5669 eða 693 0348.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

HEIMILIÐ

Ýmislegt

Til sölu Husqvarna tölvu overlook saumavél. Fyrstur kemur, fyrstur fær. Á sama stað hraðsúðupottur. Uppl. í s. 865-9890.

HÚSNÆÐI

Leigumiðlanir

TIL LEIGU

4-5 herb. íbúð til leigu í Reykjanesbæ. 109 fm. Þvottaher. á hæð, Sanngjörn leiga. Laus strax. S: 6926688

Húsnæði í boði

3ja herb. íbúð 72fm jarðhæð í raðhúsi í Grafarvogi. Reglusemi og reykleysi skilyrði. Uppl. í s. 861 6841

Geymsluhúsnæði

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

GEYMSLULAUSNIR.IS

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

ATVINNA

Atvinna í boði



Söluturninn Jolli í Hafnarfirði óskar eftir að ráða einstaklinga í full starf sem og kvöld og helgarvinnu. Einungis duglegt, áreiðanlegt og samvirkusamt fólk kemur til greina. Aðeins 18 ára og eldri. Umsóknareyðublið fast á staðnum. Allar upplýsingar veitir Líney í síma 565-4990 milli klukkan 08-16 alla virka daga.

Snaps Bistro óskar eftir þjónum í hlutastarf, starfsfóki í eðbúis og við uppvak.
Tekið er við umsóknum á tölvupóstfangi. snaps@snaps.is
Snaps Bistro is looking for part time waiters, dishwashers and kitchen assistance.
Please send applications via email snaps@snaps.is
SNAPS
BISTRO BAR

TANNLÆKNASTOFA MIÐSVÆÐIS Í RVK

Óskar eftir starfskrafti í nokkrar klst á dag frá kl. 15 við símsvörum og móttöku. Gæti hentað námsmanni vel.
Umsóknir óskast sendar á netfangið t.vinnan@gmail.com

SÖLUMADUR Í HEILSUFYRIRTÆKI

Fyrirtæki á Reykjavíkursvæðinu með þekkt og vinsæl heilsumerki vill ráða vana sölumanneskju. Þarf að hafa vera skipulögð, glögg og eiga létt með mannleg samskipti. Hlutastarf kl 9-14. Fjölbreytt starf og góð aðstaða. Starfsreynsla og meðmæli óskast. Umsóknir sendist á: tjonusta@365.is merkt „16115 Sölustarf“ fyrir 16 jan.

Óska eftir starfsmanni í þrif og önnur þernustörf á gistiheimili nálægt miðborginni. Um er að ræða ca 50-60% starf til frambúðar, alla virka daga. Vinsamlega sendið umsóknir á harpa@alba.is eða hringið í síma 899-4735.

Óskum eftir múrurum eða múrara-nemum til starfa. Uppl. í s. 8200 155

GG Járn óskar eftir vönum mönnum eða óvönum, helst íslenskumælandi í járnabindingar. Akkorð eða tímavinna í boði. S. 849 0880, Gulli.

Óskast til leigu

Óskast til leigu
SFR – stéttarfélag óskar eftir íbúðum og/eða sumarhúsum til leigu fyrir félagsmenn sína sumarið 2015, á sunnanverðum Vestfjörðum og suðausturlandi. Einungis fullfrágengið húsnæði í góðu ásigkomulagi kemur til greina, auk þess sem húsnæðið þarf að vera fullbúið húsgögnum og búnaði. Lóðir þurfa einnig að vera fullfrágengnar. Áhugasamir sendi upplýsingar til Önnu Dóru Þorgeirsdóttur, verkefnastjóra SFR á netfangið: dora@sfr.is fyrir 27. jan. næstkomandi.
Allar almennar upplýsingar verða að koma fram, s.s. verð, almennt ástand eignarinnar, staðsetning, stærð, möguleikar á fjölda gesta, aldur eignar, aðstaða (heitir pottar og slíkt), lýsing á útivistarmöguleikum og afþreyingu í næsta umhverfi, o.s.frv. auk mynda. Öllum tilboðum verður svarað.

Krókháls - Til leigu
350 til 400 fermetra skrifstofuhúsnæði

- Leiguhúsnæði Krókhálsi 6, 3. hæð.
- 350 til 400 fermetra skrifstofuhúsnæði.
- Laust til leigu strax.
- Nýuppgerð.
- Töluvert til af skrifborðum sem geta fylgt með.

Nánari upplýsingar gefur Viktor í síma: 696-9420.

Ábendingahappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

fasteignir

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINSGÖTU 4
SÍMI 570 4500,
OPÍÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is
www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

STIGAHLIÐ 90
GLÆSILEGT EINBÝLISHÚS - FRÁBÆR STAÐSETNING VIÐ OPÍÐ SVÆÐI.

OPÍÐ HÚS Í DAG

Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 - 17.45
Mjög fallegt og vel skipulagt 325,4 fm. einbýlishús á 3 pöllum efst í Stigahlíð við opið svæði á góðum útsýnisstað. Stórar og skjólsælur verandir með heitum potti og mjög falleg og gróin lóð. Allt að 6 svefnherbergi eru í húsinu, þrjú baðherbergi og sérlega glæsilegar stórar stofur með arni. Fallegt útsýni er til allra átta úr stofum og sólskála. Innbyggður 38,2 fm. tvöfaldur bílskúr með mikilli lofthæð. Lóðin er með stórrí og skjólsælli verönd til suðurs með heitum potti og annarri til austurs, göngu- stígum og fallegum gróðri. Eignin er laus til afhendingar nú þegar. Verð 99,0 millj. Verið velkomin.

Höfuðborg Fasteignasala
Albert B. Úlfarsson Lögg. fasteignasali 414-4488
Kristján Ólafsson Logmaður 894-4388

Rjúpnasalur 12 · 201 KÓP
Falleg og björt 4ra herb. íbúð í góðu lyftuhúsi. Eignin er á 2. hæð með yfirbyggðum svölum. Innréttingar og gólfefni eru vönduð. Stutt í flesta þjónustu, verslun og skóla. **SKOÐIÐ ÞESSA**
Allar nánari upplýsingar veitir Kristján í s. 894-4388 / kol@hofudborg.is
Opíð hús mið 7. jan kl 18:00 - 18:30
Höfuðborg fasteignasala · Hlíðasmára 2, 6. hæð · 414-4488



KL. 20:05
Olive Kitteridge

Vönduð þáttaröð frá HBO sem fjallar um Olive og Henry en saman hafa þau gengið í gegnum súrt og sætt. Þættirnir eru byggðir á metsölubók sem hlaut Pulitzer verðlaunin árið 2009.

Frábært miðvikudagskvöld

KL. 19:20
Anger Management
Þriðja þáttaröðin með Charlie Sheen og fjallar um mann sem er skikkaður til að leita sér aðstoðar eftir líkamsárás.



KL. 21:10
Bones
Stórskemmtilegir þættir þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan, réttarmeinafræðings.



KL. 21:55
Getting On
Stórskemmtilegir nýir gamanþættir sem gerast á gömlu sjúkrahúsi og þar getur nú allt gerst.



KL. 22:00
Die Hard 4: Live Free Or Die Free
Æsispennandi hasarmynd með Bruce Willis og Justin Long.



KL. 22:30
Cold Case
Magnþrunginn myndaflokkur um lögreglukonuna Lilly Rush sem starfar við morðdeildina við að leysa úr gömlum sakamálum.



KL. 18:00
Dóra landkönnuður
Við fylgjumst með Dóru og apanum hennar, Klossa í ævintýrum þeirra yfir fjöll og firnindi.



SUDOKU

1			6			4		
5			7	3	9	6		
	6				2			
4	3					2	7	
				1		6		
	7	9				8		
3					5			
	4	6						
	2	4	9	7	3			

LÉTT

	2				3			
		1	4			8		
3	4							
		8	4	7	9	6		
4				9	5			
	9	1	2	6		4		
5		9					3	
			6	7	9			
			7		2			

MIDLUNGS

		1	8	7				
4		7						3
	5			2				4
		6	3		5			
			2	6				
8	5	9						
7				5	8			
	3	6	4					
		9	6	4				

PUNG

9	1	5	6	7	4	2	3	8
7	3	4	2	8	1	5	9	6
6	8	2	9	3	5	1	4	7
1	5	7	3	2	8	4	6	9
3	9	8	5	4	6	7	2	1
2	4	6	7	1	9	8	5	3
8	6	9	1	5	2	3	7	4
5	7	1	4	6	3	9	8	2
4	2	3	8	9	7	6	1	5
1	2	6	3	4	7	9	5	8
7	3	4	8	9	5	1	2	6
8	9	5	6	1	2	7	3	4
9	1	7	4	2	3	8	6	5
2	4	8	9	5	6	3	1	7
5	6	3	7	8	1	2	4	9
6	5	9	1	3	8	4	7	2
3	8	2	5	7	4	6	9	1
4	7	1	2	6	9	5	8	3
1	5	4	2	8	6	7	3	9
6	2	9	3	5	7	4	8	1
8	7	3	4	9	1	2	5	6
7	4	5	1	2	9	3	6	8
9	1	2	8	6	3	5	7	4
3	6	8	7	4	5	9	1	2
5	3	6	9	1	4	8	2	7
2	9	1	5	7	8	6	4	3
4	8	7	6	3	2	1	9	5

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS

Hvað ertu að gera, Harold? Ertu aftur að skoða golfkylfur? Já, Mig vantar nokkrar nýjar. Ég týndi mínum í dag. Týndirðu kylfunum þínum? Kylfunum, golfpok-anum, öllu draslinu. Ha? Hvernig týndirðu golfpok-anum? Hann lenti skyndilega úti í vatninu. Akkúrat. Langt úti í vatninu? Í fyrsta sinn á ævinni var klappað fyrir mér á golfvelli, fyrir að segja sannleikann. KAUP!

Eftir Frode Øverli

GELGJAN

Ég ætla að vinna fyrir pabba í sumar. Er það? Já. Það losnaði staða hjá fyrirtækinu hans og hann heldur að ég sé rétti maðurinn í starfið. VARÚÐ. OPINN SKURÐUR.

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

BARNALÁN

SJÁÐU! Bleik kúrekastígvél. Þau eru á útsölu. OG ÞAU PASSA FULLKOMLEGA. Við kaupum þau. Lít ég öðru vísi út? Vegna þess að ég held að líf mitt hafi náð hápunkti.

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SPAKMÆLI DAGSINS

„Hlutirnir breytast ekki, við breytumst.“

Henry David Thoreau.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

KROSSGÁTA

LÁRÉTT

2. sæti, 6. utan, 8. hversu, 9. umrót, 11. pot, 12. sæti, 14. fáni, 16. tveir eins, 17. knæpa, 18. bjálki, 20. ólæti, 21. tegund.

LÓÐRÉTT

1. loga, 3. skammstöfun, 4. svelgja, 5. bekkur, 7. nýta, 10. sunna, 13. yfirbreiðsla, 15. gætt, 16. frændbákur, 19. pfn.

LAUSN

15. gátt, 16. ætt, 19. æg, 2. set, 7. notfæra, 10. sól, 13. lak, 5. set, 1. bális, 3. eh, 4. svölgra, LÓÐRÉTT: 1. krá, 18. tré, 20. at, 21. tagi, 17. krá, 18. tré, 20. at, 21. tagi, 11. ot, 12. stóll, 14. flagg, 16. sæ, 19. los, LÁRÉTT: 2. sess, 6. án, 8. hve, 9. los,

SKÁK

Gunnar Björnsson

Sigurður G. Daniélsson (1.793) átti leik gegn Smára Sigurðssyni (1.905) á Janúar-móti Hugins.

Hvítur á leik



25. Hxf7+! Kxf7 26. Db3+ Ke8? (26.... Kf8! var nauðsynlegt) 27. Dxb7 Hd8 28. Dg7! (nú kemur í ljós af hverju 26.... Kf8 var betral) 28.... Bxf2+29. Kxf2 Hf8+ 30. Kg1 Hf6 31. Bxc6+! Hxc6 32. Hxe5+! Dxe5 33. Dxe5+ og svartur gafst upp. www.skak.is FIDE-þjálfaranám-skeið.



LISA ELDRIDGE Hefur verið ráðin til Lancôme. MYND/GETTY

Lisa Eldridge til Lancôme

Förðunarmeisterinn Lisa Eldridge hefur verið ráðin sem stjórnandi förðunardeildar snyrtivörurísans Lancôme. Eldridge er þekktust í tiskuheiminum fyrir förðunarkennslumyndbönd sín á YouTube, þar sem hún er með yfir milljón fylgjendur. Í myndböndunum hefur hún sýnt einfaldar farðanir sem henta öllum og er auðvelt að læra. Hún hefur starfað sem förðunarfræðingur í fjölda ára og hefur meðal annars unnið fyrir Vogue, Harpers Bazaar, tímaritið Love og ID. Eldridge segist vera spennit fyrir nýja starfinu og hlakkar til að þróa nýjar vörur og liti.



NÝGIFT Leikkonan Cameron Diaz gifti sig á mánudag. MYND/GETTY

Diaz gekk að eiga Madden

Leikkonan Cameron Diaz gekk að eiga tónlistarmanninn Benji Madden á mánudag. Hlutirnir gerast hratt hjá parinu, en þau fóru að vera saman í maí í fyrra, og bað Madden um hönd Diaz í desember. Athöfnin var lítil en glæsileg og var haldin í bakgarðinum hjá þeim. Vinkona Diaz, leikkonan Drew Barrymore, var brúðarmey ásamt mágkonu Madden, Nicole Richie, en það var hún sem kynnti parið í fyrra. Að auki voru leikkonurnar Reese Witherspoon og Gwyneth Paltrow viðstaddir athöfnina. Í yfirlýsingu sem nýju hjónin sendu frá sér segjast þau vera yfir sig hamingjusöm og geta ekki beðið eftir að hefja nýtt líf saman.

Boyhood með þrenn verðlaun í New York

Kvikmynd Richards Linklater heldur áfram að sópa til sín verðlaunum. Spall og Cotillard bestu leikararnir.

Kvikmynd Richards Linklater, *Boyhood*, hlaut þrenn verðlaun á hátíðinni New York Film Critics Circle sem var haldin fyrir skömmu.

Ethan Hawke og Patricia Arquette sem bæði leika í myndinni voru í góðum gir á hátíðinni. Hawke las upp úr gagnrýni blaðsins New York Times um frammistöðu sína, sem blaðamanni þótti ekki sérlega góð, og Arquette mætti upp á svið með drykk í hendi þegar hún tók á móti verðlaunum sem besta leikkonan í aukahlutverki. „Ég mætti með viski með mér vegna þess að ég er leikari af fjórðu kynslóð,“ sagði hún.

Grínistinn Jon Stewart afhenti framleiðendum *Boyhood* svo verðlaun fyrir bestu myndina.

Boyhood hefur unnið til fjölda verðlauna að undanfögnu og er talin líkleg til að fá tilnefningu til Óskarverðlaunanna. Hún hefur jafnframt verið tilnefnd til fimm Golden Globe-verðlauna en þau verða afhent næstkomandi sunnudagskvöld. Aðalleikarinn Ellar Coltrane var sex ára þegar leikstjórinn Linklater réð hann í hlutverkið en átján ára þegar myndin kláraðist.

Timothy Spall var kjörinn besti leikarinn fyrir hlutverk sitt sem málari JMW Turner.



JOHN LITHGOW Leikarinn hrósaði Timothy Spall fyrir frammistöðu hans.



er í myndinni Mr. Turner og Jake Gyllenhaal afhenti Marion Cotillard verðlaun sem besta leikkonan fyrir hlutverk hennar í *The Immigrant* and *Two Days, One Night*.

GYLLENHAAL OG COTILLARD Jake Gyllenhaal afhenti Cotillard verðlaun sem besta leikkonan.



ARQUETTE Patricia Arquette ásamt listamanninum Eric White. NORDICPHOTOS/GETTY

FJALLGÖNGU-ÁSKORUN 2015!



20% AFSLÁTTUR AF HAGLÖFS útvistarfatnaði í Intersport Bíldshöfða Í KVÖLD

Ýmis sérkjör til skráðra þátttakenda á meðan á fjallgöngunum stendur.

KYNNINGARFUNDUR FJALLAFÉLAGSINS Í KVÖLD 7. JANÚAR KL. 20:00 Í VERSLUN INTERSPORT Á BÍLDSHÖFÐA.

DAGSKRÁ FUNDARINS:

- Kynning á Fjallafélaginu
- Nokkur ráð varðandi fatnað og búnað
- Fjallgönguáætlun 2015
- Haglöfs útvistarfatnaður – stutt kynning

ALLIR VELKOMNIR!

24 FJALLGÖNGUR HEFAST 21. JANÚAR ÓKEYPIS Í FYRSTU GÖNGUNA

Fararstjórar: Haraldur Örn og Örvar Þór Ólafssynir

Nánari upplýsingar á www.fjallafelagid.is

GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

FJALLAFÉLAGIÐ
THE ICELANDIC MOUNTAIN COMPANY
HARALDUR ÖRN ÓLAFSSON

HAGLÖFS

INTERSPORT®



DJASSSTELPUR Anna Gréta og Stína ætla að flytja lög sem Monika Zetterlund gerði vinsæl.

Til heiðurs Moniku Z

Djassónleikar verða í Norræna húsinu á laugardag.

Tónleikar til heiðurs sænsku djasssöngkonunni Monicu Zetterlund verða á laugardaginn, 10. janúar, í Norræna húsinu klukkan 20. Það er djassduéttinn 23/8 sem heldur þá en hann skipa þær Stína Ágústsdóttir söngkona og Anna Gréta Sigurðardóttir píanóleikari. Báðar eru þær búsettar í Stokkhólmi um þessar mundir þar sem þær iðka tónlist af fullum krafti. Á tónleikunum í Norræna húsinu leika með þeim þeir Leo Lindberg á bassa, einn af rísandi stjórnnum í sænska djassheiminum, og Einar Scheving á trommur.

Monica Zetterlund sló í gegn skömmu fyrir 1960, þá tæplega víftug, og söng sig inn í hug og

hjórtu djassunnenda um allan heim. Hún söng meðal annars með heimsfrægum djassistum á borð við Thad Jones, Bill Evans og Louis Armstrong. Sömu leiðis naut hún mikillar hylli sem leikona í föðurlandi sínu, Svíþjóð, og lék bæði í kvikmyndum og sjónvarpi. Hún kom til Íslands í lok áttunda áratugarins og hélt tónleika ásamt Pétri Östlund og fleirum.

Nú er Zetterlund orðin vinsæl á ný eftir að kvikmyndin Monica Z kom út í fyrra. Á tónleikunum verða flutt lög sem hún gerði vinsæl á sínum tónlistarferli, meðal þeirra eru margar góðkunnar perlur sem verða fluttar á ensku, sænsku eða íslensku.

-gun

Listasafn á Akureyri í endurnýjun lífdaga

Hlynur Hallsson safnstjóri segir bjarta og spennandi tíma fram undan.

„Eftir nokkur mögur ár erum við nú með sanni að koma til baka af miklum krafti. Safnið er að bæta við sig húsakosti sem þýðir aukið sýningarrými og við tökum upp að nýju nafnið Listafnið á Akureyri eftir að hafa kallast Sjónlistamiðstöð Akureyrar í nokkur ár. Safnið fær af þessu tilefni nýtt merki og einkennislit ásamt nýrri heimasíðu, listak.is, sem fer í loftið í dag, miðvikudag. Að auki kemur ársbækl-ingurinn okkar út í dag og verður honum dreift í öll hús á Akureyri, áhugasamir geta nálgast hann á stærri listasöfnunum í Reykjavík og jafnvel víðar.“

Aftur byrjuð að kaupa myndlist

„Það er lykilatriði fyrir okkur að safnið er aftur farið að kaupa myndlist og safna verkum. Þó að þröngt sé í búí og mikils aðhalds þörf í öllum rekstri þá er reglubundin aukning safnkostsins algjörlega nauðsynleg upp á komandi tíma. Nú eru liðin tíu ár síðan safnið keypti síðast verk og það er alltof langur tími. Að vera aftur byrjuð að kaupa myndlist, þótt það sé ekki af miklum efnum, er okkur alveg gríðarlegt fagnaðarefni. Að auki má geta þess að við erum með einar tuttugur og þrjár ólíkar og spennandi sýningar áætlaðar á þessu ári.“

Loks í listasafni á 100 ára afmæli

„Fyrstu sýningar ársins verða opnaðar næstkomandi laugardag og eru skemmtilega ólíkar. Í mið- og austursal má sjá yfirlitssýningu á verkum Elísabetar Geirmundsdóttur, Listakonan í Fjörinni. Elísabet var fjölbær alþýðulistakona, þekktust fyrir höggmyndir, þó gerði hún einnig málverk og teikningar, myndskreytti bækur, hannaði hús og



„VIÐ ERUM MEÐ EINAR TUTTUGUR OG ÞRJÁR SPENNANDI SÝNINGAR Á ÞESSU ÁRI,“ segir Hlynur Hallsson safnstjóri Listasafnsins á Akureyri. FRÉTTABLAÐID/AUDUNN

merki og samdi ljóð og lög. Það er afar viðeigandi að á 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna á Íslandi og 100 ára fæðingaráfmæli Elísabetar skuli vera sett upp yfirlitssýning á verkum hennar. Í huga okkar hér felst í þessu ákveðin endurreisn á þessari merku listakonu þar sem verk hennar hafa ekki verið sýnd áður í listasafni. Sýningin stendur til 8. mars og er unnin í samvinnu við Minjasafnið á Akureyri og fjölskyldu Elísabetar. Að auki verður fjöldi skemmtilegra viðburða í tengslum við sýninguna.“

(Ó)Stöðugleiki í vestursal

„Í vestursal sýnir Habby Osk undir yfirskriftinni (Ó)Stöðugleiki. Sýningin er hluti af sýningaröð sem

mun standa til 8. mars og inniheldur átta vikulangar sýningar. Aðrir sýndur eru Brenton Alexander Smith, Jóna Hlíf Halldórsdóttir, Kristján Pétur Sigurðsson, Þóra Karlsdóttir, Joris Rademaker, Lárus H. List og Arnar Ómarsson. Habby Osk býr og starfar í New York en hefur haldið fimm einkasýningar á Íslandi og í Bandaríkjunum og tekið þátt í fjölmörgum samsýningum víða um heim. Megininntak sýningarinnar tengist hugtökunum um stöðugleika og jafnvægi og er sýningin afar áhugaverð fyrir myndlistarunnendur. Það er því fjölmargt spennandi í gangi hér í safninu og við hlökkum mikið til þess að taka á móti sem allra flestum gestum á árinu.“

magnus@frettabladid.is

Strengjakvartettinn Siggi

TÓNLIST ★★★★★

Strengjakvartettinn Siggi

Tónleikaröðin Hljóðönn í Hafnarborg
SUNNUDAGINN 4. JANÚAR.

Ég veit ekki af hverju Strengjakvartettinn Siggi heitir svona flippuðu nafni. Kannski vegna þess að einn liðsmaður kvartettsins ber nafnið Sigurður. Kvartettinn hélt tónleika í Hafnarborg á sunnudaginn. Tónleikarnir voru hluti af röð sem er líka kölluð skrítnu nafni: Hljóðönn. Það er hugtak úr hljóðfræði tungumála. Hljóðönn, á ensku phonem, eru smæstu hljóðeiningarnar sem við getum gert með munnum. Með því að raða þessum einingum saman á mismunandi hátt myndum við orð og setningar.

Tónleikaröðin er helguð sam-tímatónlist, sem rétt eins og orð er byggð úr örsmáum hljóðum. Þar með er undirstrikuð sú staðreynd að tónlist er tungumál, sem nær þó inn á önnur svið en venjulega. Victor Hugo sagði að tónlist væri um eitthvað sem ekki er mögulegt að koma orðum að, en er ekki heldur hægt að þegja yfir. Það á auðvitað við um alla tónlist, bæði úr samtímanum og þá sem eldri er.

Siggi samanstendur af fiðluleikurinum Unu Sveinbjarnardóttur og Helgu Þóru Björgvinsdóttur, Þórunni Ósk Marinósdóttur víólu-leikara og Sigurði Bjarka Gunnarssyni á selló. Leikur kvartettsins á tónleikunum var samstilltur og kraftmikill, sama hvað gekk á.



SIGGI STRENGJAKVARTETT Una Sveinbjarnardóttir, Helga Þóra Björgvinsdóttir, Þórunn Ósk Marinósdóttir og Sigurður Bjarki Gunnarsson.

Það fyrsta á dagskránni, kvartett nr. 2 eftir Naomi Kinnock, var magnað. Einfaldir, ísmeygilegir tónar í upphafi fóru í gegnum alls konar úrvinnslu. Þeir voru teygðir og togaðir, saxaðir niður, en héldu þó alltaf stemningunni í byrjun. Sú stemning var myrk, nánast martraðarkennd.

Túlkunin á fallega áleitnum og alvörufegnum kvartett nr. 5 eftir Giacinto Scelsi var líka sannfærandi, bæði þétt og fókuseruð. Æskuverki eftir Atla Heimi Sveinsson, kvartett nr. 2 frá árinu 1960 í endurskoðaðri mynd frá 2005 var jafnframt gerð góð skil.

En áhugaverðastur var kvartett Unu Sveinbjarnardóttur sem fyrr var nefnd. Kvartettinn, sem bar nafnið Þykkt, var í fjórum köflum. Hver kafli skartaði mun

lengri sólókafla en gengur og gerist í sambærilegri tónsmíð. Sólókaflarnir voru leiknir af mismunandi hljóðfæraleikurum. Undir sólóunum mynduðu hin hljóðfærin þykkar hljóðavef til mótvægis. Það var eitthvað ferskt og sakleysislegt við stefin, blátt áfram og óheft. Undirspilið var hins vegar skemmtilega dulúðugt. Þessar andstæður minntu eilítið á síhvikula náttúrustemninguna í verkum tékkneska tónskáldsins Leos Janacek. Una hefur hingað til ekki verið sérlega áberandi sem tónskáld. En hún er greinilega bráðefnileg og ég hlakka til að heyra meira eftir hana.

Jónas Sen

NIÐURSTAÐA: Glæsilegur flutningur, yfirlétt skemmtilegar tónsmíðar.

Viðreisn

Sátt um markaðslaun í sjávarútvegi?

Viðreisn heldur opinn fund um sjávarútvegsmál fimmtudaginn
8. janúar klukkan 17:00 - 18:30
Fundurinn verður haldinn á Hótel Hilton Nordica
við Suðurlandsbraut

Frummælendur:



Jens Garðar Helgason, formaður Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi: Staða og horfur í sjávarútvegi Áherslur nýrra samtaka



Benedikt Jóhannesson, ritstjóri Vísbendingar: Enginn dregur annars fisk úr sjó




Fundarstjóri: Jórunn Frímannsdóttir, deildarstjóri og fyrrverandi borgarfulltrúi

Fundurinn er opinn öllum

www.vidreisnin.is



Hilton
REYKJAVIK SPA



VELKOMIN
Í EINSTAKA
HEILSURÆKT



Á Hilton Reykjavík Spa blómstra líkami, hugur og sál undir persónulegri leiðsögn frábærra þjálfara og jógakennara.

Aðstaðan er í sérflokk, glæsileg og nýendurbætt. Notalegt andrúmsloft, fjölmargir spennandi tímar og námskeið í stundatöflu, einkaþjálfun, spa, nudd- og snyrtimeðferðir eru meðal þess sem við bjóðum upp á. Þjálfarar og starfsfólk veita persónulega þjónustu og eru til taks sex daga vikunnar í velútbúnum tækjasal.

NÝ NÁMSKEIÐ HEFJAST 12. JANÚAR

Átaksnámskeið - 6 vikna námskeið sem ögrar líkamanum. Skemmtilegt, fjölbreytt og árangursríkt.

Einkatímar í jóga

Nýr valmöguleiki í boði fyrir einn eða tvo saman. Komið til móts við einstaklinginn og farið ítarlega yfir stöður.

Hot jógateygjur og öndunaræfingar - 4 vikna námskeið. Æft við 38°-40° hita þar sem sveigjanleikinn verður meiri.

60 plús - 4 vikna námskeið sem hefst 19. janúar. Sérniðið fyrir fólk á besta aldri.

Skoðaðu nýja og spennandi stundatöflu á hiltonreykjavikspa.is

Skráning og nánari upplýsingar á spa@hiltonreykjavikspa.is og í síma 444 5090.

SMÁRA BÍÓ HÁSHÖLA BÍÓ

12 THE HOBBIT 3 3D KL.5-6-8-9
 THE HOBBIT 3 LUXUS 3D 48R KL.4-7-10
 NIGHT AT THE MUSEUM 3 KL.3:30-5:45-8
 EXODUS KL.6-9:30
 MOCKINGJAY - PART I KL.10:20
 MÖRGÆSIR ISL.TAL.2D KL.3:30

16 UNBROKEN

HÁSHÖLA BÍÓ

UNBROKEN KL.6-9
 THE HOBBIT 3 3D KL.6-9
 NIGHT AT THE MUSEUM 3 KL.5:30-8
 EXODUS KL.8
 MOCKINGJAY - PART I KL.10:15
 MÖRGÆSIR ISL.TAL.2D KL.5:30

Fry staðfestir trúlofun sína

Breski leikarinn Stephen Fry hefur þakkað aðdáendum sínum fyrir góðar kveðjur eftir að hann staðfesti að hann ætli að giftast kærasta sínum á þessu ári.

Samkvæmt blaðinu The Sun lögðu hinn 57 ára Fry og 27 ára Elliott Spencer inn umsókn um giftingu á Þorláksmessu á skráningarstofu í Norfolk á Englandi.

Fry staðfesti tíðindin á Twitter og skrifaði: „Það virðist sem búið sé að kjafta frá ákveðnu máli. Ég er auðvitað mjög, mjög hamingjusamur en ég var að vonast eftir brúðkaupi í kyrrþey. Engar líkur á því! Takk kærlega fyrir kveðjurnar ykkar. Þær snertu mig djúpt.“



STEPHEN FRY

Gleðilegt nýtt átak

BAKPANKAR Viktoríu Hermannsdóttur



Besta hátíð ársins er liðin. Vellystingar jólanna með allri sinni gleði og glans, ljósum og skrauti, hafa siglt sinn veg og nú tekur alvaran við. Jólátrén dauð, jóla-kökurnar orðnar gamlar og bara vondu molarinn eftir í Macintosh-dollunni. Stemmingin er eins og í lélegu eftirpartí þar sem allt fjörið er búið og því kominn tími til þess að sigla inn í nýtt ár.

EFTIR AÐ HAFNA belgt sig út af reyktu kjöti, malti&appelsíni og öðru góðgæti eru flestir búnir að fá nóg. Og þá fara allir í átak. Þar á meðal ég. Líkamsræktarstöðvar fyllast af útblögum baráttuboltum með hangikjötstaumana út á kinn.

Allir ætla að taka sig á og verða betri á þessu ári en því síðasta. Aldrei er jafn mikið að gera í líkamsræktarstöðvum og í byrjun árs.

ÉG HEF áður sagt frá litlum líkamsræktaráhuga mínum á opinberum vettvangi pistlaskrifa. Það hefur lítið breyst síðan það var skrifað en viljinn er þó alltaf fyrir hendi, innst inni. Mig dreymir nefnilega um að verða svona líkamsræktartýpa.

Þessi sem elskar ræktina, kann á öll tækin og kemst ekki í gegnum daginn án þess að hreyfa sig. Og hefur ekkert fyrir því.

ÉG MÆTTI að sjálfsögðu galvösk í ræktina ásamt bróðurparti þjóðarinnar í byrjun vikunnar. Vesalings fólkíð sem stundar líkamsrækt allan ársins hring kemst ekki fyrir lengur í stöðinni. Það horfir á mann aukunaraugum sem segja: „Þú endist ekki út mánuðinn.“ Og hugsanlega er það rétt. Helmingurinn af þeim sem henda sér í janúarátak verður líklega hættur fyrir þann tíma.

LÍKAMSRÆKTARÁRANGUR minn hefur ekki verið glæstur í gegnum tíðina. Líklega með þeim verri í sögunni, en batnandi mönnum er best að lifa og aldrei að vita nema maður meiki það í gegnum þennan janúarmánuð. Það er reyndar ólíklegt en mikið vona ég að ég nái að sýna þessum líkamsræktarbrjálæðingum í tvo heimana þetta árið og verða einn af þeim. Með grænan djús, prótíndrykk og hlaupandi um á hlaupabrettinu eins og það sé tilgangur lífs míns. Það er aldrei að vita nema 2015 sé árið.

Ástralskt kebab á gamlárskvöld

Ásgeir Trausti hefur verið á tónleikaferð um Ástralíu síðan í desember. Í kvöld spilar hann tvívegis í Óperuhúsinu í Sydney. Með á sviðinu verða sjö meðlimir úr Sinfóníuhljómsveit Sydney. Á morgun lýkur síðan ferðalagiinu með gíggi í Melbourne. Prensir tónleikar eru svo fram undan í Japan og að þeim loknum fer Ásgeir í langa tónleikaferð um Bandaríkin. Fréttablaðið fékk sendar nokkrar skemmtilegar myndir frá túrnunum um Ástralíu.

LAUGARÁS BÍÓ Coca-Cola LAUGARÁS

12 THE HOBBIT 3 3D KL.5-6-8-9
 NIGHT AT THE MUSEUM 3 KL.3:30-5:45-8
 EXODUS KL.6-9:30
 MOCKINGJAY - PART I KL.10:20
 MÖRGÆSIR ISL.TAL.2D KL.3:30

16 UNBROKEN

LAUGARÁS BÍÓ

HOBBIT 3 3D (48R) 5, 7, 10, 11
 NIGHT AT THE MUSEUM 5, 8
 NIGHTCRAWLER 10:10
 BIG HERO 6 2D 4:50

SAMBÍÓIN

12 THE HOBBIT 3 3D KL.5-6-8-9
 NIGHT AT THE MUSEUM 3 KL.3:30-5:45-8
 EXODUS KL.6-9:30
 MOCKINGJAY - PART I KL.10:20
 MÖRGÆSIR ISL.TAL.2D KL.3:30

16 UNBROKEN

Love Rosie

ALFABAKKA

UNBROKEN KL.5:30-8:30-10:20
 UNBROKEN VIP KL.8:30
 THE HOBBIT 3D KL.5:30-8:30
 THE HOBBIT 2D KL.10:20
 THE HOBBIT 2D VIP KL.5:30
 LOVE, ROSIE KL.5:40-8
 HORRIBLE BOSSES 2 KL.5:40-8
 BIG HERO 6 ISL.TAL.2D KL.5:40
 DUMB AND DUMBERTO KL.8
 INTERSTELLAR KL.10:20

EGILSHÖLL

THE HOBBIT HFR 3D KL.4-7-10
 THE HOBBIT 2D KL.6-9
 LOVE, ROSIE KL.5:40-8
 HORRIBLE BOSSES 2 KL.8-10:20
 BIG HERO 6 ISL.TAL.2D KL.5:40
 EXODUS: GODS AND KINGS 2D KL.10:20

KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

UNBROKEN KL.5-8-10:50
 LOVE, ROSIE KL.5:40-8-10:20
 HORRIBLE BOSSES 2 KL.10:20
 BIG HERO 6 ISL.TAL.2D KL.5:40
 BIG HERO 6 ESKT.TAL.2D KL.8

KEFLAVÍK

UNBROKEN KL.10:20
 THE HOBBIT 3D KL.10
 HORRIBLE BOSSES 2 KL.8

AKUREYRI

UNBROKEN KL.8-10:20
 LOVE, ROSIE KL.10:45
 HORRIBLE BOSSES 2 KL.8
 BIG HERO 6 ISL.TAL.3D KL.5:40
 BIG HERO 6 ESKT.TAL.2D KL.5:40

SAMBÍÓIS



STUND MILLI STRÍÐA Kiddi Hjálmur stelst í smá lúr baksviðs.



HEITT Hitinn hefur verið mikill í Ástralíu og því mikilvægt að bera á sig góða sólarvörn.



VIÐ BRYGGJUNA Þorsteinn fyrir framan lengstu bryggju í Ástralíu.



Á STRÖNDINNI Ásgeir Trausti og Júlíus Aðalsteinn Róbertsson frá Hvammstanga á ströndinni í Ástralíu.



SÍÐASTA KVÖLDMÁLTÍÐIN 2014 Ásgeir og félagar áttu þrjú flug á gamlársgang. Þeir lentu rétt fyrir áramótin og fengu sér kebab í kvöldmat.



BLESS Bandið kveður tónleikagesti í Marion Bay í Tasmaníu.



SKOÐAR TÚRBÓK Friddi hjóðmaður virðir fyrir sér túrbókina og dagskrá næstu daga.



SPENNTUR Trommarinn Helgi Svavar bíður eftir því að komast á svið.



BRÆÐUR BAKSVIÐS Ásgeir ásamt bróður sínum Þorsteini Einarssyni, söngvara Hjálma, baksviðs á The Fall Arts & Music Festival í Marion Bay.

BÍÓ PARADÍS HAPPY HOUR A BARNUM 17-20

Whiplash 18.00 Winter Sleep 20.00
 Turist 17.45 Mommy 20.00
 París norðursins ENG.SUB 18.00 20,000 days on earth 22.30
 Rudderless 20.00, 22.00

Barnaheill Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
 Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.

Halda styrktartónleika fyrir Brynju Hlíf Hjaltadóttur

Hinn 13. janúar verða haldnir styrktartónleikar fyrir Brynju Hlíf sem lenti í alvarlegu mótörhjólalysi í Noregi í október.

Brynja Hlíf Hjaltadóttir, dóttir hjónanna Hjalta „Úrsusar“ Árnasonar og Höllu Heimisdóttur, lenti í alvarlegu mótörhjólalysi í Noregi þann 14. október síðastliðinn og í kjölfarið missti hún mátt í báðum fótum. Enn er óvíst hvort hún fái máttinn á nýjan leik.

Þriðjudaginn 13. janúar verða haldnir tónleikar í Hlégarði í Mosfellsbæ til styrktar Brynju Hlíf og fjölskyldu hennar.

Eva Magnúsdóttir er ein þeirra sem skipuleggja tónleikana, en hún er góð vinkona móður Brynju. „Við fengum þessa hugmynd öll hvert í sínu lagi, vinir þeirra hjónanna. Þegar svona kemur upp á í litlu bæjarfélagi eins og Mos-

fellsbæ, þá eru svo margir sem þekkja til og vilja hjálpa.

Fólk var alltaf að koma til mín og spyrja hvort það gæti ekki gert eitthvað og hvernig það gæti komið til móts við fjölskylduna,“ segir Eva.

Allur ágóði rennur beint til Brynju og fjölskyldu hennar. „Allir listamenn sem koma fram gefa sína vinnu og Ólgerðin, Bónus og Fasteignasalan í Mosfellsbæ aðstoða okkur líka. Við erum afar þakklát fyrir það,“ segir Eva.

Meðal þeirra sem fram koma eru Bubbi Morthens og Dimma, Kaleo, VÍO úr Mosfellsbæ, Ágústa Eva, Karl Tómasson og Guðmundur Jónsson.

- asi

“Þegar svona kemur upp á í litlu bæjarfélagi eins og Mosfellsbæ, þá eru svo margir sem þekkja til og vilja hjálpa.



GOTT AÐ GETA HJÁLPAÐ Eva Magnúsdóttir er ein af skipuleggjendum tónleikanna. MYND/BRAGI ÞÓR JÓSEFSSON



HAMINGJUSÖM Lively og Reynolds hafa verið gift frá árinu 2012.

NORDICPHOTOS/GETTY

Blake Lively orðin móðir

Leikkonan Blake Lively og eiginmaður hennar, Ryan Reynolds, eignuðust sitt fyrsta barn á milli jóla og nýárs.

Barnið fæddist í New York og kom nokkru fyrr en áætlað var, en móður og barni er sagt heilsast vel. Ekki hefur verið tilkynnt hvort um stúlku eða dreng var að ræða.

Hjónin eru sögð hafa áform um að ala barnið upp fjarri ys og þys Hollywood og veita því sem eðlilegasta barnæsku þrátt fyrir að vera sjálf áberandi í sviðsljósinu.

Lively og Reynolds kynntust við tókur á myndinni Green Lantern árið 2010 og gengu í það heilaga tveimur árum síðar.



FLOTTUR Brad Pitt er alltaf flottur.

NORDICPHOTOS/GETTY

Pitt með regnboganeglur

Leikarinn og hjartaknúsarinn Brad Pitt skartaði lökkudum nöglum á Palm Springs International Film Festival verölaunahátíðinni á dögunum þar sem hann kynnti myndina Selmu, en Pitt er einn af framleiðendum hennar.

Neglur Pitts vöktu mikla athygli en þær voru málaðar í öllum regnbogans litum og er þetta ekki í fyrsta skipti sem hann mætir á opinbera viðburði með lakkðar neglur.

Um miðjan desember fjölludu fjölmiðlar vestanhafs um þegar Pitt mætti með ljósblátt naglalakk á nögl litla fingurs á frumsýningu kvikmyndarinnar Unbroken sem leikstýrt var af eiginkonu hans, Angelinu Jolie.

ÚTSALA

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN

40-50%
afsláttur af
öllum útsöluvörum

Flott merki á lækkuðu verði...

COMPANYS

Kringlunni | s. 512 1766

ntc.is | [f verslunin.companys](https://www.facebook.com/verslunin.companys) | [i companyskringlan](https://www.instagram.com/companyskringlan)

InWear SAINT TROPEZ PART TWO SOAKED IN LUXURY MALENE BIRGER 5

KR rætt við nokkra Bödker-Dani

FÓTBOLTI Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins þykir nokkuð líklegt að Daninn Henrik Bödker gangi í raðir KR á næstu dögum, en hann sagði upp starfi sínu hjá Stjórnunni eftir síðasta tímabil. Auk þess að sinna markvarðþjálfun hefur hann fengið alla þá Dani, sem hafa staðið sig svo vel í Garðabænum, til landsins.

„Ég hef ekki heyrt að hann sé búinn að taka ákvörðun. Við höfum rætt við hann og fleiri eftir að Guðmundur Hreiðarsson hætti hjá okkur,“ segir Baldur Stefánsson, varaformaður knattspyrnu deildar KR. Sjálfur vildi Henrik ekki ræða málið þegar Fréttablaðið hafði samband við hann í gærkvöldi.

Henrik hefur þó bent KR á danska leikmenn til að fylla í þau skörð sem hoggin hafa verið í liðið. „Við höfum verið í viðræðum við nokkra leikmenn af þeim og það eru einhverjar líkur á að við reynum að loka einhverju af því. Ég ætla ekki að nefna nein nöfn en ég er þökkalega brattur á að það dragi til tíðinda á næstu dögum eða vikum,“ segir Baldur.



- tom

Meistararnir byrja nýtt ár með sigri

KÖRFUBOLTI Íslandsmeistarar Snæfells byrja nýtt ár með sigri, en lærimeyjar Inga Þórs Steinþórsdóttir unnu Hauka á útivelli í Domino's-deild kvenna í gærkvöldi, 72-61. Snæfellsstúlkur voru fjórum stigum undir eftir fyrsta leikhlutu, en voru búnar að taka forystuna í hálfleik og létu hana ekki af hendi. Þetta er ellefti sigurinn í röð hjá meisturunum sem eru á toppi Domino's-deildarinnar með 28 stig, sex stigum á undan Keflavík. Kristin McCarthy var atkvæðamest hjá Snæfelli í gærkvöldi með 29 stig og 15 stoðsendingar, en leikstjórnandinn Hildur Sigurðardóttir skilaði 18 stigum, 8 fráköstum og 5 stoðsendingum. Hjá Haukum var LeLe Hardy best að vanda með tröllatvönnu upp á 34 stig og 20 fráköst. Haukarnir eru í þriðja sæti deildarinnar með 22 stig. Þrjú leikir fara fram í deildinni í kvöld. Valur og KR mætast í Vodafone-höllinni, Breiðablik tekur á móti Keflavík og Grindavík sækir Hamar heim. Allir leikirnir hefjast klukkan 19.15.



ÓSIGRANDI Hildur Sigurðardóttir með boltann í 11. sigurleik Snæfells í röð í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



BESTU LEIKMENNIRNIR Michael Craion í KR og Haukakonan LeLe Hardy. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Leikmenn KR áberandi

KÖRFUBOLTI KR átti besta leikmann fyrri hluta tímabilsins í Domino's-deild karla, þrjú leikmenn í úrvalsliði deildarinnar og besta þjálfarann, en valið var kunnngjört í gær. Það kemur ef til vill ekki á óvart enda hafði KR mikla yfirburði á fyrri hluta tímabilsins og trónir á toppi deildarinnar með fullt hús stiga.

Topplið Snæfells í Domino's-deild kvenna átti besta þjálfarann og tvo leikmenn í úrvalsliðinu. Þar var það hins vegar Haukakonan LeLe Hardy sem fékk útnefningu sem besti leikmaður deildarinnar á fyrri hluta tímabilsins.

Besti dómarrinn í báðum deildum var svo Sigmundur Már Herbertsson.

DOMINO'S-DEILD KARLA

Úrvalslið: Michael Craion (KR), Helgi Már Magnússon (KR), Darrel Lewis (Tindastóli), Pavel Ermolinskij (KR), Dagur Kár Jónsson (Stjórnunni).

Dugnaðarforkurinn: Sveinbjörn Claessen, ÍR.

Besti þjálfarinn: Finnur Freyr Stefánsson, KR.

DOMINO'S-DEILD KVENNA

Úrvalslið: Ragna Margrét Brynjarsdóttir (Val), Sara Rún Hinriksdóttir (Keflavík), LeLe Hardy (Haukum), Gunnhildur Gunnarsdóttir (Snæfelli), Hildur Sigurðardóttir (Snæfelli).

Dugnaðarforkurinn: Ragnheiður Benónisdóttir, Haukum.

Besti þjálfarinn: Ingi Þór Steinþórsdóttir, Snæfelli.



YFIR HAFIÐ Steven Gerrard spilar næst í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Gerrard sagður spila með LA

FÓTBOLTI Allt útlit er fyrir að Steven Gerrard muni feta í fótspor Davids Beckham og spila með LA Galaxy í bandarísku MLS-deildinni. Þetta er fullyrt á vef BBC.

Gerrard hefur spilað með Liverpool allan sinn feril en talið er að hann muni þéna um sex milljónir punda, tæplega 1,2 milljarða króna, á samningnum við LA Galaxy.

Hann tilkynnti á föstudag að hann myndi ekki framlengja samninginn við Liverpool og síðar að hann hygðist halda til Bandaríkjanna.

Handboltinn hluti af þjóðinni

Uwe Gensheimer, fyrirlíði þýska landsliðsins í handbolta, segir að Dagur Sigurðsson hafi komið með margt jákvætt inn í liðið á sínum stutta tíma sem landsliðsþjálfari. Hann vonast til að Þýskaland komi á óvart á HM.

HANDBOLTI Þýska landsliðið hélt af landi brott í gær eftir stutta dvöl hér á landi þar sem liðið lék tvo æfingaleiki gegn Íslandi. Um leið nýtti Dagur Sigurðsson, þjálfari þýska landsliðsins, ferðina til þess að þjappa hópnum saman áður en alvaran tekur við í Katar um miðjan mánuðinn.

„Hingað til hefur allt verið mjög jákvætt undir stjórn Dags,“ sagði Uwe Gensheimer, fyrirlíði þýska liðsins og leikmaður Rhein-Neckar Löwen, í samtali við Fréttablaðið eftir síðari æfingaleik liðanna í Laugardalshöllinni í fyrrkvöld. Ísland vann þá með eins marks mun en Þjóðverjar unnu fyrri leikinn sannfærandi.

„Þetta er núna í þriðja sinn sem liðið kemur saman undir hans stjórn og okkur gekk vel í haust. Við unnum báða leikina okkar í undankeppni EM og þó svo að hann hafi verið með okkur í skamman tíma má þegar merkja ýmis áhrif hans á liðið. Hann fann auðvitað ekki handboltann upp á nýtt en hefur komið með margar litlar breytingar sem eru af hinu góða,“ segir Gensheimer.

Þýskaland hefur átt erfitt uppdráttar síðustu ár, eða allt frá því að liðið endaði í tíunda sæti á EM í Austurríki árið 2010. Dagur var þá þjálfari Austurríkis sem var að keppa á sínu fyrsta stórmóti í sautján ár og kom gríðarlega á óvart með því að enda í níunda sæti.

Væntingarnar ekki of miklar

Ef frá er talið HM á Spáni árið 2013, þar sem Þjóðverjar enduðu í fimmta sæti, hefur árangur liðsins valdið vonbrigðum. Þjóðverjar komust hvorki inn á Ólympíuleikana 2012 né EM 2014 og töpuðu þar að auki í undankeppni HM í Katar fyrir Póllandi. Liðinu var þó hleypt inn á mótið sem kunnugt er eftir að keppnisréttur Ástralíu var afturkallaður.

„Besta leiðin til að efla sjálfs-traustið í liðinu er að vinna leiki. Við unnum tvo leiki í haust sem

var gott og sigurinn í fyrri leiknum gegn Íslandi sómuleiðis. Og þó svo að við töpuðum seinni leiknum var heilmargt jákvætt í gangi við okkar leik.“

Þýska úrvalsdeildin er sú sterkasta í heimi og óhætt að fullyrða að eitt sterkasta vígi handboltsans sé þar í landi. Það eru því ávallt gerðar miklar kröfur til landsliðsins en Gensheimer segir að þeim hafi nú verið stillt í hóf.

„Við erum ekki í hópi sigurstranglegustu þjóðanna og væntingarnar eru að mínu mati ekki of miklar. Við höfum núna tækifæri til að vinna okkur upp úr ákveðinni lægð og ég tel það gott fyrir okkar unga lið. Ég vona að við getum komið fólkinu heima á óvart með frammistöðu okkar í Katar.“

Íslendingar eru handboltaþjóð

Gensheimer þekkir afar vel til íslensks handbolts enda var hann lengi með Guðmund Guðmundsson sem þjálfara hjá Rhein-Neckar Löwen auk þess sem hann hefur spilað með mörgum íslenskum handboltamönnum – Ólafi Stefánssyni, Guðjóni Val Sigurðssyni, Snorra Steini Guðjónssyni, Róberti Gunnarssyni, Alexander Peterssyni og Stefáni Rafni Sigurmannssyni.

„Þegar maður gerir sér grein fyrir því hversu fáir íbúar eru á Íslandi og hversu margir íslenskir leikmenn eru í þýsku úrvalsdeildinni – bestu deild heims – þá er maður fljótur að átta sig á því að Íslendingar eru handboltaþjóð. Ég hef líka kynnst því sjálfur í gegnum þá leikmenn sem ég hef spilað með, að handboltinn er hluti af íslensku þjóðinni. Það skín í gegn í skapgerð leikmannanna.“

Þýskaland mætir næst Tékklandi í tveimur æfingaleikjum á heimavelli áður en liðið heldur til Katar. HM hefst 15. janúar en lærisveinar Dags mæta Póllandi, sem vann einmitt Þjóðverja í undankeppni mótsins, í fyrsta leik degi síðar.

eirikur@frettabladid.is



LYKILMAÐUR Uwe Gensheimer er einn besti vinstri hornamaður heimsins og hefur verið um árabil. Hann er fyrirlíði þýska landsliðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Dagur og Guðmundur nákvæmir

Uwe Gensheimer lék lengi undir stjórn Guðmundar Guðmundssonar, sem hætti hjá Rhein-Neckar Löwen í vor til þess að taka við danska landsliðinu í handbolta. Gensheimer leikur nú undir stjórn Dags Sigurðssonar hjá þýska landsliðinu og segir að það sé margt líkt með þjálfurunum.

„Það eru lítil smáatriði sem skilja þá að en auðvitað hefur hver þjálfari sínar áherslur í því hvernig hann stýrir æfingum, undirbýr leiki og talar við leikmenn. Báðir eru afar nákvæmir í sínum undirbúningi og með mjög skýra sýn á leikstíl sinna liða. Þeir sinna einnig allri tæknivinnslu í undirbúningi sínum mjög vel en það er nauðsynlegt í nútímahandbolta,“ segir Gensheimer.



Erlingur fer ekki með á HM í Katar

Íslenska landsliðið verður án annars af tveimur aðstoðarþjálfurum liðsins á heimsmeistaramótinu.

HANDBOLTI Erlingur Richardsson, annar af tveimur aðstoðarþjálfurum íslenska landsliðsins í handbolta, fer ekki með liðinu á HM í Katar þar sem hann á ekki heimangengt vegna starfs síns hjá austurríska úrvalsdeildarliðinu West Wien.

„Því miður verður hann ekki með,“ segir Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, í samtali við Fréttablaðið, en Erlingur mun samt sem áður koma að leikgreiningu Íslands á HM.

„Menn geta alveg unnið leikgreiningar á milli landa þannig að Erlingur mun koma að þessu, en því miður getur hann ekki farið með okkur,“ segir Einar.

Erlingur var á bekknum í báðum leikjum Íslands gegn Þýskalandi í Laugardalshöllinni sem fram fóru

á sunnudag og mánudag og þá verður hann eini aðstoðarþjálfarinn á fjögurra landa mótinu sem hefst á föstudaginn.

„Gunnar Magnússon er að stýra U21 árs landsliðinu í forkeppni HM, en riðillinn okkar er spilaður hérna heima. Erlingur verður því með Aroni í Svíþjóð og Danmörku en fer svo til Austurríkis. Gunnar kemur aftur til móts við liðið á mánudaginn,“ segir Einar.

Erfitt verkefni er fyrir höndum hjá Gunnari í forkeppni U21 árs liðsins, en það mætir Noregi, Eistlandi og Litháen og fara allir leikirnir fram í Strandgötu í Hafnarfirði.

„Það er aðeins eitt lið af þessum fjórum sem vinnur sér inn sæti á HM í Brasilíu í sumar. Við erum komnir með 19 ára landsliðið á HM



EKKI MEÐ Erlingur hefur skyldum að gegna í Austurríki. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

í Rússlandi og þarna er möguleiki á að koma 21 ára liðinu á HM líka. Þetta er erfiður riðill því Noreg-

ur og Eistland voru bæði á síðasta HM, en þangað komumst við ekki,“ segir Einar Þorvarðarson.

KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS



TIL HAMINGJU!

Jón Arnór Stefánsson, Íþróttamaður ársins 2014
Karlalandsliðið í körfuknattleik, Lið ársins 2014
Pétur Karl Guðmundsson, útnefndur í Heiðurshöll ÍSÍ

Til hamingju íslenskur körfubolti!



Stöð 2 kl. 18.54

Ísland í dag

Umsjónarmenn fara yfir helstu tíðindi dagsins úr pólitíkinni, menningunni og mannlífinu. Ítarlegur íþróttapakki og veðurfréttir.



Í KVÖLD



Modern Family

GULLSTÖÐIN KL. 19.25 Önnur þáttaröðin um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna. Í hverjum þætti lenda fjölskyldurnar í ótrúlega fyndnum aðstæðum sem við öll könnumst við að einhverju leyti.



Bones

STÖÐ 2 KL. 21.10 Niunda röðin af þessum stórskemmtilegu þáttum þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan réttarmeinafræðings, sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknu morðmálum.



Hart of Dixie

STÖÐ 3 KL. 19.00 Önnur þáttaröðin um unga stórborgarstúlku sem finnur sjálfa sig og ástina í smábæ í Alabama. Rachel Bilson leikur ungan lækni sem neyðist til að taka að sér vinnu í smábæ þar sem lífið er allt öðru vísi en hún á að venjast.

Bylgjan kl. 16.00

Reykjavík síðdegis

Porgeir, Kristófer og Bragi með þjóðfélagsmæðu sem skiptir máli.



Riiiiiiisa

ÚTSALA

ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

HÚSGAGNAHÖLLIN

– fyrir lifandi heimili –

Reykjavík og Akureyri

EITT SÍMANÚMER 558 1100

www.husgagnahollin.is

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.05 I Hate My Teenage Daughter
- 08.30 The Wonder Years
- 08.55 Mindy Project
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Doctors
- 10.15 Touch
- 11.00 Spurningabomban
- 11.50 Grey's Anatomy
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Gatan mín
- 13.20 Dallas
- 14.05 Fairly Legal
- 14.50 Veistu hver ég var?
- 15.35 Victorious
- 15.55 Grallararnir
- 16.20 The Goldbergs
- 16.45 How I Met Your Mother
- 17.10 Bold and the Beautiful
- 17.32 Nágrannar
- 17.57 The Simpsons Átjándi og nýjasta þáttaröð langlíffustu og einnar allra færslustu gamanþáttaraðar í sögu sjónvarpsins.
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Anger Management
- 19.40 The Middle
- 20.05 Olive Kitteridge
- 21.10 Bones
- 21.55 Getting On
- 22.25 House of Versace
- 23.50 Story of Us
- 01.25 Haunting of Molly Hartley
- 02.50 Savages
- 04.55 The Simpsons
- 05.20 Fréttir og Ísland í dag

SPORT besta sætið

- 07.00 Everton - West Ham
- 14.15 Brooklyn
- 15.15 Þýsku mörkin
- 15.45 Valencia - Real Madrid
- 17.25 Spænsku mörkin 2014/2015
- 17.55 Everton - West Ham
- 19.35 Ensku bikarmörkin 2015
- 20.05 Arsenal - Hull
- 21.45 Ensku bikarmörkin 2015
- 22.15 Miami - Cleveland
- 23.55 The Association - Cleveland Cavaliers Skemmtilegur heimildarþáttur frá NBA.

SPORT 2 enski boltinn

- 12.00 Hull - Leicester
- 13.40 Newcastle - Everton
- 15.20 Premier League Review 2014/2015
- 16.15 QPR - Swansea
- 17.55 Premier League World 2014
- 18.25 Bolton - Ipswich
- 20.05 Tottenham - Man. Utd.
- 21.45 Messan
- 23.00 Sunderland - Hull

INN

- 20.00 Björn Bjarnason 20.30 Tölur og tækni
- 21.00 ABC barnahjálpi 21.30 Frá Haga í maga

ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 89,5 Retro
- FM 90,1 Rás 2
- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1

STÖÐ 3

- 07.45 Southland
- 08.25 Tónlistarmyndbönd frá Bravó
- 18.15 Last Man Standing
- 18.40 Are You There, Chelsea?
- 19.00 Hart of Dixie
- 19.45 Save With Jamie
- 20.30 Baby Daddy
- 20.55 The Gates
- 23.00 Originals
- 23.45 Supernatural
- 00.25 Hart of Dixie
- 01.10 Save With Jamie
- 02.00 Baby Daddy
- 02.20 The Gates
- 04.25 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

Krakkastöðin

- 07.00 Áfram Diego, áfram! 07.24 Svampur Sveinsson 07.45 Mamma Mu 07.55 UKI 08.00 Brunabílarir 08.22 Latibær 08.47 Ævintýraferðin 09.00 Ben 10 09.25 Lína Langsokkur 09.47 Tommi og Jenni 09.53 Tommi og Jenni 10.00 Dóra könnuður 10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 10.45 Daddi litli og Eyrnastór 10.55 Rasmus Klumpur og félagar 11.00 Áfram Diego, áfram! 11.24 Svampur Sveinsson 11.48 Mamma Mu 11.55 UKI 12.00 Brunabílarir 12.22 Latibær 12.44 Ævintýraferðin 13.00 Ben 10 13.25 Lína Langsokkur 13.47 Tommi og Jenni 13.53 Tommi og Jenni 14.00 Dóra könnuður 14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 14.45 Daddi litli og Eyrnastór 14.55 Rasmus Klumpur og félagar 15.00 Áfram Diego, áfram! 15.24 Svampur Sveinsson 15.48 Mamma Mu 15.55 UKI 16.00 Brunabílarir 16.22 Latibær 16.44 Ævintýraferðin 17.00 Ben 10 17.25 Lína Langsokkur 17.47 Tommi og Jenni 17.53 Tommi og Jenni 18.00 Dóra könnuður 18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 18.45 Daddi litli og Eyrnastór 18.55 Rasmus Klumpur og félagar 19.00 Skrímsli í París 20.30 Sögur fyrir svefninn

GULLSTÖÐIN

- 18.10 Strákarnir
- 18.35 Friends
- 19.00 2 Broke Girls
- 19.25 Modern Family
- 19.45 Two and a Half Men
- 20.10 Heimsókn
- 20.30 Eitthvað annað
- 21.00 The Americans
- 21.45 Chuck
- 22.30 Cold Case
- 23.15 E.R.
- 00.00 The Untold History of the United States
- 01.00 Heimsókn
- 01.20 Eitthvað annað
- 01.50 The Americans
- 02.35 Cold Case
- 03.20 Chuck

BÍÓSTÖÐIN

- 12.20 Arthur Newman
- 14.00 Free Willy: Escape From Pirate's Cove
- 15.40 Gambit
- 17.10 Arthur Newman
- 18.50 Free Willy: Escape From Pirate's Cove
- 20.30 Gambit
- 22.00 Die Hard 4: Live Free or Die Hard
- 00.05 The Last Stand
- 01.50 Spring Breakers
- 03.25 Die Hard 4: Live Free or Die Hard

RÚV

- 16.35 Mánudagsmorgnar
- 17.20 Disneystundin
- 17.21 Finnbogi og Felix
- 17.43 Sígildar teiknimyndir
- 17.50 Herkúles
- 18.10 Táknafréttir
- 18.20 Ekki gera þetta heima Norsk fræðsluþáttaröð um hressandi tilraunir. Peir Rune Nilson og Per Olav Alvestad láta sér detta ýmislegt misgáfulegt í hug og hrinda því yfirleitt í framkvæmd.
- 18.54 Víkingalóttó
- 19.00 Fréttir
- 19.20 Íþróttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Morðgátur Murdochs Kanadískur er sakamálaþáttur um William Murdoch og samstarfsfólk hans sem nýttu sér nýtskuaðferðir eins og lygamæla og fingraför við rannsókn glæpamála laust fyrir aldamótin 1900.
- 20.55 Á sömu torfu
- 21.10 Kvíkur sjór Íslensk heimildarmynd frá 2013. Þorsteinn Jónsson ræðir við sjómenn og leitast við að varpa ljósi á þær áherslubreytingar sem orðið hafa á sjósókn á Íslandi síðustu áratugi.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Raggi Bjarna
- 23.25 Scott og Bailey
- 00.10 Kastljós
- 00.35 Fréttir
- 00.50 Dagskrárlök

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Everybody Loves Raymond
- 08.20 Dr. Phil
- 09.00 The Talk
- 09.45 Pepsi MAX tónlist
- 14.55 Cheers
- 15.20 Family Guy
- 15.40 Jane the Virgin
- 16.20 Parenthood
- 17.05 Minute to Win It
- 17.50 Dr. Phil Bandarískur spjallþáttur með sjónvarpssálfræðingnum Phil McGraw sem hjálpar fólki að leysa vandamál sín í sjónvarpssal.
- 18.30 The Tonight Show
- 19.10 The Talk
- 19.50 The Millers
- 20.15 Survivor.
- 21.00 Madam Secretary
- 21.45 Blue Bloods Vinsæl þáttaröð með Tom Selleck í aðalhlutverki um valdafjölskyldu réttlætis í New York-borg.
- 22.30 The Tonight Show
- 23.15 How To Get Away With Murder
- 00.00 Madam Secretary
- 00.45 Blue Bloods
- 01.30 The Tonight Show
- 02.20 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin

- 08.00 PGA Tour 2014
- 13.40 PGA Tour 2014
- 18.00 Golfing World 2014
- 18.50 PGA Tour 2014
- 22.00 Golfing World 2014
- 22.50 PGA Tour 2014 - Highlights

- FM 95,7 FM957
- FM 97,7 X-ið
- FM 99,4 Útvarp Saga
- FM 100,5 K100
- FM 102,9 Lindin

DÚKKU HEIMILI



„Dúkkuheimili er bæði fersk og djörf. Hér er á ferðinni sýning sem enginn leikhúsunnandi ætti að láta framhjá sér fara.“

SBH - Mbl.



„Leikmyndin er stórvirki. Ilmur Stefánsdóttir á mikið hrós skilið“

SJ - Fbl



„Mögnuð sýning sem á fullt erindi við samtímann“

BL. Pressan

„Mikill leiksigur hjá Unni Ösp“
ÁG - Listaukinn

Leikstjórn: Harpa Arnardóttir

NÝJAR AUKASÝNINGAR KOMNAR Í SÖLU!



Mið 7/1 kl. 20	ÖRFÁ SÆTI	Fim 15/1 kl. 20	UPPSELT	Sun 25/1 kl. 20	AUKASÝN
Fim 8/1 kl. 20	ÖRFÁ SÆTI	Sun 18/1 kl. 20	AUKASÝN	Sun 1/2 kl. 20	AUKASÝN
Sun 11/1 kl. 20	UPPSELT	Fim 22/1 kl. 20	AUKASÝN	Fim 5/2 kl. 20	AUKASÝN

MÍÐASALA - 568 8000 - BORGARLEIKHUS.IS



Borgarleikhúsið

BÍÓMYNDIN



The Shawshank Redemption. Hún er myndin, skemmtileg og dramátísk allt í senn.

Ásgeir Örn Hallgrímsson, handboltamaður

„Gömlurnar“ vilja safna 1,5 milljónum króna

Vinkonurnar Ragnheiður Rut og Sæbjörg Snædal selja dagatöl í Eyjum klæddar eins og gamlar konur.

Vinkonurnar Ragnheiður Rut Georgsdóttir og Sæbjörg Snædal Logadóttir, sem kalla sig gömlurnar, vonast til að safna 1,5 milljónum króna með sölu á dagatölum til styrktar krabbameinssjúkum.

„Við fengum þau í hendurnar 2. janúar og erum að selja þetta á fullu,“ segir Ragnheiður Rut aðspurð, en Fréttablaðið greindi frá tilurð dagatalanna í haust. Stöllum hafa klætt sig upp sem gamlar konur í alls konar kostulegum munderingum og sett myndir

inn á Facebook, sem rötuðu svo inn í dagatölin.

Þær byrjuðu á að selja þau í heimabæ sínum, Vestmannaeyjum, og voru að sjálfsögðu uppáklæddar og með góða skapið í farteskinu. „Okkur var sjúklega vel tekið. Það er bara gaman að láta gott af sér leiða og fólk tekur bara þátt í því með okkur,“ segir Ragnheiður Rut en þær ætla að halda áfram söluinni í Eyjum á fimmtudaginn.

Vinkonurnar fengu styrktaraðila til að borga prentun dagatal-

„**Þetta er engin vinna, bara skemmtun.**“

anna og rennur söluhagnaðurinn því óskiptur til Krabbavarna í Vestmannaeyjum, Krabbameinsfélags Íslands og Félags krabbameinssjúkra barna. Ef salan gengur vel býst Ragnheiður við því að gerð dagatala verði árlegur viðburður. „Við höfum svo gaman af þessu. Þetta er engin vinna, bara skemmtun.“



„GÖMLURNAR“ Ragnheiður og Sæbjörg hafa gaman af því að láta gott af sér leiða.



Útsala

25-40% afsláttur af sængurverum



Útsala

HK Living barstóll 30% afsláttur



Útsala

HK Living snagar 20% afsláttur

Mikið úrval af fallegum hönnunarvörum. Fáðu sent heim að dyrum.



www.snuran.is
vefverslun S: 537-5101



FJÖLHÆFUR KÍRÓPRAKTOR Guðmundi finnst best að hafa nóg fyrir stafni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Kírópraktor opnar myndlistarsýningu

Guðmundur Birkir Pálmason, kírópraktor og þúsundþjalasmiður, opnar sína fyrstu myndlistarsýningu hér heima á föstudag í Anarkíu galleríi í Hamraborg.

„Það var eiginlega bróðir minn, Hlynur Pálmason, listamaður og leikstjóri, sem ýtti mér út í það að mála,“ segir Guðmundur Birkir Pálmason, kírópraktor hjá Kírópraktorstofu Íslands, sem opnar sína fyrstu myndlistarsýningu á Íslandi í Anarkíu galleríi í Kópavogi á föstudag.

Guðmundur, sem lærði kírópraktorsfag í Svíþjóð, byrjaði að mála þegar hann var enn í námi. „Ég er alveg ólærður í þessu og þetta gerðist eignlega alveg óvart. Smám saman fór ég að prófa mig áfram við að mála, sem endaði með því að ég hélt sýningu í Svíþjóð,“ segir hann, en á sýningunni úti seldust öll verkin hans. „Það gaf mér aukið sjálfstraust og kraft til að halda áfram og prófa að mála meira,“ segir Guðmundur.

Verkin hans eru abstrakt og segist hann nota alls kyns efni í þau.

„Ég nota margt konar efni til að fá ákveðinn strúktúr og vidd í verkin. Svo nota ég olíulíti, akrýl, skipamálningu og bara hvað sem kallar á mig þá stundina,“ segir hann.

Á sýningunni verða hátt í tuttugu myndir eftir hann. Flestar þeirra eru í stærri kantinum, en Guðmundur segist vera mislengi að klára hvert verk. „Það fer svolítið eftir myndinni. Stundum get ég endalaust verið að vinna í henni og bætt við, svo eru aðrar sem klárast strax.“

Guðmundur er svo sannarlega margt til lista lagt. Það er ekki nóg með að hann sé kírópraktor í fullu starfi og máli myndir, heldur undar hann sér einnig við að hanna skartgrip, sem Unnur Óladóttir smíðar fyrir hann, heldur úti matarbloggi og skipuleggur æfingafærðir til Svíþjóðar.

Það lá því beinast við að spyrja

„**Mér finnst gaman þegar það er margt í gangi og verð hálf eirðarlaus ef það er ekki of mikið að gera hjá mér. Ég þarf alltaf að hafa eitthvað fyrir stafni.**“

hann hvort hann hafi fleiri klukkustundir í sólarhringnum en við hin. „Nei, það er nú ekki þannig, ég held að það sé frekar að ég sé ofvirkur,“ segir hann og hlær.

„Þetta spilar allt vel saman, mér finnst gaman þegar það er margt í gangi og verð hálf eirðarlaus ef það er ekki of mikið að gera hjá mér. Ég þarf alltaf að hafa eitthvað fyrir stafni,“ segir Guðmundur. Nánari upplýsingar um verk Guðmundar er að finna á heimasíðu hans www.norrart.com. ada@frettabladid.is

Nýtir föndrið til endurvinnslu


Marsibil Brák Vignisdóttir hefur gaman af því að föndra og endurnýta hluti.

„Ef það glitrar þá set ég það inn í skáp og geymi, ég er svolítill krummi. Svo seinna bý ég eitthvað til úr því,“ segir Marsibil Brák Vignisdóttir, áhugakona um föndur og endurvinnslu.

Eftir jólin ákvað hún að endurnýta jólakortin og bjó til jólakúlu úr kortunum, sem annars hefðu endað í kassa í geymslunni eða jafnvel ruslinu. „Ég er svolítið alltaf að föndra úr hlutum sem eru þegar til og endurnýta þá.“ Þetta er þó í fyrsta skipti sem Marsibil föndrar úr jólakortum en hugmyndina fékk hún úr YouTube-myndbandi. „Hugs-

aðu þér allar kúlurnar sem hefðu getað orðið til,“ segir hún hlæjandi. Í fyrra var áramótaheitið hennar að endurvinnna meira og er jólakúlan í takt við heitið.

Marsibil hefur í gegnum tíðina föndrað ýmislegt sniðugt úr afgangum og dóti sem hjá mörgum myndu enda í ruslinu. Hún planar þó verkefni ekki langt fram í tímann. Núna er hún samt með eitt verkefni í vinnslu fyrir næsta vor. „Ég er að undirbúa fermingarveislu og er að gera skraut úr blaðsíðunum úr gamalli bók, það er svona það sem ég er að fikta aðeins í núna.“



FÖNDRARI Marsibil hefur gaman af því að föndra úr óhefðbundnum efniviði.

MYND/MARSIBILBRÁK

VERTU KLÁR Í SKÓLANN

ÁFRAM NÁMSMENN

OMG! ÞAÐ ER SVO MIKIÐ AF NÁMSBÓKUM HÉRNA!



Verð 493 krónur

Verð 493 krónur

5 Í PAKKA kr. 1.849

25% afsláttur

Stíla- eða reikningsbók A4 með gormum



TILBOÐ 49 kr. áður 259 kr.

80% afsláttur

Skrúfblyantur, E-click 0,5



TILBOÐ 195 kr. áður 355 kr.

45% afsláttur

Áherstupenni, mjór. Margir litir í boði

BAKPOKAR OG TÖLVUTÖSKUR Í ÚRVALI!

Verð frá 3.951 krónur

EASTPAK ADEINS Í SUÐUR-KRINGLU

ALLAR EASTPAK TÖSKUR EITT VERÐ!

4.999 kr. stk.



TÖKUM Á MÓTI NÁMSBÓKUM Í EFTIRTÖLDUM VERSLUNUM:

KRINGLAN | SMÁRALIND
HALLARMÚLI 4 | AUSTURSTRÆTI | AKUREYRI | HAFNARFJÖRÐUR
AKRANES | ÍSAFJÖRÐUR | KEFLAVÍK | VESTMANNAEYJAR

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildir 7. janúar, til og með 8. janúar, eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengrl.



Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
 EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR AF FÓLKI

Björk vinnur með Haxan Cloak

Söngkonan **Björk Guðmundsdóttir** vinnur þessa dagana að nýrri plötu, en síðasta plata hennar, *Biophilia*, kom út árið 2011. Meðal listamanna sem vinna með Björk að gerð hennar er breski raftónlistarmaðurinn og upptökustjórinn Bobby Krlic, betur þekktur sem *The Haxan Cloak*. Hann tilkynnti á Twitter-síðu sinni á þriðjudag að það væri með hógværd og spenningi sem hann gæti loksins sagt frá því að hann væri að vinna með Björk að plötunni og samstarfið væri honum sannur heiður.



- asi

Fjölskyldan saman á tónleikum

Ellen Kristjánsdóttir söngkona og fjölskylda hennar undirbúa nú tónleika sem bera einfaldlega yfirskriftina *Ellen Kristjáns og fjölskylda*. Fjölskyldumeðlimir eru allir mjög tónelskir og hafa vakið athygli á tónlistarsviðinu. Eiginmaður hennar, **Eyþór Gunnarsson**, er hljómborðsleikari, dæturnar **Sigríður**, **Elísabet** og **Elín** skipa hljómsveitina *Sísí Ey* og yngsta barnið, sonurinn **Eyþór Ingi**, er einnig í tónlist. Öll spila þau svo saman á tónleikunum sem verða í *Salnum* í *Kópavogi* þann 13. febrúar næstkomandi.



Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Umfjöllun, viðtöl og myndir: Ísland - Pýskaland 25-24 | Strákarnir kvöddu með sigri
- 2 Tuttugu boðið til Katar | Einar „Ríffill“ fer með
- 3 „Frjáls fjölmiðlun er ekkert vinsæl hjá þeim sem hafa vondan málstað“
- 4 „Ekki hvarflar að mér að gera Albaníu að fyrirmyndarlandi varðandi heilbrigðisþjónustu“
- 5 Telja sig hafa uppgötvað hvar réttað var yfir Jesú Kristi

RISA ÚTSALA
 YFIR 2000 VÖRUTEGUNDIR
ALLT AÐ 75% AFSL.
 OG ENGIN VÖRUGJÖLD!
SJÓNVÖRP ÚTVÖRP
 FERÐATAEKI BÍLTÆKI
 DVD SPILARAR MAGNARAR
 HÁTALARAR MYNDAVÉLAR
 HEYRNARTÖL BÍLHÁTALARAR
 HLJÓMBORÐ MP3 SPILARAR
 REIKNIVÉLAR VÖFLUJÁRN OFNAR
 FRVSTIKISTUR BLANDARAR HÁFAR
 ÖRBVLGJUOFNAR PRÁDLAUSIR SÍMAR
 PVOTTAVÉLAR STRAUJÁRN ISSKÁPAR
 SAMLOKUGRILL STRAUJÁRN
 HELLUBORÐ RVKSUCI
 UPPVOTTAVÉLAR

Sjá allt úrvalið á ht.is

Heimilistæki www.ht.is

SÚÐURLANDSBRAUT 26 - Sími 569 1500

VELDU NÚ ÞANN SEM AÐ ÞÉR ÞYKIR BESTUR

PÖKKUM ÞESSU SAMAN!



Tenerife

Með bros á vör í paradís...

Frá: **76.600 kr.**

Verð á mann í tvíbýli.
 Tímabil: mars - september 2015.
 Innifalið er flug með sköttum,
 gisting í 7 nætur og 5 kg í handfarangur.



Benidorm

Fjör, sólbað og eintóm gleði!

Frá: **85.600 kr.**

Verð á mann í tvíbýli.
 Tímabil: apríl - október 2015.
 Innifalið er flug með sköttum,
 gisting í 7 nætur og 5 kg í handfarangur.



Costa Brava - Barcelona

Sól og sældarlíf við Miðjarðarháfið

Frá: **86.700 kr.**

Verð á mann í tvíbýli.
 Tímabil: maí - október 2015.
 Innifalið er flug með sköttum,
 gisting í 7 nætur og 5 kg í handfarangur.



Alicante

Allt sem hugurinn girnist! Sól, strendur og unaðslegur matur

Frá: **76.200 kr.**

Verð á mann í tvíbýli.
 Tímabil: apríl - október 2015.
 Innifalið er flug með sköttum,
 gisting í 7 nætur og 5 kg í handfarangur.